Arion banki

Ársreikningur samstæðu 2023

Efnisyfirlit

bls.

Arion banki helstu atriði 3

Skýrsla og áritun stjórnar og bankastjóra 4

Áritun óháðs endurskoðanda 12

Rekstrarreikningur 15

Yfirlit um heildarafkomu 16

Efnahagsreikningur samstæðunnar 17

Yfirlit um breytingar á eigin fé 18

Yfirlit um sjóðstreymi 20

Skýringar við samstæðureikninginn 22

5 ára yfirlit 95

Viðaukar (óendurskoðaðir) 96

Arion banki
Helstu atriði 2023

13,6%
Arðsemi eigin fjár

44,7%
Hlutfall kostnaðar af kjarnastarfsemi

19,7%
Hlutfall eiginfjárþáttar 1

Arðsemi eigin fjár (%)



Hlutfall kostnaðar af kjarnastarfsemi (%)



Vaxtamunur (%)



Heildar eignir (ma.kr.)



Útlán til viðskiptavina (%)



Hlutfall eiginfjárþáttar 1 (%)



Lausafjárhlutfall (%)



S&P
Langtíma: BBB
Skammtíma: A-2
Horfur: Stöðugar

Moody's
Langtíma: A3
Sértryggð útgáfa: Aa2
Horfur: Stöðugar

THE BANKER
BANK OF THE YEAR 2023
ICELAND

SUSTAINALYTICS
ESG INDUSTRY TOP RATED 2023

UNEP FINANCE INITIATIVE
PRINCIPLES FOR RESPONSIBLE BANKING

Skýrsla og áritun stjórnar og bankastjóra

Ársreikningur samstæðu Arion banka fyrir árið 2023 samanstendur af ársreikningi Arion banka hf. („bankans") og dótturfélaga hans, en saman er vísað til þeirra sem „samstæðunnar".

Um Arion banka

Arion banki og dótturfélög veita íslensku samfélagi alhliða fjármálaþjónustu. Hlutverk Arion er að liðsinna þeim sem vilja ná árangri á Íslandi og víðar á norðurslóðum með snjöllum og traustum fjármálalausnum sem efla fjárhagslegt heilbrigði og stuðla að sjálfbærri verðmætasköpun. Bankinn leggur áherslu á að byggja upp langtímaviðskiptasamband við viðskiptavini sína og nýtur sérstöðu hvað varðar framsækna og nútímalega fjármálaþjónustu.

Arion banki þjónar einstaklingum, fyrirtækjum og fjárfestum á þremur þjónustusviðum; viðskiptabankasviði, fyrirtækja- og fjárfestingarbankasviði og mörkuðum. Dótturfélögin Stefnir og Vörður auka enn frekar þjónustuframboð bankans. Stefnir er eitt stærsta sjóðastýringarfyrirtæki landsins og Vörður tryggingar býður upp á skaða- og líftryggingar og er það tryggingafélag á Íslandi sem vex nú hraðast. Að auki býður bankinn upp á lífeyrisþjónustu og eru nokkrir lífeyrissjóðir í rekstri bankans. Þannig er þjónustuframboð Arion einstakt hvað fjölbreytni varðar.

Fjölbreytt þjónustuframboð felur jafnframt í sér að tekjugrunnur starfseminnar er breiður og dreifist lánasafn bankans vel á milli einstaklinga og fyrirtækja. Þá felur hátt hlutfall íbúðalána og góð dreifing útlána á milli atvinnugreina í sér markvissa áhættustýringu.

Arion hefur verið í forystu á sviði stafrænna lausna og nýsköpunar enda er stór hluti þjónustunnar aðgengilegur í Arion appinu. Umfang stafrænnar þjónustu gerir þjónustuna einstaklega þægilega fyrir viðskiptavini og eykur skilvirkni í starfseminni. Að auki hefur bankinn gegnt forystuhlutverki þegar kemur að þjónustu og ráðgjöf við fyrirtæki og fjárfesta og uppbyggingu hlutabréfamarkaðar hér á landi.

Arion banki hefur sett sér skýra stefnu varðandi sjálfbærni starfseminnar og umhverfis- og loftslagsmál. Viðskiptavinum stendur til boða margvísleg græn fjármálaþjónusta, svo sem grænn bílalán, fyrirtækjalán, innlán og íbúðalán. Arion banki hefur gefið út heildstæða græna fjármálaumgjörð sem nær til fjármögnunar bankans og lánveitinga. Þannig hefur bankinn skuldbundið sig til að nýta það fjármagn, sem hann sækir á lánsfjármörkuðum í tengslum við grænu umgjörðina, í grænn lán til fyrirtækja og einstaklinga eins og þau eru skilgreind í umgjörðinni.

Arion banki er fjárhagslega sterkur banki sem leggur metnað í að starfa með arðsömum hætti í sátt við samfélag og umhverfi. Bankinn leggur áherslu á samkeppnishæfar arðgreiðslur til hluthafa og er skráður á aðallista kauphallanna Nasdaq Iceland og Nasdaq Stockholm.

Starfsemi á árinu

Rekstrarreikningur

Hagnaður ársins nam 25.7 milljörðum króna og arðsemi eigin fjár var 13,6%. Hagnaður á hlut nam 17,8 krónum. Rekstrartekjur af kjarnastarfsemi, sem skilgreind hefur verið sem hreinar vaxtatekjur, hreinar þóknanatekjur og hreinar tekjur af tryggingum (án rekstrarkostnaðar), jukust um 7,3% milli ára. Hreinar vaxtatekjur jukust um 11,2% frá fyrra ári, aðallega vegna hækkunar á stýrivöxtum og 6% vaxtar lánabókarinnar á árinu. Vaxtamunurinn hélst óbreyttur milli ára eða 3,1% þar sem fjármögnunarkostnaður innlána og lántöku hefur aukist. Þóknanatengd starfsemi heldur fyrri styrk þrátt fyrir minni umsvif í efnahagsumhverfinu og markaðsviðskiptum. Starfsemi Varðar styrkist á milli ára og jukust iðgjaldatekjur um 15,3% en tjónin um 17,7%, einkum vegna þunga í brunatjónum á árinu 2023. Markaðsaðstæður voru krefjandi framan af ári sem hafði áhrif á hreinar fjármunatekjur en jákvæður viðsnúningur varð á síðasta ársfjórðungi sem skilaði 1.366 milljóna króna hreinum tekjum á árinu í heild. Aðrar tekjur voru góðar einkum vegna 1,6 milljarða króna matsbreytingar á fjárfestingareigninni Blikastöðum. Rekstrarkostnaður, að meðtöldum rekstrarkostnaði af tryggingastarfseminni, hækkaði um 6,8% sem er undir hækkun á verðbólgu. Kostnaðarhlutfall á kjarnatekjur ársins var 44,7%, að meðtöldum rekstrarkostnaði af tryggingastarfseminni, samanborið við 45,0% árið 2022. Reiknuð niðurfærsla var 0,12% á árinu sem er lægra en það sem reikna má með á lánasafn bankans yfir líftíma þess en er engu að síður lakara en á árinu 2022 þegar niðurfærslan var jákvæð.

Efnahagsreikningur

Efnahagsreikningur samstæðunnar stækkaði um 4,1% á árinu. Útlán til viðskiptavina jukust um 6,3%. Aukningin var 8,2% í lánum til fyrirtækja og 4,6% í lánum til einstaklinga, einkum húsnæðislán. Innlán jukust um 4,9%, einkum frá einstaklingum og fyrirtækjum. Eigið fé samstæðunnar í lok árs nam 199.301 milljónum króna. Eiginfjárhlutfall samstæðunnar, reiknað samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki, var 24,1% í árslok og hlutfall almenns eiginfjárþáttar 1 var 19,7%, þegar tekið hefur verið tillit til um það bil 13 milljarða króna arðgreiðslu. Hlutföllin eru töluvert umfram þær kröfur sem Fjármálaeftirlitið gerir og ákvæði í lögum. Lausafjárstaða bankans var einnig mjög sterk í lok ársins og vel yfir lögbundnum lágmörkum.

IFRS 17 Vátryggingasamningar

Samstæðan innleiddi *IFRS 17 Vátryggingasamningar* þann 1. janúar 2023. Áhrif innleiðingarinnar á samstæðureikninginn eru sýnd í skýringum 1 og 2.

Eldvirkni á Reykjanesskaga

Í kjölfar þeirra atburða sem hófust í nóvember 2023 á Reykjanesskaga hefur Arion banki boðið þeim íbúum Grindavíkur sem eru með íbúðalán hjá bankanum að frysta ibúðalán sín og fella niður vexti og verðbætur á lánunum til aprílloka 2024. Bankinn mun áfram fylgjast grannt með stöðu mála í Grindavík og leggja sitt af mörkum til að styðja við samfélagið þar. Sjá frekari umfjöllun í skýringu 44.

Skýrsla og áritun stjórnar og bankastjóra

Fjárhagsleg markmið Arion banka samanborið við rekstrarniðurstöður ársins

	Rauntölur 2023	Fjárhagsleg markmið Arion banka
Arðsemi eigin fjár	13,6%	Umfram 13%
Kjarnatekjur / áhættuvegnar eignir	7,1%	Umfram 6,7%
Vöxtur tryggingaiðgjalda	15,0%	Vöxtur eigin iðgjalda verði meira en 3 prósentustigum hærri en vöxtur innlends tryggingamarkaðar (Vöxtur eigin iðgjalda á Íslandi var 10,2% fyrir 9M 2023)
Kostnaður / kjarnatekjur	44,7%	Undir 48%
Hlutfall almenns eiginfjárþáttar 1	480 bps	Stjórnendaauki sem nemur 1,5–2,5 prósentustigum (16.4 – 17.4% miðað við hagkvæmustu eiginfjárkröfur sem og AT1 og T2 hlutföll)
Arðgreiðsluhlutfall	50%	Arðgreiðsluhlutfall í kringum 50% af hagnaði til hluthafa annaðhvort með arðgreiðslum eða endurkaupum á hlutabréfum bankans eða hvorutveggja

Horfur í starfsumhverfinu

Hægt hefur verulega á hagvexti eftir mikinn vöxt árið 2022. Landsframleiðsla var 3,8% minni á þriðja ársfjórðungi 2023 en á öðrum fjórðungi ársins og mældist hagvöxtur frá þriðja ársfjórðungi 2022 aðeins 1,7%. Þróunina má einkum rekja til samdráttar í einkaneyslu og í fjárfestingu sem aftur má rekja til aukins aðhalds peningastefnunnar. Einkaneysla dróst saman um 1,7% á þriðja ársfjórðungi á milli ára og eftirspurn virðist áfram vera að dragast saman sem sést til dæmis á því að kortavelta heimila var 5,2% lægri á fjórða ársfjórðungi miðað við árið áður. Hins vegar jókst útflutningur um 1,8% og innflutningur dróst saman um 3% þannig að hagvöxturinn er að færast frá því að vera einkaneysludrifinn í að vera útflutningsdrifinn sem er jákvætt fyrir langtímahorfur hagkerfisins.

Hagkerfið nú einkennist því af hálfgerðu reiptogi á milli Peningastefnunefndar og vinnumarkaðarins. Á meðan covid-19 faraldurinn gekk yfir höfðu stýrivextir verið í sögulegu lágmarki, og vel undir verðbólgu, og ríkið var rekið með nokkrum halla til að milda áfallið á hagkerfið. Heimilin fundu því lítið fyrir þeirri kreppu sem reið yfir. Þrálát verðbólga nú er að hluta til afleiðing þessara aðgerða en miklar launahækkanir hafa aukið verðbólguþrýsting enn frekar. Þrátt fyrir minnkandi eftirspurn og miklar launahækkanir hefur vinnumarkaðurinn haldist sterkur og mældist atvinnuleysi aðeins 3,9% í lok árs 2023 miðað við árstíðaleiðréttar tölur. Það er ekki síst ferðaþjónustu að þakka en starfsfólki í störfum tengdum flugi hefur fjölgað 20,9% á einu ári og hjá ferðaskrifstofum og tengdum þjónustum um 19,3%.

Verðbólga mældist 7,7% í lok árs 2023 og hefur lítið breyst frá því í júlí það ár, en nú er útlit fyrir að hún muni hjaðna nokkuð á næstu mánuðum og spáir greining Arion að hún muni mælast um 6,1% í mars. Hins vegar má búast við því verðbólga muni ganga hægt niður og verði að meðaltali um 5,5% yfir árið. Minni verðbólga gerir það að verkum að raunstig stýrivaxta hækkar sjálfkrafa og aðhald peningastefnunnar verður því meira að öðru óbreyttu. Það eykur rými fyrir vaxtalækkanir síðar á árinu.

Óvissan er þó mikil en tveir þættir gætu orðið afgerandi. Annars vegar niðurstöður kjarasamninga og hins vegar hvernig húsnæðisvandi Grindvíkinga verður leystur. Í upphafi kjarasamninga virtist mikill samningsvilji og útlit var fyrir að launahækkanir yrðu hóflegar. Nú hefur tónninn breyst og því virðast auknar líkur á að samið verði um umtalsverðar launahækkanir. Þótt launahækkanirnar séu jákvæðar fyrir heimilin þá gæti það á móti þýtt að stýrivextir haldist lengur háir. Greining Arion telur ólíklegt að stýrivextir verði lækkaðir fyrr en búið verði að semja bæði á almennum vinnumarkaði og hinum opinbera. Því megi í fyrsta lagi búast við lækkun stýrivaxta í maí. Hinn óvissuþátturinn snýr að aðgerðum vegna ástandsins í Grindavík. Óvíst er hvernig slíkar aðgerðir verða framkvæmdar en ríkisstjórnin hefur gefið það út að engin verði tilneyddur til þess að búa áfram í bænum og þannig ýjað að því að fólk geti fengið húsnæðið sitt bætt með einhverjum hætti, kjósi það að flytja. Ef allir Grindvíkingar, eða stór hluti þeirra, eiga eftir að kaupa sér íbúð annars staðar mun það að öllum líkindum hafa þónokkur áhrif á húsnæðismarkaðinn, jafnvel þótt farið verði í einhvers konar mótvægisaðgerðir.

Undirstöður íslensks hagkerfis eru enn sterkar þrátt fyrir hægagang og búast má við að innlend eftirspurn taki við sér á næsta ári samhliða því sem stýrivextir eru lækkaðir og að hagkerfið leiti í jafnvægi.

Skýrsla og áritun stjórnar og bankastjóra

Horfur í starfsemi bankans

Arion samstæðan vinnur markvisst að því að verða best í að mæta þörfum markhópa sinna og leiðandi fyrirtæki sem er drifkraftur árangurs viðskiptavina og samfélagsins alls. Byggir þessi sýn á langtíma viðskiptasamböndum, fjölbreyttri þjónustu og sterkri samvinnu sem undirbyggir heilstæða upplifun viðskiptavina og sjálfbærra verðmætasköpun. Rekstur samstæðunnar ber þess merki að árangur sé að nást á þessari vegferð. Árið 2023 einkenndist af áframhaldandi sterkum grunnrekstri samstæðunnar þar sem öllum helstu fjárhagslegum markmiðum var náð. Reksturinn byggir á fjölbreyttum stoðum samstæðunnar sem vega hver aðra upp í gegnum hagsveiflurnar, mynda heildrænt þjónustuframboð fyrir viðskiptavini og leiða til rekstrarhagkvæmni.

Eins og undanfarin ár þá einkenndist 2023 af töluverðum breytingum í rekstrarumhverfinu. Í slíku umhverfi felst styrkur samstæðunnar einmitt í fjölbreyttum stoðum og kröftugum innviðum en á sama tíma sveigjanleika til að bregðast við breytingum í umhverfinu. Verðbólga og vaxtahækkanir hafa einkennt hagkerfið og það er jákvætt að áfangar séu að nást við að koma böndum á verðbólguna því þannig færumst við nær jafnvægi í hagkerfinu. Ljóst er þó að kjarasamningar munu spila stórt hlutverk vaðrandi þróunina á næstu vikum og mánuðum. Eldgos á Reykjanesskaga var svo annað stórt viðfangsefni á árinu. Samstæðan hefur staðið þétt með viðskiptavinum sínum á svæðinu á þessum erfiðu tímum og mun gera það áfram.

Arion er sem áður í sterkri stöðu til að takast á við breytingar í umhverfinu, með sterkar og fjölbreyttar stoðir rekstursins, há eiginfjárhlutföll í alþjóðlegum samanburði og mjög góða lausafjárstöðu.

Þann 1. mars mun Arion banki halda fjárfestadag í höfuðstöðvum sínum þar sem framkvæmdastjórn mun kynna helstu stefnumótandi verkefni rekstrareininganna og skerpa á markmiðum næstkomandi ára.

Starfsmenn

Í lok árs voru 822 stöðugildi hjá samstæðunni samanborið við 781 í lok árs 2022.

Arion banki og Vörður eru með kaupaukakerfi sem tók gildi árið 2021 og nær til allra starfsmanna félaganna. Kerfið er í samræmi við reglur Fjármálaeftirlitsins um kaupaukagreiðslur starfsfólks fjármálafyrirtækja. Í grunninn er kerfið tvíþætt, annars vegar getur starfsfólk fengið allt að 10% af föstum árslaunum í kaupauka en hins vegar getur afmarkaður hópur fengið allt að 25% af föstum árslaunum í kaupaukagreiðslu og þá í formi hlutabréfa í bankanum. Af 25% hlutanum koma 60% til afhendingar strax en eru háð þriggja ára sölubanni. Eftirstæð 40% eru afhent að fjórum til fimm árum liðnum. Sá mælikvarði sem sker úr um hvort greiddur verður kaupauki, að hluta eða öllu leyti, er arðsemi bankans á viðkomandi ári og að hún sé hærri en vegið meðaltal arðsemi helstu keppinauta bankans. Stefnir er með sérstakt kaupaukakerfi þar sem aðrir mælikvarðar eru lagðir til grundvallar. Frá árinu 2021 hefur Arion banki jafnframt verið með kaupréttaráætlun fyrir allt starfsfólk bankans, Varðar og Stefnis, sem talin er mikilvægur þáttur í að samþætta hagsmuni starfsfólks við langtímahagsmuni bankans. Kaupréttaráætlunin var upphaflega til fimm ára þar sem starfsfólk hefur rétt til að kaupa hlutabréf árlega fyrir allt að 1.500 þúsund krónur í hvert sinn. Kaupgengi ræðst af meðalverði hlutabréfa bankans 10 daga fyrir undirritun kaupréttarsamnings.

Fjármögnun og lausafjárstaða

Fjármögnun og lausafjárstýring einkenndust af sterkri lausafjárstöðu og áframhaldandi vexti innlána. Lausafjárstaða bankans var vel umfram lágmarksviðmið og lausafjárhlutfall í árslok 2023 var 192%, en lágmarkshlutfall er 100%. Sterk lausafjárstaða er tilkomin vegna fjármögnunar á heildsölumarkaði auk þess sem innlán frá viðskiptavinum jukust um 5,0%, úr 755 milljörðum króna í 793 milljarða króna.

Í maí 2023 gaf Arion banki út almenn skuldabréf að upphæð 300 milljónir evra til þriggja ára. Skuldabréfin bera 7,25% fasta vexti sem jafngilda 407 punkta álagi yfir millibankavöxtum í evrum. Sterk eftirspurn var eftir skuldabréfunum frá fjölbreyttum hópi fjárfesta á alþjóðlegum skuldabréfamarkaði. Í heild bárust tilboð fyrir rúmlega 600 milljónir evra frá yfir 70 fjárfestum frá meira en 15 löndum í Evrópu og Asíu. Samhliða útgáfunni tilkynnti Arion banki um endurkaupatilboð til eigenda 300 milljóna evra skuldabréfaútgáfu bankans sem er á gjaldaga í maí 2024.

Arion banki lauk í nóvember útboði á nýjum verðtryggðum flokki almennra skuldabréfa. Nýi flokkurinn ARION 28 1512 fékk góðar viðtökur og seldi bankinn 8.740 milljónir króna á ávöxtunarkröfunni 4,40% í flokknum sem er verðtryggt vaxtagreiðslubréf. Lokagjalddagi er 15. desember 2028.

Arion banki hélt áfram útgáfu sinni á sértryggðum skuldabréfum. Á árinu 2023 voru gefin út sértryggð skuldabréf fyrir 44,4 milljarða króna (þar af voru 22.6 milljarðar króna til eigin nota).

Alþjóðlega lánshæfismatsfyrirtækið Moody's Investors Service veitti Arion banka í fyrsta sinn lánshæfiseinkunn á sértryggð skuldabréf. Arion banki fékk langtímaeinkunnina Aa2 sem útgefandi sértryggðra skuldabréfa í evrum. Um er að ræða hæstu lánshæfiseinkunn íslensks útgefanda. Á árinu fékk Arion banki hækkun á lánshæfiseinkunn sem útgefandi óveðtryggðra skuldabréfa úr Baa1 í A3. Einnig var lánshæfismat langtíma og skammtíma innlána hækkað úr A3/P-2 í A2/P-1. Horfum var jafnframt breytt úr jákvæðum í stöðugar.

Í maí staðfesti alþjóðlega lánshæfismatsfyrirtækið S&P Global Ratings (S&P) lánshæfismat Arion banka, BBB, og breytti horfum úr stöðugum í neikvæðar. Í nóvember var horfum breytt aftur í stöðugar.

S&P hækkaði lánshæfismat sértryggðra skuldabréfa Arion banka frá A í A+ með stöðugum horfum. Lánshæfi sértryggðra skuldabréfa er nú það sama og einkunn íslenska ríkisins hjá S&P.

Skýrsla og áritun stjórnar og bankastjóra

Eigið fé, áhættuvegnar eignir og arðgreiðslur

Arðgreiðslustefna Arion banka kveður á um að bankinn greiði sem nemur 50% af hagnaði í arð auk þess sem frekari arðgreiðslur eða endurkaup eigin hlutabréfa geti farið fram þegar bankinn ræður yfir eigin fé sem er umfram kröfur eftirlitsaðila að viðbættum stjórnendaauka. Bankinn hefur það að markmiði að viðhalda hlutfalli almenns eigin fjár þáttar 1 sem er 150-250 bps yfir kröfum eftirlitsaðila. Til skemmri tíma horfir bankinn einnig til viðmiða matsfyrirtækja við eiginfjárstýringu. Þetta á einkum við um BBB einkunn bankans frá Standard & Poor's, en til þess að viðhalda þeirri einkunn þarf bankinn að auka við eigið fé þáttar 1 þannig að hlutfall þess sé á bilinu 4-5 prósent af áhættugrunni yfir lögbundnum eiginfjárkröfum. Útgefandaeinkunn Arion banka frá Moody's er A3, og horfur metnar stöðugar.

Stjórn bankans leggur til að um 13 milljarða króna arður verði greiddur á árinu 2024 vegna ársins 2023 sem, að teknu tilliti til eigin bréfa bankans, samsvarar 9,0 krónum á hlut. Í mars 2023 greiddi Arion banki út 12,5 milljarða króna arð sem samsvaraði 8,5 krónum á hlut.

Þann 10. júlí 2023 birti Fjármálaeftirlitið niðurstöður könnunar- og matsferlis (SREP) hjá Arion banka byggt á fjárhagsupplýsingum frá árslokum 2022. Viðbótareiginfjárbinding undir stoð 2 var ákvörðuð 2,1% af áhættugrunni (REA). Þetta var lækkun um 1,4 prósentustig frá fyrra ári.

Í mars 2023 tilkynnti Seðlabankinn að sveiflujöfnunaraukinn yrði hækkaður úr 2% í 2,5% frá 15. mars 2024. Að öðru óbreyttu mun heildareiginfjárkrafa Arion banka hækka sem því nemur.

Eiginfjárstaða Arion banka er mjög sterk og mun haldast þannig um fyrirsjáanlega framtíð. Þessi góða staða er grundvöllur getu bankans til að styðja við viðskiptavini sína og íslenskt efnahagslíf á tímum þar sem hættur steðja að vegna óróa í alþjóðastjórnmálum, hárra vaxta, verðbólgu og náttúruvár.

Eiginfjárhlutfall samstæðunnar var 24,1% þann 31. desember 2023 og hlutfall almenns eigin fjár þáttar 1 var 19,7%. Við útreikning á hlutfallinu er tekið tillit til fyrirsjáanlegrar útgreiðslu eigin fjár í formi arðs og endurkaupa. Til samanburðar er heildareiginfjárkrafa Arion banka 19,3% og krafa um hlutfall almenns eigin fjár þáttar 1 14,9%, að teknu tilliti til eiginfjárauka.

Áhættugrunnur samstæðunnar hækkaði um 27,6 milljarða króna á árinu 2023. Áhættuvegin staða vegna lánveitinga til viðskiptavina jókst um 25,3 milljarða króna og vegna rekstraráhættu um 9,5 milljarða króna. Áhættuvegin staða vegna mótaðilaáhættu lækkaði um 7,2 milljarða króna á árinu. Aðrar hreyfingar voru smærri.

Skilavald Seðlabanka Íslands samþykkti skilaáætlun Arion banka þann 17. október 2023. Samhliða því ákvarðaði skilavaldið lágmarkskröfu um eigið fé og hæfar skuldbindingar (MREL) í samræmi við lög nr. 70/2020 um skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja. Krafan er tvíþætt, annars vegar um hlutfall af áhættugrunni, 20,2%, og hins vegar um hlutfall af heildaráhættuskuldbindingum, 6,0%. Bankinn uppfyllir þessar kröfur að fullu. Ráðgert er að krafa um undirskipan tiltekins hlutfalls eiginfjárgrunns og hæfra skuldbindinga taki gildi á Íslandi á þriðja ársfjórðungi 2026.

Samstæðan og eignarhald

Meginvettvangur upplýsingagjafar og tillagna sem stjórn Arion banka leggur fyrir hluthafa er á löglega boðuðum hluthafafundum en samskipti milli stjórnar og hluthafa á milli funda fara að öðru leyti eftir skilvirku og aðgengilegu fyrirkomulagi. Allar upplýsingar sem skilgreinast sem viðkvæmar markaðsupplýsingar eru birtar í kauphallartilkynningum sem MAR tilkynningar. Bankinn skipuleggur jafnframt ársfjórðungslega fundi fyrir markaðsaðila þar sem bankastjóri, fjármálastjóri og fulltrúar fjárfestatengsla kynna árshlutauppgjör bankans. Jafnframt hefur bankinn haldið markaðsdag bankans í tvígang í nóvember árin 2019 og 2021 þar sem farið var yfir árangur og áherslur í rekstri á komandi misserum. Næsti markaðsdagur verður haldinn 1. mars 2024.

Í lok desember 2023 var Gildi lífeyrissjóður stærsti hluthafi í Arion banka með 9,85% eignarhlut. Arion banki átti 0,95% eigin hluti í árslok 2023. Fjöldi hluthafa var 10.906 í lok ársins en 12.059 í upphafi þess. Frekari upplýsingar um hluthafa Arion banka að finna í skýringu 38. Á aðalfundi bankans í mars 2023 var samþykkt lækkun á hlutafé með jöfnun á 50 milljónum eigin hluta bankans, sem samsvarar 50 milljónum að nafnverði. Lækkunin var gerð 25. apríl 2023.

Áhættustýring

Samstæðan stendur frammi fyrir ýmis konar áhættum sem tengjast starfsemi hennar sem fjármálafyrirtækis og stafa af daglegum rekstri. Áhættustýring er því grundvallarþáttur í starfi samstæðunnar. Grunnstoðir virkrar áhættustýringar felast í greiningu verulegrar áhættu, mælingu á áhættu, aðgerðum til þess að takmarka áhættu og stöðugri vöktun áhættuþátta. Áhættustýringarferlið og geta samstæðunnar til að stýra og verðleggja áhættuþætti er ómissandi þáttur í að tryggja áframhaldandi arðsemi samstæðunnar, svo og til að tryggja að áhættu hennar sé haldið innan viðunandi marka. Stjórn bankans ber endanlega ábyrgð á áhættustýringarkerfi hans og ber að tryggja að viðunandi áhættustefnur og stjórnarhættir séu ákvarðaðir til þess að fylgjast með áhættuþáttum. Áhættustýringu samstæðunnar, uppbyggingu hennar og helstu áhættuþáttum er lýst í skýringum með ársreikningnum og í óendurskoðaðri áhættuskýrslu bankans.

Skýrsla og áritun stjórnar og bankastjóra

Stjórnarhættir

Á aðalfundi bankans þann 15. mars 2023 voru sex stjórnarmenn kjörnir til eins árs, þrjár konur og þrír karlar. Að auki voru kjörnir tveir varamenn stjórnar, ein kona og einn karl. Allir stjórnar- og varamenn eru óháðir Arion banka og daglegum stjórnendum hans sem og stórum hluthöfum bankans. Kynjahlutfall er í samræmi við lagakröfur sem segja að fyrirtæki með fleiri en 50 starfsmenn skuli tryggja að hlutfall hvors kyns í stjórn félagsins sé ekki lægra en 40%.

Stjórn Arion banka hf. hefur tileinkað sér góða stjórnarhætti og einsetur sér að stuðla að og styðja við ábyrga hegðun og fyrirtækjamenningu og opin og traust samskipti bankans, hluthafa og annarra hagsmunaaðila. Stjórn Arion banka fer með æðsta vald í málefnum bankans á milli hluthafafunda og annast þann þátt rekstrar bankans sem ekki telst til daglegs rekstrar, þ.e. tekur ákvarðanir um mál sem eru óvenjuleg eða mikils háttar. Stjórn Arion banka ræður bankastjóra sem fer með daglegan rekstur í samræmi við þá stefnu sem hún setur. Bankastjóri ræður framkvæmdastjórn.

Undirnefndir stjórnar eru fimm, endurskoðunarnefnd, áhættunefnd, lánanefnd, starfskjaranefnd og tækninefnd. Einn nefndarmaður í endurskoðunarnefnd stjórnar er ekki stjórnarmaður og er óháður bæði bankanum og hluthöfum hans.

Helstu hlutverk stjórnar, sem nánar eru tilgreind í starfsreglum stjórnar, eru m.a. að staðfesta stefnu bankans, hafa eftirlit með fjárreiðum og bókhaldi og að tryggja viðeigandi innra eftirlit. Stjórn tryggir að innan bankans starfi virk innri endurskoðunardeild, regluvarsla og áhættustýring. Innri endurskoðandi er skipaður af stjórn og starfar óháður öðrum deildum bankans, í samræmi við erindisbréf stjórnar. Innri endurskoðandi veitir óháða og hlutlæga staðfestingu og ráðgjöf sem ætlað er að vera virðisaukandi og bæta rekstur bankans. Regluvörður, sem heyrir beint undir bankastjóra, starfar sjálfstætt innan bankans, í samræmi við erindisbréf stjórnar. Meginhlutverk regluvörslu er að draga úr hættu á því að reglur séu brotnar í rekstri bankans með fyrirbyggjandi aðgerðum. Þá sér regluvarsla um að samhæfa aðgerðir bankans gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Regluvarsla starfar samkvæmt áhættumiðaðri starfsáætlun samþykktri af stjórn, þar sem meðal annars er kveðið á um reglulegt eftirlit og reglulega fræðslu fyrir starfsfólk um þær lagakröfur sem bankinn starfar eftir.

Stjórnarháttum Arion banka er nánar lýst í stjórnarháttayfirlýsingu bankans sem má finna í óendurskoðuðum viðauka við ársreikninginn og á heimasíðunni www.arionbanki.is. Stjórnarháttayfirlýsingin byggir á lögum og reglum og viðurkenndum leiðbeiningum sem í gildi eru á þeim tíma sem ársreikningur bankans er staðfestur af stjórn. Yfirlýsingin er gerð í samræmi við leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja, 6. útgáfu, útgefinni af Viðskiptaráði Íslands, Samtökum atvinnulífsins og Kauphöll Íslands í febrúar 2021. Stjórnarhættir bankans eru í samræmi við leiðbeiningarnar að tveimur tilvikum undanskildum, sem nánar eru tilgreind í stjórnarháttaryfirlýsingunni.

Í september tók Birna Hlín Káradóttir, sem hefur verið yfirlögfræðingur bankans síðan 2019 við sem framkvæmdarstjóri á nýju sviði bankans, reksturs og menningar. Sviðið tók við margvíslegum verkefnum sem áður heyrðu undir önnur svið bankans. Á sviði reksturs og menningar er einnig ný umbreytingardeild. Þessar breytingar eru til þess gerðar að stuðla að betra og nánara samstarfi á milli stoðdeilda, skila meiri skilvirkni í rekstri, stýra umbreytingarverkefnum á skilvirkari hátt og koma á skýrari áherslu á þjónustu og upplifun viðskiptavina. Rekstur og menning mun einnig gegna lykilhlutverki í áframhaldandi mótun fyrirtækjamenningar Arion banka. Undir nýja svið reksturs og menningar heyrir, mannauður, viðskiptaumsjón, rekstrarumsjón, umbreyting og lögfræðiþjónusta.

Sjálfbærni og ófjárhagsleg upplýsingagjöf

Arion banki leggur áherslu á umhverfis- og félagsþætti í sinni starfsemi og góða og vandaða stjórnarhætti og er viðskiptalíkani bankans lýst framar í þessari skýrslu. Hlutverk okkar er að liðsinna þeim sem vilja ná árangri á Íslandi og víðar á norðurslóðum með snjöllum og traustum fjármálalausnum sem efla fjárhagslegt heilbrigði og stuðla að sjálfbærri verðmætasköpun.

Yfirskrift stefnu bankans um sjálfbærni er saman látum við góða hluti gerast og felur meðal annars í sér að við viljum vera öðrum fyrirmynd um ábyrga og arðbæra viðskiptahætti sem taka mið af umhverfi og samfélagi. Hjá Arion banka leggjum við áherslu á að samfélagsábyrgð og sjálfbærni séu hluti af daglegri starfsemi bankans, ákvarðanatöku og ferlum. Siðareglur bankans eru viðmið fyrir starfsfólk til að stuðla að ábyrgri ákvarðanatöku.

Í bankanum er starfandi sjálfbærninefnd og stýring á áhættum í tengslum við umhverfis- og félagsþætti og stjórnarhætti (UFS) skilgreind sem hluti af áhættustýringarkerfi bankans. Bankastjóri er formaður nefndarinnar sem hefur það meginhlutverk að fylgjast með frammistöðu bankans í tengslum við stefnu og skuldbindingar á sviði sjálfbærni og tryggja að tillit sé tekið til UFS þátta í ákvarðanatöku og áætlunum. Græn fjármögnunarnefnd og jafnréttisnefnd bankans heyra undir nefndina.

Bankinn hefur sett sér áhættustefnu um sjálfbærni sem er samþykkt af stjórn og er endurskoðuð árlega. Í þeirri stefnu kemur meðal annars fram að bankinn leitist við að tryggja að starfsemi hans og þjónusta hafi ekki í för með sér neikvæð áhrif á fólk eða umhverfi. Einnig kemur þar fram að bankinn styðji aðgerðaáætlun Íslands í loftslagsmálum sem sett hefur verið fram með það að markmiði að standast skuldbindingar Parísarsamkomulagins og að metnaðarfull áform um kolefnishlutleysi Íslands árið 2040 náist. Lykilmælikvarðar í tengslum við umhverfis- og félagsþætti og stjórnarhætti eru hluti af mánaðarlegri áhættuskýrslu til stjórnar og áhættuvilji bankans hefur verið skilgreindur í tengslum við þá.

Bankinn hefur valið sex heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna sem bankinn leggur megináherslu á. Markmiðin sem unnið er sérstaklega að eru markmið 5 um jafnrétti kynjanna, markmið 7 um sjálfbæra orku, markmið 8 um góða atvinnu og hagvöxt, markmið 9 um nýsköpun og uppbyggingu, markmið 12 um ábyrga neyslu og framleiðslu og markmið 13 sem snýr að aðgerðum í loftslagsmálum.

Skýrsla og áritun stjórnar og bankastjóra

Samstarf á sviði sjálfbærni

Arion banki á í víðtæku samstarfi á sviði sjálfbærni og samfélagsábyrgðar, bæði innanlands og alþjóðlega og er aðili að fjölmörgum sáttmálum og sameiginlegum yfirlýsingum. Bankinn er meðal annars aðili að UN Global Compact, sáttmála Sameinuðu þjóðanna um samfélagsábyrgð fyrirtækja, meginreglum Sameinuðu þjóðanna um ábyrgar fjárfestingar (UN PRI), meginreglum Sameinuðu þjóðanna um ábyrga bankastarfsemi (UN PRB) og jafnréttissáttmála UN Women.

Á árinu 2023 undirritaði bankastjóri Arion banka, Benedikt Gíslason, yfirlýsingu tæplega 80 forstjóra norrænna fyrirtækja innan Global Compact þar sem lýst var yfir stuðningi við Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og markmið Parísarsamkomulagsins og hvatt til frekari aðgerða í loftslagsmálum svo þau markmið náist. Yfirlýsingin var sett fram í tengslum við COP28, loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna. Í lok ársins gerðist bankinn aðili að Science Based Targets initiative (SBTi) og Net-Zero Banking Alliance, samtökum banka á alþjóðavísu undir hatti Sameinuðu þjóðanna.

Á innlendum vettvangi er bankinn meðal annars kjölfesta Festu, miðstöðvar um samfélagsábyrgð og sjálfbærni og einn af stofnfélögum IcelandSIF, félags íslenskra fjárfesta um ábyrgar fjárfestingar. Þá er bankinn einn af stofnfélögum Grænvangs, samstarfsvettvangs atvinnulífs og stjórnvalda um loftslagsmál og grænar lausnir. Bankinn hefur verið aðili að loftslagsyfirlýsingu Festu og Reykjavíkurborgar frá árinu 2015 og hefur undirritað viljayfirlýsingu um Jafnvægisvog Félags kvenna í atvinnulífinu (FKA).

Stefna og aðgerðir í umhverfis- og loftslagsmálum

Arion banki hefur sett sér umhverfis- og loftslagsstefnu og markmið. Í stefnunni, sem var uppfærð í ársbyrjun 2024, er meðal annars fjallað um mikilvægi þess að bankinn lágmarki neikvæð umhverfisáhrif af starfsemi sinni og losun gróðurhúsalofttegunda. Fram kemur að bankinn beini sjónum sínum að fjármögnun verkefna sem snúa að sjálfbærri þróun og grænni uppbyggingu, styðji metnaðarfull áform Íslands um kolefnishlutleysi árið 2040 og stefni sömuleiðis á kolefnishlutleysi sama ár.

Á árinu 2023 var unnið að uppfærslu markmiða í tengslum við umhverfis- og loftslagsstefnu bankans og voru markmiðin samþykkt af sjálfbærninefnd í byrjun árs 2024. Fyrri markmið voru endurskoðuð með tilliti til þess árangurs sem bankinn hefur náð og nýjum bætt við. Markmið bankans eru endurmetin árlega með það fyrir augum að setja markið ávallt hærra.

Markmið í tengslum við umhverfis- og loftslagsmál Arion banka til ársins 2030:

- Hlutfall sjálfbærra lánveitinga verði a.m.k. 20% af heildar lánabók bankans.
- Dregið verði úr losun gróðurhúsalofttegunda sem hlýst af eigin starfsemi (umfang 1 og 2) um 80% m.v. árið 2015 og sú losun sem eftir stendur verði kolefnisjöfnuð.
- Stöðugt verði unnið að því að ná betur utan um losun vegna aðkeyptra vara og þjónustu (umfang 3) í starfsemi bankans.
- Stuðlað verði að samdrætti í fjármagnaðri losun í þeim atvinnugreinum sem hafa hvað mest áhrif (umfang 3) í samræmi við markmið um kolefnishlutleysi árið 2040. Nýjustu markmið eru birt árlega í skýrslu bankans um fjármagnaða kolefnislosun.
- Markmið í tengslum við fjármagnaðan útblástur séu samþykkt af SBTi.

Arion banki gaf út heildstæða græna fjármálaumgjörð á árinu 2021 og hefur síðan þá farið í fjórar grænar skuldabréfaútgáfur sem byggja á þeirri umgjörð. Eftir góðan vöxt grænna lánveitinga á milli áranna 2021 og 2022 lækkaði hlutfall grænna lánveitinga af heildarlánasafni bankans lítillega á árinu 2023 og var í árslok 10,7%. Markmið bankans var að koma hlutfalli lánveitinga sem falla undir græna fjármálaumgjörð í að minnsta kosti 20% árið 2030. Það markmiðið var endurskoðað í byrjun árs 2024 og framvegis mun það ná til bæði grænna lána og lána sem stuðla að jákvæðri þróun samfélagsins. Á árinu 2023 hófst vinna við endurskoðun grænnar fjármálaumgjarðar sem m.a. snýr að því að fella einnig undir hana lán sem hafa jákvæð samfélagsleg áhrif. Þeirri vinnu mun ljúka á árinu 2024.

Í útlánastefnu bankans er lögð áhersla á sjálfbærni og í lánareglum er kveðið á um að meta skuli UFS þætti þegar þörf er á lánshæfismati eða fyrirtæki uppfyllir skilyrði 66. gr.d. laga um ársreikninga.

Í uppfærðum markmiðum bankans kemur fram að bankinn vinni að því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda um 80% í eigin starfsemi fyrir árið 2030, þ.e. vegna húsnæðis og bíla í rekstri bankans. Í lok árs 2023 hafði bankinn dregið úr losun vegna þessara þátta um 75,5% frá viðmiðunarárinu 2015. Bankinn kaupir árlega vottaðar kolefniseiningar á móti losun sem er á beinni ábyrgð bankans og vegna annarra þátta í tengslum við starfsemina svo sem vegna viðskiptaferða, úrgangs og samgangna starfsfólks til og frá vinnu.

Samhliða árs- og sjálfbærniskýrslu 2023 birtir bankinn í annað sinn skýrslu um fjármagnaða kolefnislosun Arion banka sem byggir á aðferðafræði Partnership for Carbon Accounting Financials (PCAF). Um er að ræða losun frá lánveitingum og fjárfestingum bankans. Meðal annars kemur fram í skýrslunni að losunarkræfni útlánasafns bankans sé með svipuðum hætti á milli ára en hafi þróast með örlítið jákvæðum hætti, en losunarkræfni er skilgreind sem útblástur gróðurhúsalofttegunda á hverja lánaða milljón. Losunarkræfni lána til viðskiptavina lækkaði úr 0,154 ktCO2í/ISKm í 0,151 ktCO2í/ISKm eða um 2%. Af útlánum vega fyrirtækjalán mest en 90% allrar losunar frá útlánum er vegna þeirra. Samdráttur í losunarkræfni var 5,1% milli ára í þeim lánaflokki. Í skýrslunni eru sett fram fyrstu loftslagsmarkmiðin í tengslum við niðurstöður fjármagnaðs útblásturs og eru þar stigin mikilvæg skref í markmiðasetningu bankans til ársins 2030. Stefnt er á að fá loftslagsmarkmið bankans samþykkt af Science Based Targets initiative (SBTi) innan tveggja ára.

Mannauður

Stefna Arion banka í mannauðsmálum miðar að því að skapa jákvætt og hvetjandi vinnuumhverfi og styðja við starfsfólk. Lögð er rík áhersla á að halda í og laða að framúrskarandi starfsfólk og styðja við það í faglegum og persónulegum vexti. Bankinn hefur sett sér stefnu í fræðslumálum með það að markmiði að starfsfólk efli og viðhaldi þekkingu og hæfni, sé ávallt vel upplýst og þekki til þeirra laga og reglna sem gilda um þeirra starfssvið. Þá er starfsfólk hvatt til að taka frumkvæði og ábyrgð á eigin þekkingu og færni.

Skýrsla og áritun stjórnar og bankastjóra

Arion vísitalan er könnun sem send er reglulega til alls starfsfólks bankans og mælir meðal annars upplifun starfsfólks á eigin störfum, starfsumhverfi og líðan á vinnustað. Niðurstöður vísitölunnar á árinu gefa til kynna að starfsfólki líður almennt vel í vinnunni og er ánægt með starfsumhverfið. Meðaltal Arion vísitölunnar á árinu var 4,38 á kvarðanum 1-5. Þá sýndu niðurstöður vinnustaðagreiningar að 93% starfsfólks er ánægt með vinnustaðinn og helgun starfsfólks mælist 4,27 á kvarðanum 1-5.

Bankinn hefur sett sér skýra jafnréttis- og mannréttindastefnu og aðgerðaáætlun til þriggja ára. Markmið stefnunnar og áætlunarinnar er að skapa umhverfi þar sem fólk með sambærilega menntun, starfsreynslu og ábyrgð býr við jöfn tækifæri og kjör, án tillits til kyns, kynvitundar, kynhneigðar, uppruna, þjóðernis, litarhafts, aldurs, fötlunar, trúar eða annarrar stöðu. Í jafnréttisáætluninni er lögð áhersla á að jafna kynjahlutföll innan bankans, ekki einungis á meðal stjórnenda heldur einnig innan starfaflokka, nefnda og starfseininga. Þegar horft er til allra stjórnenda bankans eru konur nú 44% og karlar 56%.

Frá árinu 2015 hefur bankinn unnið eftir jafnlaunakerfi og verið með jafnlaunavottun. Markmiðið er að vinna gegn kynbundnum launamun og stuðla að jafnrétti. Árið 2018 fékk Arion jafnlaunamerki velferðarráðuneytisins fyrstur íslenskra banka og þá sýndu niðurstöður launagreiningar 2,4% óútskýrðan launamun kynjanna. Frá árinu 2022 hefur verið lögð aukin áhersla á þennan málaflokk og bankinn innleiddi mánaðarlegar launagreiningar til viðbótar við jafnlaunaúttekt sem farið er í gegnum árlega. Í viðhaldsúttekt á jafnlaunakerfinu sem framkvæmd var á árinu 2023 var niðurstaðan 0,2% óútskýrður launamunur (konur hærri) samanborið við 0,4% árið 2022, en markmið er að niðurstöður launagreiningar séu undir 1%. Til viðbótar við markmið um niðurstöður launagreiningar hafa verið sett markmið um að miðgildi heildarlauna karla sem hlutfall af heildarlaunum kvenna lækki niður fyrir 1,3. Miðgildi heildarlauna karla sem hlutfall af heildarlaunum kvenna árið 2023 var 1,28 samanborið við 1,29 árið 2022 og 1,43 árið 2021. Jafnframt er horft til hlutfallsins í mismunandi starfaflokkum innan bankans.

Einelti, kynbundin eða kynferðisleg áreitni, sem og annað ofbeldi (EKKO) er ekki undir neinum kringumstæðum umborið hjá bankanum. Hjá bankanum er starfandi eineltisteymi sem ber ábyrgð á stefnu, verkferlum og fræðslu í tengslum við EKKO.

Varnir gegn spillingu og mútum

Bankinn hefur innleitt stefnu um aðgerðir gegn fjármunabrotum, svo sem peningaþvætti, fjármögnun hryðjuverka, mútum og spillingu og markaðssvikum. Stjórn bankans samþykkti á árinu sérstaka stefnu um varnir gegn mútum og spillingu með það að markmiði að setja almenna mælikvarða um málaflokkinn. Stefnan felur í sér að innan bankans ríki ekkert umburðarlyndi fyrir spillingu og mútum og að í starfseminni séu ferlar sem tryggi að starfsfólk tilkynni öll tilvik sem kunna að tengjast mútum og spillingu. Bankinn gerir sér grein fyrir að áhætta tengd mútum og spillingu er almennt til staðar á öllu sviðum fjármálastarfseminnar og hafa helstu áhættur verið greindar innan bankans sem endurmetur ráðstafanir sínar reglulega til að bregðast við helstu áhættum hverju sinni. Nánari upplýsingar um varnir gegn mútum og spillingu má finna í áhættuskýrslu bankans fyrir árið 2023.

Áhætta í tengslum við sjálfbærni

Í lok árs 2023 hófst árlegt áhættumat bankans. Matið var að þessu sinni sameinað áhættuumgjörð bankans og framkvæmt samhliða árlegu áhættumatsferli. Eðlislæg áhætta í tengslum við mannauðsmál og félagsþætti er almennt metin lág. Helsta áhættan sneri að hæfni og þróun starfsfólks ásamt jafnrétti og fjölbreytileika. Í tengslum við umhverfismál var hættan á grænþvotti og umhverfis- og loftslagsáhrif á lánveitingar og fjárfestingar metnar sem helstu áhættur. Niðurstöðurnar sýndu jafnframt að helstu áhættur bankans í tengslum við stjórnarhætti snúa að vörnum gegn peningaþvætti, brotum í tengslum við þekkingu á viðskiptavinum (KYC) og málefnum persónuverndar. Stýringar á fyrrgreindum áhættum innan bankans voru heilt yfir metnar fullnægjandi eða sterkar.

Árið 2023 tóku gildi reglur Seðlabankans nr. 772/2023 um upplýsingaskyldu fjármálafyrirtækja sem meðal annars fela í sér innleiðingu framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2022/2453 um tæknilega framkvæmdarstaðla varðandi birtingu upplýsinga um áhættu vegna umhverfisþátta, félagslegra þátta og stjórnarhátta. Evrópska bankaeftirlitið (EBA) gaf út fyrrnefnda tæknistaðla og sniðmát sem bankinn birtir nú í fyrsta sinn í áhættuskýrslu (Pillar 3) 2023. Tæknistaðlarnir byggja meðal annars á tilmælum Task Force on Climate-related Financial Disclosures (TCFD) sem bankinn hefur nýtt sér síðustu ár til að öðlast betri yfirsýn yfir áhættu tengda loftslagsbreytingum og í umfjöllun um sjálfbærniáhættu.

Áreiðanleikakönnunarferli

Starfsemi Arion banka fellur undir ákvæði ársreikningalaga um ófjárhagslega upplýsingagjöf, 66. gr. d. Upplýsingar í árs- og sjálfbærniskýrslu 2023 eru unnar og birtar samkvæmt Global Reporting Initiative, GRI Standards, sem hjálpar fyrirtækjum og stofnunum að miðla upplýsingum tengdum samfélagsábyrgð og sjálfbærni á gegnsæjan og samanburðarhæfan hátt.

Við miðlun upplýsinga um sjálfbærni í starfseminni er einnig notast við UFS viðmið Nasdaq á Norðurlöndunum og 10 grundvallarviðmið Global Compact, sáttmála Sameinuðu þjóðanna um samfélagsábyrgð. Einnig er horft til heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Í fjórða sinn er gerð grein fyrir framvindu innleiðingar á meginreglum Sameinuðu þjóðanna um ábyrga bankastarfsemi, Principles for Responsible Banking (PRB).

Á árinu 2023 tók Arion banki sín fyrstu skref í innleiðingu á ESRS staðlinum, European Sustainability Reporting Standard. Staðallinn er hluti af kröfum væntanlegrar innleiðingar á tilskipun um sjálfbærniupplýsingagjöf stórra og/eða skráðra fyrirtækja (CSRD) í íslenskan rétt. Í fyrsta sinn er því birt tvöföld mikilvægisgreining í tengslum við staðalinn en niðurstöður greiningarinnar voru fengnar með samtölum við hagaðila, könnun meðal starfsfólks og vinnustofum. Vísað er í ESRS staðalinn að hluta í umhverfisuppgjöri bankans en innleiðingu á staðlinum er hvergi nærri lokið.

Skýrsla og áritun stjórnar og bankastjóra

Á árinu 2023 tók gildi sjálfbærnilöggjöf hér á landi sem meðal annars gerir bankanum skylt að birta upplýsingar í tengslum við flokkunarkerfi Evrópusambandsins (EU Taxonomy). Bankinn birtir í fyrsta sinn upplýsingar í samræmi við flokkunarreglugerðina í viðauka við ársreikning samstæðunnar fyrir árið 2023. Þar má finna almenna umfjöllun um flokkunarreglugerðina, innleiðingu hennar hér á landi og þá starfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir.

Deloitte veitir álit með takmarkaðri vissu á upplýsingagjöf í tengslum við sjálfbærni í árs- og sjálfbærniskýrslu Arion banka samkvæmt GRI Standards og leiðbeiningum Nasdaq. Deloitte veitir jafnframt álit með takmarkaðri vissu á framvinduskýrslu bankans til PRB.

Arion banki hlaut einkunnina „framúrskarandi“ í UFS áhættumati Reitunar á árinu 2023, fjórða árið í röð. Bankinn fékk 90 stig af 100 mögulegum og er því í flokki A3. Matið byggir á árangri bankans á sviði umhverfis- og félagsþátta og stjórnarhátta. Bankinn er vel fyrir ofan meðaltal í öllum flokkum en um fjörutíu aðilar hafa farið í gegnum matið. Arion banki var einnig á árinu 2023 metinn af alþjóðlega matsfyrirtækinu Sustainalytics sem sérhæfir sig í mati á áhættu fyrirtækja þegar kemur að umhverfismálum, félagsþáttum og stjórnarháttum. Niðurstaðan var jákvæð og er bankinn að mati Sustainalytics í hópi þeirra banka sem standa hvað fremst í þessum málum á heimsvísu. Á skalanum 0-100 hlaut bankinn 10,5 stig þar sem færri stig þýða minni áhættu og er það því mat Sustainalytics að lítil hætta sé á verulegu fjárhagslegu tjóni vegna UFS þátta hjá bankanum. Arion banki er í efstu 5% þegar horft er til ríflega eitt þúsund banka um heim allan sem Sustainalytics hefur metið og í efstu 3% þegar horft er til um 400 svæðisbundinna banka.

Nánari upplýsingar um sjálfbærni og ófjárhagslegar upplýsingar má finna í árs- og sjálfbærniskýrslu Arion banka 2023 sem verður aðgengileg á vefvæði bankans 14. febrúar 2024.

Áritun stjórnar og bankastjóra

Ársreikningur samstæðu Arion banka fyrir árið 2023 er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur í lögum um ársreikninga, lögum um fjármálafyrirtæki og reglum um reikningsskil lánastofnana.

Það er álit okkar að samstæðureikningurinn gefi glögga mynd af afkomu samstæðunnar og sjóðstreymi á árinu 2023 og fjárhagsstöðu hennar 31. desember 2023. Ennfremur er það álit okkar að samstæðureikningurinn ásamt, skýrslu og áritun stjórnar og bankastjóra, gefi glögga mynd af þróun í rekstri og stöðu samstæðunnar og lýsi þeim megin áhættu- og óvissuþáttum sem samstæðan stendur frammi fyrir.

Það er álit okkar að samstæðuársreikningur Arion banka hf. fyrir árið 2023 með skráarheitið RIL4VBPDB0M7Z3KXSF19-2023-12-31-en.zip hafi í öllum meginatriðum verið gerður í samræmi við kröfur laga um upplýsingaskyldu útgefenda verðbréfa og flöggunarskyldu um sameiginlegt rafrænt skýrslusnið (ESEF reglur).

Stjórn og bankastjóri Arion banka hf. hafa í dag fjallað um samstæðureikning bankans fyrir árið 2023 og staðfesta hann hér með undirritun sinni. Stjórn og bankastjóri leggja til að samstæðureikningurinn verði samþykktur á aðalfundi Arion banka hf.

Reykjavík, 7. febrúar 2024

Stjórn

Brynjólfur Bjarnason, formaður
Paul Richard Horner, varaformaður
Gunnar Sturluson
Kristín Pétursdóttir
Liv Fiksdahl
Steinunn Kristín Þórðardóttir

Bankastjóri

Benedikt Gíslason

Áritun óháðs endurskoðanda

Til hluthafa og stjórnar Arion banka hf.

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi samstæðuársreikning Arion banka hf. fyrir árið 2023. Samstæðuársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, yfirlit um breytingu á eigin fé, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu bankans á árinu 2023, efnahag hans 31. desember 2023 og breytingu á handbæru fé á árinu 2023, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu og viðbótar kröfur, eftir því sem við á, í lögum um ársreikninga, lögum um fjármálafyrirtæki og reglur um reikningsskil lánastofnana.

Álit okkar er í samræmi við þær upplýsingar sem koma fram í endurskoðunarskýrslu okkar til endurskoðunarnefndar bankans í samræmi við 11. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 537/2014.

Grundvöllur fyrir áliti

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð Arion banka hf. í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur sem og aðrar siðareglur sem eru viðeigandi við endurskoðun á Íslandi, og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra reglna.

Samkvæmt okkar bestu vissu, höfum við ekki veitt Arion banka hf., eða þar sem við á, móðurfélagi þess eða dótturfélögum innan Evrópusambandsins, óheimilaða þjónustu sem um getur í 1. mgr. 5. gr reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 537/2014. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Megináherslur við endurskoðunina

Megináherslur við endurskoðunina eru þau atriði, sem að okkar faglega mati, hafa mesta þýðingu fyrir endurskoðun okkar á samstæðuársreikningi bankans árið 2023. Þessi atriði voru yfirfarin við endurskoðun á samstæðuársreikningnum og höfð til hliðsjónar við ákvörðun á viðeigandi áliti á honum. Í áritun okkar látum við ekki í ljós sérstakt álit á hverju þeirra fyrir sig.

Megináhersla við endurskoðun	***Hvernig við endurskoðuðum megináherslur***
Mat á virðisrýrnun útlána og ábyrgða	
Útlán til viðskiptavina samstæðunnar námu 1.161.340 milljónum króna þann 31. desember 2023 og nam færð virðisrýrnun 8.917 milljón króna (þar með talið virðisrýrnun liða utan efnahags) þann 31. desember 2023. Samstæðan gerir upp skv. IFRS 9 þar sem virðisrýrnun er færð að teknu tilliti til vænts útlánataps byggt á spálíkönum bankans. Stjórnendur hafa greint frá reikningsskilaaðferðum í tengslum við væntа virðisrýrnun í skýringu 59 og greint frá hreinni virðisbreytingu útlána og ábyrgða í skýringum 16 og 44. Ákvörðun um mat á virðisrýrnun útlána og ábyrgða er háð mati stjórnenda. Vegna mikilvægis matsins, umfangs þess og áhrifa á ársreikninginn teljum við mat á virðisrýrnun útlána og ábyrgða vera megináherslu við endurskoðun okkar. Mikilvægustu forsendur eru: • Forsendur sem notast er við í líkani fyrir vænt útlánatap til að meta líkur á alvarlegum vanskilum og framtíðar sjóðstreymi viðskiptavina. • Greina tímanlega fyrirgreiðslur með verulega aukningu í útlánaáhættu og virðisrýrðar fyrirgreiðslur. • Mat á tryggingum og forsendur sem notaðar eru við handvirkt mat á virðisrýrðum fyrirgreiðslum.	Við höfum lagt mat á virðisrýrnun útlána og ábyrgða, metið aðferðafræðina sem beitt er ásamt því að leggja mat á þær forsendur sem tilgreindar eru í lýsingu á megináherslunni, byggt á áhættumati okkar og þekkingu á fjármálafyrirtækjum. Við endurskoðun okkar lögðum við mat á innleiðingu samstæðunnar á IFRS 9. Við framkvæmdum prófanir á virðisrýrnunarlíkönum samstæðunnar og lögðum mat á þá aðferðafræði sem innleidd var fyrir útreikning á væntu útlánatapi. Skoðun okkar fólst meðal annars í eftirfarandi þáttum: • Prófun á lykileftirlitsþáttum vegna lykilforsenda sem notaðar eru í líkani fyrir vænt útlánatap til þess að meta líkur á alvarlegum vanskilum og framtíðar sjóðstreymi viðskiptavina. • Gagnaendurskoðun á forsendum sem notaðar eru í líkani fyrir vænt útlánatap. Þar með talið skoðun á forsendum sem notast er við í flokkun lána niður á þrep, forsendur sem notast er við til að leiða út líkur á vanskilum á líftíma fyrirgreiðslu og aðferðafræði við útreikning á tapi vegna alvarlegra vanskila • Prófun á lykileftirlitsþáttum og gagnaendurskoðun á því að fyrirgreiðslur með verulega aukningu í útlánaáhættu og virðisrýrðar fyrirgreiðslur séu greindar tímanlega, ásamt forsendum stjórnenda við inngrip. • Prófun á lykileftirlitsþáttum með líkönum og ferlum við mat á virði trygginga sem notað er í útreikningum á væntu útlánatapi. • Framkvæmd gagnaendurskoðunar á lánum sem metin eru handvirkt til þess að staðfesta að notast sé við viðeigandi forsendur við mat á virði útlána og ábyrgða, þar með talið forsendur um mat á virði trygginga og mat á framtíðar sjóðstreymi viðskiptavina.

Áritun óháðs endurskoðanda

Megináhersla við endurskoðun	*Hvernig við endurskoðuðum megináherslur*
Áreiðanleiki gagna frá upplýsingakerfum	
Ferli bankans við gerð fjárhagsupplýsinga er verulega háð flóknum upplýsingakerfum sem þörf er á til að sinna daglegum rekstri, sér í lagi vegna fjölda færslna sem flæða í gegnum kerfin. Við gerð samstæðuársreikningsins notar samstæðan gögn frá fjölda upplýsingakerfa. Heild og nákvæmni þessara gagna er mikilvæg fyrir áreiðanleika fjárhagsupplýsinganna. Vegna mikilvægi gagna frá upplýsingakerfunum sem notuð eru við gerð fjárhagsupplýsinganna, teljum við áreiðanleika upplýsingakerfanna megináherslu við endurskoðun.	Við endurskoðun okkar lögðum við m.a. áherslu á eftirfarandi atriði til að bregðast við megináherslunni: • Við öfluðum þekkingar á upplýsingatækniumhverfi bankans og samstæðunnar og þekkingar á viðeigandi upplýsingatæknikerfum. • Fyrir þau kerfi sem skilgreind voru mikilvæg fyrir endurskoðunina yfirfórum við hönnun, innleiðingu og prófanir á virkni viðeigandi eftirlitsaðgerða tengdum aðgangsstýringum, breytingastjórnun, nákvæmni mikilvægra sjálfvirkra útreikninga og rekstri kerfanna. • Vegna þeirra kerfa sem töldust mikilvæg fyrir endurskoðunina og er útvistað, öfluðum við og lögðum mat á ISAE 3402 skýrslu sem gefin er út af þjónustuaðila.

Aðrar upplýsingar

Stjórn og bankastjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar innifela óendurskoðaðan viðauka við samstæðuársreikninginn, 5 ára yfirlit, lykiltölur, óendurskoðað ársfjórðungsyfirlit í skýringu númer 6 og skýrslu stjórnar.

Álit okkar á samstæðuársreikningnum nær ekki yfir aðrar upplýsingar og við ályktum hvorki um, né veitum staðfestingu á efni þeirra ef frá er talin sú staðfesting varðandi skýrslu stjórnar sem fram kemur hér að neðan.

Í tengslum við endurskoðun okkar berum við ábyrgð á að lesa framangreindar aðrar upplýsingar og skoða hvort þær séu í verulegu ósamræmi við samstæðuársreikninginn eða þekkingu okkar sem við höfum aflað við endurskoðunina eða virðast að öðru leyti innifela verulegar skekkjur. Ef við komumst að þeirri niðurstöðu, byggt á þeirri vinnu sem við höfum framkvæmt, að það séu verulegar skekkjur í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Það er ekkert sem við þurfum að skýra frá hvað þetta varðar.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir samstæðuársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Ábyrgð stjórnar og bankastjóra á samstæðuársreikningnum

Stjórn og bankastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu og viðbótar kröfur, eftir því sem við á, í lögum um ársreikninga, lögum um fjármálafyrirtæki og reglur um reikningsskil lánastofnana. Stjórn og bankastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð samstæðuársreikningsins eru stjórn og bankastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Arion banka hf. Ef við á, skulu stjórn og bankastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins, nema stjórn og bankastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafi enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn og endurskoðunarnefnd skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun samstæðuársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að samstæðuársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanlega vissa er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda samstæðuársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í samstæðuársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu samstæðuársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits bankans.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.

Áritun óháðs endurskoðanda

- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum samstæðuársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi bankans.
- Metum í heild sinni hvort samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við samstæðuársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.
- Öflum fullnægjandi endurskoðunargagna vegna fjárhagsupplýsinga eininga innan samstæðunnar, til að geta látið í ljós álit á samstæðuársreikningi. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, umsjón og framgangi endurskoðunar samstæðunnar. Við berum ein ábyrgð á áliti okkar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn og endurskoðunarnefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Við höfum einnig lýst því yfir við stjórn og endurskoðunarnefnd að við höfum uppfyllt skyldur siðareglna um óhæði og höfum miðlað til þeirra upplýsingum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega haft áhrif á óhæði okkar og þar sem viðeigandi er, hvaða varnir við höfum sett til að tryggja óhæði okkar.

Jafnframt því að sinna skyldum okkar sem kjörnir endurskoðendur bankans hefur Deloitte veitt bankanum ýmsa aðra heimilaða þjónustu svo sem könnun árshlutareiknings og aðra staðfestingarvinnu. Deloitte hefur til staðar innri ferla sem tryggja óhæði áður en við tökum að okkur önnur verkefni. Endurskoðunarnefnd Arion banka hf. hefur einnig ferla til að samþykkja önnur verkefni áður en þau hefjast. Endurskoðunarnefndin metur jafnframt óhæði endurskoðendanna árlega til að tryggja óhæði og hlutlægni þeirra. Deloitte hefur staðfest skriflega við endurskoðunarnefndina að við erum óháð Arion banka hf.

Af þeim atriðum sem við höfum upplýst stjórn og endurskoðunarnefnd um, lögðum við mat á hvaða atriði höfðu mesta þýðingu í endurskoðuninni á yfirstandandi ári og eru það megináherslur í endurskoðuninni. Við lýsum þessum atriðum í áritun okkar nema lög og reglur leyfi ekki að upplýst sé um slík atriði eða í undantekningartilfellum þegar endurskoðandinn metur að ekki skuli upplýsa um viðkomandi atriði þar sem neikvæðar afleiðingar upplýsinganna eru taldar vega þyngra en almannahagsmunir.

Áritun vegna annarra ákvæða, laga og reglna

Áritun vegna sameiginlegs rafræns skýrslusniðs (e. European Single Electronic Format - ESEF reglur)

Í tengslum við endurskoðun okkar á samstæðuársreikningi Arion banka hf. framkvæmdum við aðgerðir til að geta gefið álit á það hvort samstæðuársreikningur Arion banka hf. fyrir árið 2023 með skráarheitið RIL4VBPDB0M7Z3KXSF19-2023-12-31-en.zip hafi í meginatriðum verið gerður í samræmi við kröfur laga um upplýsingaskyldu útgefenda verðbréfa og flöggunarskyldu nr. 20/2021 um sameiginleg rafræn skýrslusnið (e. European Single Electronic Format), ESEF reglur EU 2019/815 sem innihalda skilyrði sem tengjast gerð samstæðuársreiknings á XHTML formi og iXBRL merkingum samstæðuársreikningsins.

Stjórn og bankastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins í samræmi við lög um upplýsingaskyldu útgefenda verðbréfa og flöggunarskyldu nr.20/2021. Í þeirri ábyrgð felst meðal annars að útbúa ársreikning á XHTML formi í samræmi við ákvæði reglugerðar Evrópusambandsins, EU 2019/815, um sameiginleg rafræn skýrslusnið (e. European Single Electronic Format).

Ábyrgð okkar er að afla hæfilegrar vissu um hvort samstæðuársreikningurinn, byggt á þeim gögnum sem við höfum aflað, sé í öllum meginatriðum í samræmi við ESEF reglur og gefa út áritun með áliti okkar. Eðli, tímasetning og umfang aðgerða sem valdar eru byggja á mati endurskoðandans, þar á meðal mati á áhættunni að vikið sé í verulegum atriðum frá kröfum sem fram koma í ESEF reglum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Það er álit okkar að samstæðuársreikningur Arion banka hf. fyrir árið 2023 með skráarheitið RIL4VBPDB0M7Z3KXSF19-2023-12-31-en.zip hafi í öllum meginatriðum verið gerður í samræmi við ákvæði reglugerðar Evrópusambandsins nr. 2019/815, um sameiginlegt rafræn skýrslusnið (e. European Single Electronic Format).

Kosning endurskoðanda

Deloitte ehf. var kjörið endurskoðandi Arion banka hf. á aðalfundi bankans þann 15. mars 2023. Deloitte ehf. hefur verið endurskoðandi Arion banka hf. síðan á aðalfundi bankans árið 2015.

Kópavogur, 7. febrúar 2024.

Deloitte ehf.

Gunnar Þorvarðarson

Endurskoðandi

Rekstrarreikningur samstæðu

	Skýring	2023	2022*
Vaxtatekjur		123.116	83.515
Vaxtagjöld		(78.431)	(43.314)
Hreinar vaxtatekjur	7	**44.685**	**40.201**
Þóknanatekjur		20.120	18.741
Þóknanagjöld		(3.731)	(2.292)
Hreinar þóknanatekjur	8	**16.389**	**16.449**
Tekjur af vátryggingasamningum		17.416	15.105
Kostnaður af vátryggingasamningum		(17.264)	(14.490)
Afkoma af vátryggingasamningum	9	**152**	**615**
Hreinar fjármunatekjur	10	1.366	(3.286)
Aðrar tekjur	11	1.589	1.314
Aðrar hreinar rekstrartekjur		**2.955**	**(1.972)**
Rekstrartekjur		**64.181**	**55.293**
Rekstrarkostnaður	12	(25.701)	(24.329)
Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki	15	(1.796)	(1.749)
Hrein virðisbreyting	16	(1.348)	144
Hagnaður fyrir tekjuskatt		**35.336**	**29.359**
Tekjuskattur	17	(9.595)	(9.944)
Hagnaður af áframhaldandi starfsemi		**25.741**	**19.415**
Afkoma af aflagðri starfsemi til sölu, eftir tekjuskatt	18	(4)	6.543
Hagnaður		**25.737**	**25.958**

Hagnaður tilheyrir

Hluthöfum Arion banka hf.	25.755	25.945
Hlutdeild minnihluta	(18)	13
Hagnaður	**25.737**	**25.958**

Hagnaður á hlut

	Skýring		
	19		
Hagnaður á hlut sem tilheyrir hluthöfum Arion banka hf. (í krónum)		17,80	17,40
Þynntur hagnaður á hlut sem tilheyrir hluthöfum Arion banka hf. (í krónum)		17,00	16,46

* Samanburðarfjárhæðir hafa verið aðlagaðar í samræmi við IFRS 17, sjá skýringu 1 og 2 fyrir frekari upplýsingar.

Meðfylgjandi skýringar eru óaðskiljanlegur hluti ársreiknings samstæðu

Yfirlit um heildarafkomu samstæðu

	Skýring	2023	2022*
Hagnaður		**25.737**	**25.958**
Hrein virðisbreyting skuldabréfa sem færð eru á gangvirði yfir aðra heildarafkomu, eftir skatta		697	(999)
Innleystur hreinn (hagnaður) tap skuldabréfa sem færð eru á gangvirði yfir aðra heildarafkomu, eftir skatta, og fært er gegnum rekstur og flutningur af bundnum varasjóði í rekstrarreikning	10	(15)	1.553
Breyting á bundnum sjóðum vegna fjáreigna á gangvirði yfir aðra heildarafkomu		**682**	**554**
Þýðingarmunur vegna reikningsskila dótturfélaga í erlendri mynt		-	(676)
Önnur heildarafkoma sem er eða getur á síðari tímabilum verið færð yfir rekstrarreikning		**682**	**(122)**
Heildarafkoma		**26.419**	**25.836**

Heildarafkoma tilheyrir

Hluthöfum Arion banka hf.		26.437	25.849
Hlutdeild minnihluta		(18)	(13)
Heildarafkoma		**26.419**	**25.836**

Heildarafkoma á hlut

	19		
Heildarafkoma á hlut sem tilheyrir hluthöfum Arion banka hf. (í krónum)		18,27	17,34
Þynnt heildarafkoma á hlut sem tilheyrir hluthöfum Arion banka hf. (í krónum)		17,34	16,40

* Samanburðarfjárhæðir hafa verið aðlagaðar í samræmi við IFRS 17, sjá skýringu 1 og 2 fyrir frekari upplýsingar.

Meðfylgjandi skýringar eru óaðskiljanlegur hluti ársreiknings samstæðu

Efnahagsreikningur samstæðu

Eignir	Skýring	2023	2022*
Handbært fé og innstæður hjá Seðlabanka Íslands	20	102.095	114.118
Lán til lánastofnana	21	28.835	45.501
Lán til viðskiptavina	22	1.152.789	1.084.757
Fjármálagerningar	23-26	205.706	193.329
Fjárfestingareignir	25	9.493	7.862
Fjárfestingar í hlutdeildarfélögum	27	789	787
Óefnislegar eignir	28	8.051	8.783
Skatteignir	29	39	135
Eignir og aflögð starfsemi til sölu	30	62	61
Aðrar eignir	31	17.813	10.276
Eignir samtals		**1.525.672**	**1.465.609**

Skuldir			
Skuldir við lánastofnanir og Seðlabanka Íslands	24	2.771	11.697
Innlán frá viðskiptavinum	24	792.710	755.361
Fjárskuldir á gangvirði	24	11.646	20.997
Skattskuldir	29	11.169	10.303
Aðrar skuldir	32	46.336	39.401
Lántaka	24,33	420.460	392.563
Víkjandi lántaka	24,34	41.279	47.331
Skuldir samtals		**1.326.371**	**1.277.653**

Eigið fé	37		
Hlutafé og yfirverð hlutafjár		10.634	13.372
Varasjóðir		12.283	10.672
Óráðstafað eigið fé		175.881	163.263
Eigið fé hluthafa Arion banka		**198.798**	**187.307**
Hlutdeild minnihluta		503	649
Eigið fé samtals		**199.301**	**187.956**
Skuldir og eigið fé samtals		**1.525.672**	**1.465.609**

* Samanburðarfjárhæðir hafa verið aðlagaðar í samræmi við IFRS 17, sjá skýringu 1 og 2 fyrir frekari upplýsingar.

Meðfylgjandi skýringar eru óaðskiljanlegur hluti ársreiknings samstæðu

Yfirlit um breytingar á eigin fé samstæðunnar

			Bundnir varasjóðir											
	Hlutafé	Yfirverðs-reikningur hlutafjár	Kaup-réttir	Áskriftar-réttindi	Óinnl. vegna dóttur- og hlutd. félaga	Óinnl. vegna verðbr.-eignar	Eignfærður þróunar-kostnaður	Óinnl. vegna gang-virðis-breytinga	Lögbund-inn vara-sjóður	Þýðingar-munur dótturf. í erlendri mynt	Óráð-stafað eigið fé	**Eigið fé hluthafa Arion banka**	Hlutdeild minni-hluta	**Eigið fé samtals**
Eigið fé 1. janúar 2023	1.466	11.906	339	828	6.308	1.941	1.002	(1.383)	1.637	-	163.263	**187.307**	649	**187.956**
Hagnaður											25.755	**25.755**	(18)	**25.737**
Hrein virðisbreyting								697				**697**		**697**
Innleystur hreinn hagnaður yfir RR								(15)				**(15)**		**(15)**
Heildarafkoma	**-**	**-**	**-**	**-**	**-**	**-**	**-**	682	-	-	25.755	**26.437**	(18)	**26.419**
Hreyfingar tengdar eigendum														
Greiddur arður											(12.357)	**(12.357)**		**(12.357)**
Kaup á eigin bréfum	(22)	(3.237)										**(3.259)**		**(3.259)**
Gjaldfærslur kauprétta			197									**197**		**197**
Nýting kauprétta	1	295	(45)									**251**		**251**
Kaupréttir sem falla niður			(83)								83	**-**		**-**
Kaupaukakerfi	1	194										**195**		**195**
Nýtir áskriftarréttinda	-	30		(3)								**27**		**27**
Slit dótturfélaga												**-**	(128)	**(128)**
Breyting á varasjóðum					1.464	(479)	(122)				(862)	**-**		**-**
Eigið fé 31. desember 2023	1.446	9.188	408	825	7.772	1.462	880	(701)	1.637	-	175.881	**198.798**	503	**199.301**

Meðfylgjandi skýringar eru óaðskiljanlegur hluti ársreiknings samstæðu

Yfirlit um breytingar á eigin fé samstæðunnar

			Bundnir varasjóðir											
	Hlutafé	Yfirverðs-reikningur hlutafjár	Kaup-réttir	Áskriftar-réttindi	Óinnl. vegna dóttur- og hlutd. félaga	Óinnl. vegna verðbr.-eignar	Eignfærður þróunar-kostnaður	Óinnl. vegna gang-virðis-breytinga	Lögbund-inn vara-sjóður	Þýðingar-munur dótturf. í erlendri mynt	Óráð-stafað eigið fé	**Eigið fé hluthafa Arion banka**	Hlutdeild minni-hluta	**Eigið fé samtals**
Eigið fé 1. janúar 2022	1.518	21.166	99	828	7.245	3.166	1.124	(1.937)	1.637	676	158.403	**193.925**	673	**194.598**
Áhrif innleiðingar IFRS 17											(917)	**(917)**		**(917)**
Leiðrétt eigið fé 1. janúar 2022	1.518	21.166	99	828	7.245	3.166	1.124	(1.937)	1.637	676	157.486	**193.008**	673	**193.681**
Hagnaður											25.982	**25.982**	(24)	**25.958**
Hrein virðisbreyting								(999)				**(999)**		**(999)**
Innleyst hreint tap yfir RR								1.553				**1.553**		**1.553**
Þýðingarmunur										(676)		**(676)**		**(676)**
Heildarafkoma	-	-	-	-	-	-	-	554	-	(676)	25.982	**25.860**	(24)	**25.836**
Hreyfingar tengdar eigendum														
Greiddur arður											(22.489)	**(22.489)**		**(22.489)**
Kaup á eigin bréfum	(58)	(9.793)										**(9.851)**		**(9.851)**
Gjaldfærslur kauprétta			279									**279**		**279**
Nýting kauprétta	3	349	(38)									**314**		**314**
Kaupaukakerfi	1	184										**185**		**185**
Breyting á varasjóðum					(937)	(1.225)	(122)				2.284	**-**		**-**
Eigið fé 31. desember 2022	1.466	11.906	339	828	6.308	1.941	1.002	(1.383)	1.637	-	163.263	**187.307**	649	**187.956**

* Samanburðarfjárhæðir hafa verið aðlagaðar í samræmi við IFRS 17, sjá skýringar 1 og 2 fyrir frekari upplýsingar.

Meðfylgjandi skýringar eru óaðskiljanlegur hluti ársreiknings samstæðu

Yfirlit um sjóðstreymi samstæðunnar

Rekstrarhreyfingar	2023	2022*
Hagnaður	25.737	25.958
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á handbært fé	(31.229)	(30.399)
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum		
Lán til lánastofnana að bankainnstæðum undanskildum	1.857	181
Lán til viðskiptavina	(46.794)	(123.341)
Fjármálagerningar á gangvirði	(10.807)	33.902
Aðrar breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	13.737	123.959
Innheimtar vaxtatekjur	96.849	66.516
Greidd vaxtagjöld **	(52.369)	(33.006)
Móttekinn arður	285	363
Greiddur tekjuskattur	(8.633)	(6.741)
Handbært fé (til) frá rekstri	**(11.367)**	**57.392**

Fjárfestingahreyfingar		
Sala á eignarhlutum í dóttur- og hlutdeildarfélögum	-	16.841
Kaup á eignarhlutum í hlutdeildarfélögum	(72)	(90)
Fjárfesting í óefnislegum eignum	(470)	(416)
Sala varanlegra rekstrarfjármuna	22	1.085
Kaup á varanlegum rekstrarfjármunum	(457)	(357)
Fjárfestingahreyfingar	**(977)**	**17.063**

Fjármögnunarhreyfingar		
Arðgreiðsla til hluthafa Arion banka	(12.357)	(22.489)
Kaup á eigin bréfum	(3.259)	(9.851)
Ný víkjandi lántaka	-	12.100
Uppgreiðsla víkjandi lántöku	(6.586)	-
Nýting áskriftarréttinda	27	-
Nýttir kaupréttir	251	315
Slit dótturfélaga	(128)	-
Fjármögnunarhreyfingar	**(22.052)**	**(19.925)**
Breyting á handbæru fé	(34.396)	54.530
Handbært fé í ársbyrjun	150.131	90.678
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé	(742)	4.923
Handbært fé	**114.993**	**150.131**

Handbært fé		
Handbært fé og innstæður hjá Seðlabanka Íslands	102.095	114.118
Bankareikningar	28.624	43.433
Bindiskylda við Seðlabanka Íslands	(15.726)	(7.420)
Handbært fé	**114.993**	**150.131**

* Samanburðarfjárhæðir hafa verið aðlagaðar í samræmi við IFRS 17, sjá skýringu 1 og 2 fyrir frekari upplýsingar.

** Meðal greiddra vaxta eru vextir færðir á innlán í árslok.

Meðfylgjandi skýringar eru óaðskiljanlegur hluti ársreiknings samstæðu

Skýringar við samstæðureikninginn

Efnisyfirlit

bls.

Almennar upplýsingar

Grundvöllur reikningsskilanna 22
Breytingar á reikningsskilareglum 23
Mat og ákvarðanir við breytingu reikningsskilaaðferða 24
Samstæðan 24

Starfsþættir

Starfsþættir 25

Ársfjórðungsyfirlit

Rekstur eftir ársfjórðungum 28

Skýringar við rekstrarreikning samstæðu

Hreinar vaxtatekjur 29
Hreinar þóknanatekjur 30
Afkoma af vátryggingasamningum 30
Hreinar fjármunatekjur 31
Aðrar rekstrartekjur 31
Rekstrarkostnaður 32
Starfsmenn og laun 32
Annar rekstrarkostnaður 33
Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki 33
Hrein virðisbreyting 33
Tekjuskattur 34
Afkoma af aflagðri starfsemi til sölu, eftir tekjuskatt 34
Hagnaður á hlut 34

Skýringar við efnahagsreikning samstæðu

Handbært fé og innstæður hjá Seðlabanka Íslands 35
Lán til lánastofnana 35
Lán til viðskiptavina 35
Fjármálagerningar 35
Fjáreignir og fjárskuldir 36
Þrepaskipting gangvirðis 38
Jöfnun fjáreigna og fjárskulda 43

bls.

Fjárfestingar í hlutdeildarfélögum 43
Óefnislegar eignir 44
Skatteign og skattskuldir 45
Eignir og aflögð starfsemi til sölu og tengdar skuldir 45
Aðrar eignir 46
Aðrar skuldir 46
Lántaka 47
Víkjandi lántaka 47
Skuldir vegna fjármögnunar 48
Veðsettar eignir 48
Eigið fé 49

Aðrar upplýsingar

Hluthafar Arion banka 50
Lögfræðileg málefni 50
Atburðir eftir lok reikningsskiladags 51

Liðir utan efnahags

Skuldbindingar 52
Eignir í stýringu og vörslu 52

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar 52

Áhættustýring

Útlánaáhætta 54
Markaðsáhætta 66
Lausafjár- og fjármögnunaráhætta 72
Eiginfjárstýring 76
Rekstraráhætta 78
Sjálfbærniáhætta 79

Helstu reikningsskilaaðferðir 80

Skýringar við samstæðureikninginn

Almennar upplýsingar

Arion banki hf., móðurfélagið, var stofnaður 18. október 2008 með heimilisfesti á Íslandi. Höfuðstöðvar Arion banka hf. eru við Borgartún 19 í Reykjavík. Samstæðureikningur bankans fyrir árið sem lauk 31. desember 2023 hefur að geyma uppgjör móðurfélagsins og dótturfélaga þess (hér eftir nefnd samstæðan).

1. Grundvöllur reikningsskilanna

Stjórn Arion banka hf. samþykkti ársreikning samstæðunnar og heimilaði til útgáfu þann 7. febrúar 2024.

Við gerð ársreiknings samstæðunnar er horft til mikilvægis þegar kemur að framsetningu og umfangi skýringa. Einungis er greint frá mikilvægum upplýsingum og upplýsingum sem bankanum ber að greina frá og skipta lesanda ársreiknings samstæðunnar máli.

Ársreikningur samstæðunnar var saminn á ensku og þannig samþykktur af stjórn og áritaður af endurskoðendum bankans. Samstæðureikningurinn er gefinn út bæði á íslensku og ensku og ef misræmi er á milli útgáfa þá gildir enska útgáfan.

Yfirlýsing um samræmi

Reikningsskilin eru samstæðureikningsskil og eru gerð í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) sem samþykktir hafa verið af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur í lögum um ársreikninga, lögum um fjármálafyrirtæki og reglum um reikningsskil lánastofnana.

Sömu reikningsskilaaðferðum, framsetningu og aðferðum við útreikninga hefur verið beitt við gerð þessa ársreiknings og var beitt við gerð ársreiknings fyrir árið 2022.

Grundvöllur mats

Reikningsskilin eru unnin á grundvelli kostnaðarverðs að undanskyldum:

- skuldabréfum og skuldagerningum, hlutabréfum og eiginfjárgerningum, skortstöðum í skráðum skuldabréfum og hlutabréfum og afleiðum, en gerð er grein fyrir reikningsskilaaðferðunum í skýringu 59,
- fjárfestingareignum sem metnar eru á gangvirði og
- fastafjármunum til sölu og aflagðri starfsemi sem færð eru á því sem lægra reynist af bókfærðu verði og gangvirði að frádregnum sölukostnaði.

Starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill

Reikningsskilin eru sett fram í íslenskum krónum, sem er starfrækslugjaldmiðill móðurfélagsins. Fjárhæðir eru námundaðar að næstu milljón nema annað sé tekið fram. Árslokagengi íslensku krónunnar gagnvart Bandaríkjadollar var 135,82 og 150,13 gagnvart Evru (31.12.2022: USD 141,80 og EUR 151,50).

Samanburðarfjárhæðir

Samstæðan tók upp IFSR 17 Vátryggingarsamningar frá 1. janúar 2023 vegna starfsemi dótturfélagsins Varðar. Samanburðarfjárhæðum í rekstrarreikningi fyrir árið 2022 hefur verið breytt sem og efnahagsreikningi þann 1. janúar 2022. Sjá nánar skýringu 2.

Skýringar við samstæðureikninginn

2. Breytingar á reikningsskilareglum

Samstæðan nýtti sér ekki heimildir til að innleiða nýja eða breytta staðla eða túlkanir sem hafa verið gefin út en ekki tekið gildi.

IFRS 17

Samstæðan inleiddi staðalinn IFRS 17 Vátryggingasamningar frá 1. janúar 2023 vegna dótturfélagsins Varðar. IFRS 17 kemur í stað IFRS 4 staðalsins um Vátryggingasamninga frá og með 1. janúar 2023 og setur fram nýjar reglur um færslu, mat, framsetningu og upplýsingagjöf vátryggingasamninga og leiðir aðallega til endurflokkunar innan samstæðureikningsins. Breytingin vegna IFRS 17 hefur ekki áhrif á eiginfjárhlutföll samstæðunnar.

Samstæðan innleiðir IFRS 17 staðalinn afturvirkt. Samstæðan greindi, færði og mældi hvern flokk vátrygginga- og endurtryggingasamninga eins og staðlinum hefði ávalt verið beitt og færði nettó mismuninn 917 m.kr. til lækkunar á eigin fé þann 1. janúar 2022 en jafnframt 542 m.kr. hækkun á hagnaði ársins 2022, sem leiðir til 375 m.kr. lægra eigin fé þann 1. janúar 2023. Samanburðarfjárhæðir í skýringum hafa verið aðlagaðar fyrir árið 2022, þar sem við á.

Áhrif innleiðingar IFRS 17 á efnahagsreikning samstæðunnar þann 1. janúar 2022 var eftirfarandi.

	31.12.2021 IFRS 4	Áhrif IFRS 17	1.1.2022 IFRS 17
Aðrar eignir	19.901	(3.154)	16.747
Aðrar skuldir	37.151	(2.237)	34.914
Óráðstafað eigið fé	158.403	(917)	157.486

Samstæðan hefur leiðrétt samanburðarfjárhæðir í rekstrarreikningi samstæðunnar fyrir árið 2022 með eftirfarandi hætti.

	2022 IFRS 4	Áhrif IFRS 17	2022 IFRS 17
Vaxtatekjur	83.591	(76)	83.515
Vaxtagjöld	(43.314)	-	(43.314)
Hreinar vaxtatekjur	**40.277**	**(76)**	**40.201**
Þóknanatekjur	18.728	13	18.741
Þóknanagjöld	(2.663)	371	(2.292)
Hreinar þóknanatekjur	**16.065**	**384**	**16.449**
Tekjur af vátryggingasamningum	2.614	12.491	15.105
Kostnaður af vátryggingasamningum		(14.490)	(14.490)
Afkoma af vátryggingasamningum	**2.614**	**(1.999)**	**615**
Hreinar fjármunatekjur	(3.095)	(191)	(3.286)
Aðrar tekjur	1.337	(23)	1.314
Aðrar hreinar rekstrartekjur	**(1.758)**	**(214)**	**(1.972)**
Rekstrartekjur	**57.198**	**(1.905)**	**55.293**
Annar rekstrarkostnaður	(26.911)	2.582	(24.329)
Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki	(1.749)	-	(1.749)
Hrein virðisbreyting	144	-	144
Hagnaður fyrir tekjuskatt	**28.682**	**677**	**29.359**
Tekjuskattur	(9.809)	(135)	(9.944)
Hagnaður af áframhaldandi starfsemi	**18.873**	**542**	**19.415**
Afkoma af aflagðri starfsemi til sölu, eftir tekjuskatt	6.543	-	6.543
Hagnaður	**25.416**	**542**	**25.958**

Skýringar við samstæðureikninginn

3. Mat og ákvarðanir við beitingu reikningsskilaaðferða

Gerð reikningsskilanna krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og dragi ályktanir sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda í reikningsskilunum og viðeigandi skýringa, sem og skýringar um óvissar skuldbindingar. Endanlegar niðurstöður gætu orðið aðrar en áætlanirnar gera ráð fyrir sem leitt gæti til verulegra leiðréttinga á bókfærðu virði eigna og skulda á seinni tímabilum.

Mat og forsendur

Hér að neðan er greint frá lykilforsendum er snúa að framtíðinni og öðrum lykilbreytum er snúa að óvissu í tengslum við mat á reikningsskiladegi og fela í sér áhættu á að valda verulegum lagfæringum á bókfærðu virði eigna og skulda innan næsta fjárhagsárs. Samstæðan byggði mat sitt og forsendur á þeim breytum sem lágu fyrir við gerð þessara reikningsskila. Núverandi aðstæður og forsendur er snúa að framtíðarþróun gætu breyst vegna þróunar á mörkuðum eða atvika sem eru ekki á valdi samstæðunnar. Tekið er tillit til slíkra atvika þegar þau eiga sér stað.

Virðisrýrnum fjáreigna

Bókfært virði fjáreigna sem falla undir virðisrýrnunarkröfur IFRS 9 eru settar fram í efnahagsreikningi að teknu tilliti til vænts taps. Mánaðarlega er vænt tap í þrepum 1 og 2 endurreiknað fyrir hverja eign en útreikningarnir byggja á líkönum fyrir alvarleg vanskil (e. probability of default; PD), tap við alvarleg vanskil (e. loss given default; LGD) og fyrirgreiðslu við alvarleg vanskil (e. exposure at default; EAD). Útreikningar fyrir þrep 3 eru byggðir á tapi við alvarleg vanskil og fyrirgreiðslu við alvarleg vanskil. Matið á væntu tapi er háð þremur lykil þáttum; mat stjórnenda á þróun efnahaglegra þátta á næstu fimm árum, áhrifum þeirra þátta á hvert líkan og hvernig skuli staðið að mati á verulegri aukningu í útlánaáhættu. Matið á efnahaglegum þáttum er samtvinnað hverju og einu líkani fyrir þrjár sviðsmyndir: grunnsviðsmynd, bjartsýna sviðsmynd og svartsýna sviðsmynd. Stjórnendur meta líkur á því að hver sviðsmynd eigi sér stað og hvernig þær skuli notaðar í útreikningum á líkindavegnu væntu tapi. Fjárhæð vænts taps er háð skilgreiningu bankans á verulegri aukningu í útlánaáhættu, sem hefur áhrif á í hvaða niðurfærsluþrep eign er flokkuð. Stjórnendur hafa lagt mat á þætti til að greina verulega aukningu í útlánaáhættu frá upphaflegri skráningu, þar sem samanburður er gerður á breytingum á líkum á vanskilum, líftímalíkum á alvarlegum vanskilum á ársgrundvelli, fjölda daga í vanskilum og athugunarlista. Sjá nánari umfjöllun í skýringu 59.

Efnahagshorfur

Íslenska hagkerfið hefur staðið af sér krefjandi tímabil sem einkennst hefur af þrálátri verðbólgu og háu vaxtastigi í kjölfar hraðrar hækkunar eftir lok Covid faraldursins. Eftir að hafa náð hápunkti í 10,2% í febrúar 2023 virðist verðbólgan nú vera að gefa eftir og mældist 7,7% í árslok 2023. Þessi mæling er þó enn langt yfir 2,5% verðbólgumarkmiði Seðlabanka Íslands. Einkaneysla hefur tekið að gefa eftir og atvinnuleysi að aukast lítillega, en hvorugt er talið til marks um upphaf verulega neikvæðrar þróunar. Fólksfjölgun hefur dregið úr neikvæðum áhrifum aukins fjármögnunarkostnaðar á húsnæðisverð, en líklegt er að raunverðslækkun sú sem mælst hefur undanfarna mánuði haldi áfram um nokkur skeið. Enn ríkir töluverð óvissa um áhrif jarðskjálftavirkni og eldsumbrota á Reykjanesskaga, en líklegt má telja að hið opinbera grípi inn í með verulegum fjárstuðningi á einhverju formi.

Virðisrýrnun óefnislegra eigna

Bókfært virði viðskiptavildar, innviða og viðskiptatengsla og tengdra samninga er yfirfarið árlega til að leggja mat á hvort það séu vísbendingar um virðisrýrnun. Ef slíkar vísbendingar eru til staðar er lagt mat á endurheimtanlegt virði eignarinnar. Virðisrýrnun er færð ef bókfært virði eignar er hærra en endurheimtanlegt virði hennar. Virðisrýrnun er færð yfir rekstur. Endurheimtanlegt virði eignar er nýtingarvirði hennar eða söluverð að frádregnum kostnaði við sölu, hvort sem hærra reynist. Við mat á nýtingarvirði er vænt framtíðarsjóðstreymi núvirt miðað við ávöxtunarkröfu að teknu tilliti til skatta sem endurspegla gildandi mat markaðarins á tímavirði peninga og áhættu sem tengist viðkomandi eign.

Gangvirði fjárfestingareigna

Fjárfestingareignir eru færðar á gangvirði og fara breytingar á gangvirði yfir rekstur. Við mat á fjárfestingareignum er annars vegar stuðst við matsaðferð sem byggir á núvirðingu en það er helst gert þegar ekki liggja fyrir markaðsupplýsingar um sambærilegar eignir og hins vegar er mat á fjárfestingareignum byggt á viðskiptum með eignir sem eru samanburðarhæfar hvað varðar tegund, staðsetningu og ástand.

4. Samstæðan

Hlutdeild í helstu dótturfélögum þar sem Arion banki hefur bein áhrif

	Starfsemi	Mynt	Eignarhlutur 2023	Eignarhlutur 2022
Eignabjarg ehf., Borgartúni 19, Reykjavík	Eignarhaldsfélag	ISK	100,0%	100,0%
Landey ehf., Borgartúni 19, Reykjavík	Fasteignafélag	ISK	100,0%	100,0%
Leiguskjól ehf., Bjargargötu 1, Reykjavík	Bankastarfsemi	ISK	51,0%	51,0%
Stefnir hf., Borgartúni 19, Reykjavík	Eignastýring	ISK	100,0%	100,0%
VISA Ísland ehf., Borgartúni 19, Reykjavík	Eignarhaldsfélag	ISK	100,0%	100,0%
Vörður tryggingar hf., Borgartúni 19, Reykjavík	Tryggingafélag	ISK	100,0%	100,0%

Landey ehf. á 51% eignarhlut í dótturfélaginu Arnarlandi ehf. og færir upp samsvarandi minnihluta.

Í september 2023 seldi VISA Ísland ehf. allan eignarhlut sinn í Visa Inc. Salan hafði óveruleg áhrif á rekstrarreikning samstæðunnar.

Skýringar við samstæðureikninginn

Starfsþættir

Starfsþáttayfirlit samstæðunnar byggir á starfsþáttum samstæðunnar í takt við uppbyggingu stjórnunar og innri upplýsingagjafar. Starfseminni er skipt upp í starfsþætti eftir eðli afurða, þjónustu og viðskiptavina. Afkoma rekstrarþátta er metin á grundvelli hagnaðar fyrir skatta.

Verðlagning á viðskiptum milli starfsþátta ákvarðast eins og um viðskipti milli ótengdra aðila væri að ræða. Starfsþættir greiða vexti til fjárstýringar og fá greidda vexti þaðan líkt og um ótengda aðila væri að ræða til að endurspegla ráðstöfun fjármagns, kostnað við fjármögnun og viðeigandi áhættuálag.

5. Starfsþættir

Markaðir & Stefnir

Markaðir & Stefnir samanstanda af eignastýringu og markaðsviðskiptum. Eignastýring Arion banka stýrir fjármunum fyrir hönd viðskiptavina samkvæmt fyrirfram ákveðinni fjárfestingarstefnu hvers og eins. Til viðbótar sinnir sviðið rekstri lífeyrissjóða. Eignastýringin skiptist í eignastýringu fagfjárfesta, Premíu þjónustu, einkabankaþjónustu og rekstur lífeyrissjóða. Premía þjónusta veitir umsvifameiri viðskiptavinum heildstæða og persónulega verðbréfa- og banka þjónustu. Starfsemi Stefnis hf. fellur jafnframt undir starfsþáttinn. Stefnir er sjálfstætt starfandi fjármálafyrirtæki í eigu Arion banka og annast stýringu á fjölbreyttu úrvali verðbréfa-, fjárfestinga- og fagfjárfestasjóða. Markaðir eru í samstarfi við sum af stærstu eignastýringarhúsum heims og getur því boðið viðskiptavinum upp á fjölbreytt úrval erlendra fjárfestingarkosta. Markaðsviðskipti sinna miðlun fjármálagerninga fyrir innlenda og erlenda viðskiptavini bankans og geta sérfræðingar markaðsviðskipta veitt aðstoð og milligöngu í viðskiptum á skráðum verðbréfum á öllum helstu verðbréfamörkuðum heims.

Fyrirtækja- og fjárfestingarbankasvið

Fyrirtækja- & fjárfestingarbankasvið veitir fyrirtækjum og fjárfestum alhliða fjármálaþjónustu á Íslandi sem og erlendis. Sviðið skiptist í fyrirtækjasvið annars vegar og fyrirtækjaráðgjöf hins vegar.

Viðskiptastjórar fyrirtækjasviðs eru með víðtæka reynslu af fjármálastarfsemi og veita sérhæfða þjónustu í helstu greinum atvinnulífsins, s.s. verslun og þjónustu, sjávarútvegi og fasteignum og orku. Sviðið þjónar öllum fyrirtækjum, allt frá smáum og miðlungsstórum yfir í stór fyrirtæki. Fyrirtækjasvið veitir viðskiptavinum sínum heildstæða þjónustu er viðkemur lánsfjármögnun sem og aðrar viðskiptalausnir sem uppfylla ólíkar þarfir viðskiptavina, s.s. ábyrgðir, innlánsreikninga, tryggingar, greiðslumiðlun sem og stafrænar lausnir. Fyrirtækjasvið hefur komið að fjölmörgum fjármögnunarverkefnum, þar á meðal verið þátttakandi í alþjóðlegum sambankalánum ásamt öðrum íslenskum bönkum eða alþjóðlegum fjármálafyrirtækjum.

Fyrirtækjaráðgjöf bankans starfar náið með fyrirtækjasviði ásamt því að veita viðskiptavinum ráðgjafarþjónustu vegna fyrirtækjaviðskipta og fjármögnunar. Áhersla er lög á að veita alhliða þjónustu á sviði ráðgjafar vegna kaupa og sölu fyrirtækja og stærri eignasafna auk umsjónar á sölu nýs hlutafjár og skráningu verðbréfa í Kauphöll.

Fyrirtækjahluti tryggingafélagsins Varðar tilheyrir Fyrirtækja- og fjárfestingarbankasviði.

Viðskiptabankasvið

Viðskiptabankasvið veitir fjölbreytta fjármálaþjónustu í 13 útibúum og afgreiðslum víðsvegar um landið auk þjónustuvers og stafrænna lausna bæði í Arion appinu og netbanka. Þetta felur m.a. í sér innlán og útlán, sparnað, greiðslukort, lífeyrissparnað, tryggingar, verðbréf og sjóði. Til að auka skilvirkni og efla þjónustu er útibúum samstæðunnar skipt í fjögur svæði og njóta smærri útibúin þar með hags af styrk stærri eininga innan hvers svæðis.

Einstaklingshluti tryggingafélagsins Varðar tilheyrir Viðskiptabankasviði.

Fjárstýring

Fjárstýring annast fjármögnun, lausafjármál og stýringu á efnahagsreikningi bankans. Fjárstýring ber einnig ábyrgð á innri verðlagningu fjármagns til framlínu og samskiptamál við fjárfesta, lánshæfismatsfyrirtæki og fjármálastofnanir. Viðskiptavakt með innlend verðbréf og gjaldeyri ásamt gjaldeyrismiðlun er hjá fjárstýringu.

Önnur dótturfélög

Dótturfélögin eru Landey ehf., sem heldur utan um meginhluta fjárfestingareigna samstæðunnar og eignarhaldsfélagið VISA Ísland ehf., auk annarra smærri félaga innan samstæðunnar. Dótturfélögin Stakksberg ehf. og Sólbjarg ehf. (bæði félögin eru dótturfélög Eignabjargs ehf.) eru flokkuð sem aflögð starfsemi til sölu í samræmi við IFRS 5.

Stoðsvið

Undir stoðsvið falla höfuðstöðvar bankans en þar eru skrifstofa bankastjóra, áhættustýring, fjármálasvið (án fjárstýringar), upplýsingatæknisvið, rekstur og menning (nýtt stoðsvið 2023) og upplifun viðskiptavina. Stoðsvið eru ekki sýnd sem sérstakir starfsþættir í starfsþáttayfirliti. Stærstum hluta kostnaðar vegna stoðdeilda er úthlutað til starfssviða og er sýndur í sér línu í deildaruppgjörinu.

Skýringar við samstæðureikninginn

5. Starfsþættir, frh.

2023	Markaðir og Stefnir	Fyrirtækja- og fjárfestingar- bankasvið & tryggingar	Viðskipta- bankasvið & tryggingar	Fjár- stýring	Önnur dótturfélög en Stefnir og Vörður	Stoðsvið og jöfnun	Samtals
Rekstrarreikningur							
Hreinar vaxtatekjur	1.011	20.989	19.504	3.394	(251)	38	44.685
Hreinar þóknanatekjur	5.494	4.906	4.612	771	169	437	16.389
Afkoma af vátryggingasamningum	-	(508)	718	-	-	(58)	152
Hreinar fjármunatekjur	74	687	783	(91)	(65)	(22)	1.366
Aðrar rekstrartekjur	6	(7)	41	6	1.627	(84)	1.589
Rekstrartekjur	6.585	26.067	25.658	4.080	1.480	311	64.181
Rekstrarkostnaður	(2.714)	(1.479)	(3.759)	(757)	(397)	(16.595)	(25.701)
Úthlutaður kostnaður	(2.352)	(4.141)	(8.582)	(1.252)	(67)	16.394	-
Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki	(44)	(586)	(823)	(353)	-	10	(1.796)
Hrein virðisbreyting	(13)	(950)	(526)	6	128	7	(1.348)
Hagnaður fyrir tekjuskatt	1.462	18.911	11.968	1.724	1.144	127	35.336
Tekjur frá ytri viðskiptavinum	2.005	36.578	49.681	(25.844)	1.747	14	64.181
Tekjur frá öðrum starfsþáttum	4.580	(10.511)	(24.023)	29.924	(267)	297	-
Rekstrartekjur	6.585	26.067	25.658	4.080	1.480	311	64.181
Efnahagsreikningur							
Lán til viðskiptavina	4.690	474.382	674.364	4	-	(651)	1.152.789
Fjármálagerningar	27.538	11.168	21.342	148.612	107	(3.061)	205.706
Aðrar eignir frá ytri viðskiptavinum	6.507	1.358	6.088	119.912	12.437	20.875	167.177
Eignir innan samstæðu	57.584	-	-	286.793	5.189	(349.566)	-
Eignir samtals	96.319	486.908	701.794	555.321	17.733	(332.403)	1.525.672
Innlán frá viðskiptavinum	84.424	309.145	362.517	40.257	-	(3.633)	792.710
Aðrar skuldir við ytri viðskiptavini	3.078	8.796	17.762	474.624	8.605	20.796	533.661
Skuldir innan samstæðu	-	87.543	262.023	-	-	(349.566)	-
Skuldir samtals	87.502	405.484	642.302	514.881	8.605	(332.403)	1.326.371
Úthlutað eigið fé	8.817	81.424	59.492	40.440	9.128	-	199.301

Skýringar við samstæðureikninginn

5. Starfsþættir, frh.

2022*	Markaðir og Stefnir	Fyrirtækja- og fjárfestingar-bankasvið & tryggingar	Viðskipta-bankasvið & tryggingar	Fjár-stýring	Önnur dótturfélög en Stefnir og Vörður	Stoðsvið og jöfnun	Samtals
Rekstrarreikningur							
Hreinar vaxtatekjur	3.033	20.061	19.626	(2.363)	(65)	(91)	40.201
Hreinar þóknanatekjur	5.768	5.504	4.960	728	(592)	81	16.449
Afkoma af vátryggingasamningum	-	(639)	1.263	-	(2)	(7)	615
Hreinar fjármunatekjur	(44)	(168)	(709)	(2.819)	685	(231)	(3.286)
Aðrar rekstrartekjur	11	107	120	2	52	1.022	1.314
Rekstrartekjur	8.768	24.865	25.260	(4.452)	78	774	55.293
Rekstrarkostnaður	(2.282)	(1.782)	(3.675)	(646)	(279)	(15.665)	(24.329)
Úthlutaður kostnaður	(2.001)	(3.786)	(7.881)	(1.257)	(31)	14.956	-
Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki	(67)	(557)	(817)	(319)	-	11	(1.749)
Hrein virðisbreyting	-	546	185	-	373	(960)	144
Hagnaður (tap) fyrir tekjuskatt	4.418	19.286	13.072	(6.674)	141	(884)	29.359
Tekjur frá ytri viðskiptavinum	3.030	27.367	44.596	(21.466)	898	868	55.293
Tekjur frá öðrum starfsþáttum	5.738	(2.502)	(19.336)	17.014	(820)	(94)	-
Rekstrartekjur	8.768	24.865	25.260	(4.452)	78	774	55.293
Efnahagsreikningur							
Lán til viðskiptavina	622	445.748	638.916	90	74	(693)	1.084.757
Fjármálagerningar	32.204	7.886	19.362	134.729	1.869	(2.721)	193.329
Aðrar eignir frá ytri viðskiptavinum	6.333	3.272	5.834	121.362	23.530	27.192	187.523
Eignir innan samstæðu	56.949	-	-	293.393	-	(350.342)	-
Eignir samtals	96.108	456.906	664.112	549.574	25.473	(326.564)	1.465.609
Innlán frá viðskiptavinum	84.395	271.929	330.393	72.979	-	(4.335)	755.361
Aðrar skuldir við ytri viðskiptavini	2.783	15.464	16.327	451.460	8.145	28.113	522.292
Skuldir innan samstæðu	-	92.465	257.877	-	-	(350.342)	-
Skuldir samtals	87.178	379.858	604.597	524.439	8.145	(326.564)	1.277.653
Úthlutað eigið fé	8.930	77.048	59.516	25.135	17.328	-	187.956

* Samanburðarfjárhæðir hafa verið aðlagaðar í samræmi við IFRS 17, sjá skýringar 1 og 2 fyrir frekari upplýsingar.

Tekjuskattur og afkoma af aflagðri starfsemi til sölu eru ekki hluti af yfirliti yfir starfsþætti.

Skýringar við samstæðureikninginn

Skýringar við rekstrarreikning samstæðu

Ársfjórðungsyfirlit

6. Rekstur eftir ársfjórðungum, óendurskoðað

2023	1F	2F	3F	4F	Samtals
Hreinar vaxtatekjur	10.994	11.426	10.918	11.347	44.685
Hreinar þóknanatekjur	4.451	4.187	3.848	3.903	16.389
Afkoma af vátryggingasamningum	(721)	762	395	(284)	152
Hreinar fjármunatekjur	796	(617)	(183)	1.370	1.366
Aðrar rekstrartekjur	19	1.586	8	(24)	1.589
Rekstrartekjur	15.539	17.344	14.986	16.312	64.181
Rekstrarkostnaður	(6.470)	(6.009)	(5.392)	(7.830)	(25.701)
Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki	(449)	(457)	(468)	(422)	(1.796)
Hrein virðisbreyting	(52)	(568)	(741)	13	(1.348)
Hagnaður fyrir tekjuskatt	8.568	10.310	8.385	8.073	35.336
Tekjuskattur	(2.287)	(3.226)	(2.274)	(1.808)	(9.595)
Hagnaður af áframhaldandi starfsemi	6.281	7.084	6.111	6.265	25.741
Afkoma af aflagðri starfsemi, eftir skatta	10	7	20	(41)	(4)
Hagnaður	6.291	7.091	6.131	6.224	25.737

2022*					
Hreinar vaxtatekjur	9.476	9.745	10.357	10.623	40.201
Hreinar þóknanatekjur	3.556	4.582	4.057	4.254	16.449
Afkoma af vátryggingasamningum	(564)	924	487	(232)	615
Hreinar fjármunatekjur	1.120	(2.878)	(1.476)	(52)	(3.286)
Aðrar rekstrartekjur	432	732	98	52	1.314
Rekstrartekjur	14.020	13.105	13.523	14.645	55.293
Rekstrarkostnaður	(5.577)	(6.056)	(5.222)	(7.474)	(24.329)
Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki	(393)	(416)	(444)	(496)	(1.749)
Hrein virðisbreyting	(495)	186	42	411	144
Hagnaður fyrir tekjuskatt	7.555	6.819	7.899	7.086	29.359
Tekjuskattur	(1.716)	(3.588)	(2.885)	(1.755)	(9.944)
Hagnaður af áframhaldandi starfsemi	5.839	3.231	5.014	5.331	19.415
Afkoma af aflagðri starfsemi, eftir skatta	96	6.819	(6)	(366)	6.543
Hagnaður	5.935	10.050	5.008	4.965	25.958

* Samanburðarfjárhæðir hafa verið aðlagaðar í samræmi við IFRS 17, sjá skýringar 1 og 2 fyrir frekari upplýsingar.

Árshlutauppgjör fyrstu sex mánaða ársins var kannað af endurskoðendum bankans. Önnur ársfjórðungsuppgjör og skipting milli fjórðunga voru hvorki endurskoðuð né könnuð af endurskoðendum bankans.

Skýringar við samstæðureikninginn

7. Hreinar vaxtatekjur

2023	Afskrifað kostnaðar-verð	Gangvirði gegnum rekstur	Gangvirði yfir aðra heildar-afkomu	Samtals
Vaxtatekjur				
Sjóður og innstæður hjá Seðlabanka Íslands	5.747	-	-	5.747
Lán til lánastofnana	1.462	13	-	1.475
Lán til viðskiptavina	109.260	-	-	109.260
Verðbréf	-	1.589	4.983	6.572
Annað	62	-	-	62
Vaxtatekjur	116.531	1.602	4.983	123.116
Vaxtagjöld				
Innlán	(46.268)	-	-	(46.268)
Lántaka	(22.189)	(5.176)	-	(27.365)
Víkjandi lántaka	(4.107)	(544)	-	(4.651)
Annað	(147)	-	-	(147)
Vaxtagjöld	(72.711)	(5.720)	-	(78.431)
Hreinar vaxtatekjur	43.820	(4.118)	4.983	44.685

2022*				
Vaxtatekjur				
Sjóður og innstæður hjá Seðlabanka Íslands	3.334	-	-	3.334
Lán til lánastofnana	218	80	-	298
Lán til viðskiptavina	76.761	-	-	76.761
Verðbréf	-	446	2.542	2.988
Annað	134	-	-	134
Vaxtatekjur	80.447	526	2.542	83.515
Vaxtagjöld				
Innlán	(22.751)	-	-	(22.751)
Lántaka	(18.027)	-	-	(18.027)
Víkjandi lántaka	(2.338)	-	-	(2.338)
Annað	(198)	-	-	(198)
Vaxtagjöld	(43.314)	-	-	(43.314)
Hreinar vaxtatekjur	37.133	526	2.542	40.201

* Samanburðarfjárhæðir hafa verið aðlagaðar í samræmi við IFRS 17, sjá skýringar 1 og 2 fyrir frekari upplýsingar.

Hreinar vaxtatekjur reiknaðar með aðferð virkra vaxta námu 117.334 m.kr. á árinu (2022: 83,331 m.kr.).

Vaxtamunur	2023	2022
Almennt eigið fé þáttar 1 (CET1)	179.435	165.820
Hlutdeild minnihluta sem telja má til eiginfjárþáttar 1	117	105
Viðbótar eigið fé þáttar 1	13.217	13.396
Eiginfjárþáttur 1	192.769	179.321
Eigið fé þáttar 2	28.062	33.935
Eign í eigin fé þáttar 2, útgefnu af fjármálafyrirtæki (verul. fjárf.)	(1.247)	(1.155)
Eiginfjárþáttur 2	26.815	32.780
Eiginfjárgrunnur alls	219.584	212.101

Áhættugrunnur (REA)		
Útlánaáhætta, lán	732.760	707.479
Útlánaáhætta, verðbréf og annað	52.032	56.714
Útlánaáhætta, afleiður og skiptasamningar með verðbréf	7.442	14.645
Markaðsáhætta vegna gjaldeyrismisvægis	4.751	1.387
Markaðsáhætta, annað	11.066	7.493
Aðlögun á útlánavirði afleiðna	3.680	6.010
Rekstraráhætta	98.740	89.166
Áhættugrunnur	910.471	882.894

Eiginfjárhlutföll		
Hlutfall almenns eiginfjárþáttar 1	19,7%	18,8%
Hlutfall eiginfjárþáttar 1	21,2%	20,3%
Eiginfjárhlutfall	24,1%	24,0%

* Samanburðarfjárhæðir hafa verið aðlagaðar í samræmi við IFRS 17, sjá skýringar 1 og 2 fyrir frekari upplýsingar.

** Þann 31. desember 2023 er fyrirsjánleg arðgreiðsla 50% af hagnaði ársins í samræmi við arðgreiðslustefnu bankans. Þann 31. desember 2022 var fyrirsjáanleg arðgreiðsla og endurkaup samtalan af 50% af hagnaði ársins og samþykktri endurkaupaáætlun frá desember 2022 og eftirstandandi hluta af heimild til endurkaupa frá Seðlabanka Íslands frá 5. september 2022.

Bankinn hefur kosið að nýta sér umbreytingarfyrirkomulag vegna IFRS 9 og Covid-19 í eiginfjárútreikningum. Umbreytingarfyrirkomulagið hækkar eiginfjárhlutfallið um 0,1 prósentustig.

47. Eiginfjárstýring, frh.

Eiginfjárhlutföll móðurfélags	2023	2022
Hlutfall almenns eiginfjárþáttar 1	19,9%	18,8%
Hlutfall eiginfjárþáttar 1	21,4%	20,3%
Eiginfjárhlutfall	24,3%	23,9%

Í eftirfarandi töflu er sýnd viðbótareiginfjárkrafa vegna eiginfjárauka sem tilgreind er í lögum um fjármálafyrirtæki og samþykkt af Fjármálaeftirlitinu að undangengnum tilmælum frá Fjármálastöðugleikaráði.

Krafa vegna eiginfjárauka, % af áhættugrunni	2023	2022
Verndunarauki	2,5%	2,5%
Eiginfjárauki vegna kerfislegs mikilvægis	2,0%	2,0%
Kerfisáhættuauki *	3,0%	3,0%
Sveiflujöfnunarauki *	2,0%	2,0%
Samanlögð krafa vegna eiginfjárauka	9,5%	9,5%

Bankinn metur eiginfjárþörf samkvæmt innramatsferli (e. Internal Capital Adequacy Assessment Process, ICAAP). Innramatsferlið er ferli sem miðar að því að tryggja að bankinn búi yfir fullnægjandi ferlum og kerfum til þess að greina, stýra og mæla heildaráhættu bankans. Matsferlið miðar að því að greina og mæla áhættu samstæðunnar út frá öllum áhættutegundum og tryggja að samstæðan ráði yfir eigin fé í samræmi við undirliggjandi áhættu. Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með samstæðunni, tekur við upplýsingum um innra mat samstæðunnar á eiginfjárþörf og ákvarðar viðbótar eiginfjárkröfu undir Stoð 2R fyrir samstæðuna í heild í kjölfar könnunar- og matsferlis (e. Supervisory Review and Evaluation Process, SREP). Eiginfjárgrunnur samstæðunnar er hærri en krafa Fjármálaeftirlitsins.

Eiginfjárkröfur undir Stoð 1 og Stoð 2R má uppfylla með 56,25% af almennu eigin fé þáttar 1, 18,75% af viðbótar eigin fé þáttar 1 og 25% eigin fé þáttar 2.

Eiginfjárkrafa, % af áhættugrunni	CET 1	Tier 1	Total
Eiginfjárkrafa samkvæmt Stoð 1	4,5%	6,0%	8,0%
Eiginfjárkrafa samkvæmt Stoð 2R **	1,2%	1,6%	2,1%
Samanlögð krafa vegna eiginfjárauka*	9,2%	9,2%	9,2%
Heildareiginfjárkrafa	14,9%	16,8%	19,3%
Tiltækur eiginfjárgrunnur	19,7%	21,2%	24,1%

* Virkur sveiflujöfnunarauki fyrir banka er vegið meðaltal eiginfjárauka í gildi í þeim löndum sem áhættuskuldbindingar bankans ná til, þar sem vigtirnar eru ákvarðaðar út frá hlutfallslegu framlagi tilsvarandi áhættuskuldbindinga í áhættugrunni bankans vegna útlánaáhættu. Kerfisáhættuaukanum er einungis beitt á innlendar áhættuskuldbindingar og virkur auki er ákvarðaður úr frá sömu vogunaraðferð.

** Niðurstaða könnunar- og matsferlis miðað við fjárhagsupplýsingar bankans 31. desember 2022. Viðbótareiginfjárkrafa samkvæmt Stoð 2R er 2,1% af áhættugrunni sem byggir á samstæðu samkvæmt eiginfjárreglum, sem undanskilur dótturfélög í vátryggingastarfsemi.

Vogunarhlutfall

Vogunarhlutfallið er annar og einfaldari mælikvarði á eiginfjárstöðu samanborið við hin áhættunæmu eiginfjárhlutföll. Vogunarhlutfallið er reiknað út frá samstæðu samkvæmt CRR og tekur ekki tillit til dótturfélaga í vátryggingastarfsemi. Lágmarksvogunarhlutfall er 3% samkvæmt lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

	2023	2022
Liðir innan efnahagsreiknings	1.477.968	1.415.353
Afleiðusamningar	15.953	32.118
Skiptasamningar með verðbréf	10.326	10.174
Liðir utan efnahagsreiknings	46.087	59.723
Heildaráhættuskuldbindingar	1.550.334	1.517.368
Eiginfjárþáttur 1	192.769	179.321
Vogunarhlutfall	12,4%	11,8%

47. Eiginfjárstýring, frh.

MREL

Samstæðan verður að uppfylla lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar (MREL) í samræmi við lög nr. 70/2020 um skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja, með síðari breytingum, en með þeim var BRRD I og BRRD II (að hluta) innleitt í íslensk lög. Eigið fé sem er ekki notað til að uppfylla samanlagða kröfu um eiginfjárauka er hægt að nýta til að uppfylla MREL kröfuna. Í október 2023 birti Skilavald Seðlabanka Íslands bankanum MREL kröfur byggðar á fjárhagsupplýsingum við árslok 2022. Kröfurnar eru settar fram sem hlutföll af áhættugrunni og af heildaráhættuskuldbindingum. Bæði hlutföllin eru sýnd í töflunni hér fyrir neðan. Bankinn gerir ráð fyrir því að MREL krafa um undirskipan taki gildi hér á landi þann 1. ágúst 2026.

Lágmarkskrafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar	2023	2022
Eiginfjárgrunnur	219.584	212.101
Hæfar skuldbindingar	124.955	155.667
Eiginfjárgrunnur og hæfar skuldbindingar	344.539	367.768
Samanlögð krafa um eiginfjárauka (CBR)	83.763	82.196
Eiginfjárgrunnur og hæfar skuldbindingar sem eru ekki nýttar í CBR	260.775	285.572
Áhættugrunnur (REA)	910.471	883.832
Eiginfjárgrunnur og hæfar skuldbindingar sem eru ekki nýttar í CBR (% REA)	28,6%	32,3%
MREL krafa (% REA)	20,2%	23,0%
Heildarmælistærð áhættuskuldbindinga (TEM)	1.550.334	1.517.368
Eiginfjárgrunnur og hæfar skuldbindingar (% TEM)	22,2%	24,2%
MREL krafa (% TEM)	6,0%	

Gjaldþol, Solvency II

Eignir umfram skuldir skv. Solvency II	10.232	9.175
Víkjandi lán	1.263	1.169
Áætluð arðgreiðsla	-	-
Gjaldþol	11.495	10.344
Gjaldþolskrafa	8.294	7.114
Gjaldþolshlutfall	138,6%	145,4%

Gjaldþolskrafa dótturfélagsins Varðar er reiknað samkvæmt lögum um vátryggingastarfsemi.

48. Rekstraráhætta

Rekstraráhætta er hættan á beinu eða óbeinu tapi, eða skaða á orðspori samstæðunnar vegna ófullnægjandi innri verkferla, mannlegra mistaka, kerfismistaka eða vegna ytri atburða í rekstrarumhverfi, sem áhrif hafa á ímynd og rekstur samstæðunnar.

Sérhver rekstrareining samstæðunnar ber ábyrgð á stjórnun eigin rekstraráhættu. Áhættustýring ber ábyrgð á þróun og viðhaldi aðferða til greininga, mælinga, eftirlits og skýrslugjafar um rekstraráhættu samstæðunnar.

Samstæðan beitir staðalaðferð við útreikning eiginfjárkröfu vegna rekstraráhættu.

Skýringar við samstæðureikninginn

49. Sjálfbærniáhætta

Sjálfbærniáhætta er skilgreind sem sú áhætta að tiltekin starfsemi eða háttsemi stefni eignum eða orðspori samstæðunnar í voða eða gangi á rétt komandi kynslóða eða samfélagshópa. Ástæður fyrir þessu geta verið neikvæð áhrif á umhverfið, auðlindir jarðar, arfleifð sögunnar eða þjóðfélagsaðstæður. Sjálfbærninefnd bankans ber ábyrgð á því að meta hversu vel bankinn stendur sig í að uppfylla skuldbindingar sínar og stefnu varðandi umhverfisþætti, félagslega þætti og stjórnarhætti (UFS). Einnig ber nefndin ábyrgð á að aðlaga stefnu og áhættuvilja bankans að þessum skuldbindingum.

Grænn fjármögnunarrammi

Árið 2021 gaf bankinn út grænan fjármögnunarramma. Innan þessa ramma getur bankinn gefið út græna skuldagerninga, þ.m.t. sértryggð skuldabréf, skuldabréf, lán, viðskiptabréf, endurkaupasamninga og innlán. Notkun á því fjármagni sem fæst með þessum skuldagerningum er takmörkuð við fjármögnun hæfra eigna sem skilgreindar eru í rammanum. Hæfar eignir skiptar í nokkra flokka sem eru skilgreindir með tilteknum skilyrðum auk þess sem ákveðnar eignir eru sérstaklega undanskildar. Ramminn útlistar jafnframt þá ferla sem notaðir eru til að bera kennsl á hæfar eignir, hvernig upplýsingagjöf varðandi notkun rammans er háttað og hvernig ytra eftirlit fer fram. Áður en græni fjármögnunarramminn var gefinn út studdist bankinn við umgjörð um græn innlán en hún hefur nú verið sameinuð rammanum. Taflan sýnir

Grænir skuldagerningar	2023	2022
Innlán	25.477	21.274
Lántökur	98.801	97.405
Bókfært virði	124.278	118.679

Flokkaskipting grænna eigna sem metnar hafa verið hæfar		
Sjálfbærar fiskveiðar og fiskeldi	25.493	51.936
Endurnýtanleg orka	429	-
Græn ökutæki	6.317	4.879
Grænar byggingar	67.484	64.232
Bætt orkunýtni	16.644	8.189
Mengunarvarnir, mengunarstýring og meðhöndlun affallsvatns	6.523	6.174
Bókfært virði	122.890	135.410

Skýringar við samstæðureikninginn

Helstu reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð þessara reikningsskila eru þær sömu og beitt var við gerð ársreiknings samstæðunnar fyrir árið 2022, nema í þeim tilvikum þegar um er að ræða breytingar á núverandi stöðlum sem tóku gildi 1. janúar 2023 og staðfestir hafa verið af Evrópusambandinu og breytingar sem gerðar hafa verið á lögum um ársreikninga, lögum um fjármálafyrirtæki og reglum um reikningsskil lánastofnana. Einungis innleiðing á IFRS 17 um vátryggingasamninga sem tók gildi 1. janúar 2023 hafði áhrif á samstæðureikninginn.

Alþjóðlegur reikningsskilastaðall, IFRS 17 um vátryggingasamninga tók gildi 1. janúar 2023. Staðallinn tekur til allra útgefinna tryggginga- og endurtryggingasamninga. Útgefendur tryggingasamninga skulu setja þá fram í efnahagsreikningi sem samtölu sjóðstreymis og þeirrar álagningar sem þeir fela í sér. Með sjóðstreymi er átt við áætluð iðgjöld sem félagið innheimtir að frádregnum greiðslum tjóna og kostnaðar, að teknu tilliti til tíma og áhættu. Með álagningu er átt við áætlaðan hagnað af tryggingunni. Áhrif staðalsins á birta afkomu félagsins voru ekki veruleg en nokkur breyting var gerð á framsetningu rekstrarreiknings. Vátryggingaskuld í efnahagsreikningi í ársbyrjun 2023 var lægri en skuldin samkvæmt fyrri aðferðum. Annars vegar breyttist framsetning iðgjaldaskuldar þannig að einungis fyrirframgreidd iðgjöld teljast til iðgjaldaskuldar, sem veldur lækkun á skuldinni og samsvarandi lækkun á viðskiptakröfum. Hins vegar breytist útreikningur á tjónaskuld en það mun ekki hafa teljandi áhrif á fjárhæð skuldarinnar.

50. Rekstrarhæfi

Stjórnendur samstæðunnar hafa lagt mat á áframhaldandi rekstrarhæfi hennar og eru þeirrar skoðunar að samstæðan hafi það sem til þarf til áframhaldandi reksturs. Við það mat hafa stjórnendur horft til þeirrar áhættu sem að samstæðunni snýr en henni er nánar lýst í skýringum um áhættustýringu. Reikningsskilin byggja á þeirri forsendu að ekki leiki vafi um áframhaldandi rekstrarhæfi.

51. Grundvöllur samstæðunnar

Dótturfélög

Dótturfélög eru lögaðilar sem lúta yfirráðum samstæðunnar. Reikningsskil dótturfélaga eru innifalin í samstæðureikningnum frá þeim degi sem yfirráð fást og til þess dags sem yfirráðum lýkur. Reikningsskil dótturfélaganna ná yfir sömu tímabil og móðurfélagsins og sambærilegum reikningsskilaaðferðum er beitt.

Fyrirtæki í samstæðunni

Kaupaðferðinni er beitt við kaup á fyrirtækjum í samstæðunni á kaupdegi, þ.e. þegar yfirráð færast til samstæðunnar. Samstæðan fer með yfirráð einungis ef samstæðan:

- fer með yfirráð yfir félaginu (þ.e. núverandi réttindi sem gefa möguleika á að hafa bein áhrif á starfsemi félagsins),
- er skuldbundin vegna rekstrar félagsins eða getur gert tilkall til afkomu af fjárfestingu í félaginu og
- á möguleika á að nota vald sitt yfir félaginu til þess að hafa áhrif á afkomu þess.

Yfirleitt er litið svo á að meirihluti atkvæða sé forsenda yfirráða. Til stuðnings þeirri ályktun, og þegar samstæðan fer ekki með meirihluta atkvæða eða sambærilegra réttinda í félagi, tekur samstæðan tillit til staðreynda og málavaxta allra viðeigandi við mat á því hvort hún fari með yfirráð yfir félagi, þ.m.t. (i) samninga við aðra sem fara með atkvæði í viðkomandi félagi, (ii) réttindi vegna annarra samninga og (iii) atkvæðaréttar samstæðu og mögulegs atkvæðaréttar. Samstæðan sannreynir hvort hún fari með yfirráð yfir félagi ef breytingar verða á einum eða fleiri þessara þátta.

Samstæðan metur viðskiptavild við kaup sem:
- gangvirði greiðslunnar sem innt er af hendi, að viðbættri
- færðri hlutdeild minnihluta í hinu keypta félagi, að frádregnu
- ef kaupin eru gerð í þrepum, gangvirði þess eignarhlutar sem samstæðan átti áður, að frádregnu
- hreinu virði (oftast gangvirði) þeirra eigna og skulda sem fylgja með í kaupunum.

Þegar mismunurinn er neikvæður er ávinningurinn sem felst í kaupunum tekjufærður í rekstri á kaupdegi.

Kostnaður við viðskiptin er gjaldfærður í rekstri meðal stjórnunarkostnaðar.

Hlutdeild minnihluta

Hlutdeild minnihluta er sá hluti af hagnaði eða tapi og eigin fé sem ekki er í eigu samstæðunnar, beint eða óbeint. Hlutdeild minnihluta er sýnd sérstaklega í rekstrarreikningi og telst til eigin fjár í efnahagsreikningi, aðskilið frá eigin fé sem tilheyrir eigendum samstæðunnar.

Samstæðan velur í sérhverjum kaupum að meta hlutdeild minnihluta í dótturfélagi annað hvort
- á gangvirði eða
- sem hlutfall af eignum og skuldum dótturfélagsins, sem að jafnaði eru á gangvirði.

Breyting á eignarhlut samstæðunnar í dótturfélagi sem ekki leiðir til þess að yfirráð tapist er færð sem eiginfjárhreyfing.

Skýringar við samstæðureikninginn

51. Grundvöllur samstæðunnar, frh.

Yfirráðum lýkur

Þegar yfirráðum lýkur, hættir samstæðan að taka tillit til eigna og skulda dótturfélagsins, hugsanlegrar hlutdeildar minnihluta og annarra þátta eiginfjár sem tengjast dótturfélaginu. Ef hagnaður eða tap myndast við lok yfirráða er það fært gegnum rekstur.

Viðskipti milli félaga innan samstæðunnar

Viðskiptastöður milli félaga innan samstæðunnar og tekjur og gjöld sem myndast hafa vegna viðskipta milli félaga innan samstæðunnar eru felld út við gerð samstæðureikningsskilanna. Þetta á einnig við dótturfélög sem flokkuð eru sem aflögð starfsemi til sölu.

Sjóðastýring

Samstæðan stjórnar og hefur umsjón með eignum í verðbréfa- og fjárfestingarsjóðum fyrir hönd fjárfesta. Reikningsskil þessara sjóða eru ekki innifalin í samstæðureikningi þessum nema í þeim tilvikum þegar aðilinn lýtur yfirráðum samstæðunnar.

Þegar mat er lagt á hvort taka eigi fjárfestingarsjóði með í samstæðureikningsskil, fer samstæðan yfir allar staðreyndir máls til að ákvarða hvort samstæðan, sem sjóðstjóri, gegni hlutverki umboðsaðila eða fjárfestis. Samstæðan er álitin fjárfestir, og stjórnar og tekur sjóðinn með í samstæðureikningsskilum sínum, þegar samstæðan gegnir hlutverki sjóðsstjóra og getur ekki skorast undan því án tilefnis, fær tekjur af verulegu eignarhaldi og er í stöðu til að hafa áhrif á afkomu sjóðsins með því að beita valdi sínu. Samstæðan er skilgreind sem umboðsaðili í öllum sínum tilvikum.

52. Hlutdeildarfélög

Hlutdeildarfélög eru þau félög sem samstæðan hefur veruleg áhrif á, þ.e. vald til að taka þátt í ákvörðunum um fjárhag og rekstrarstefnu þeirra en hefur ekki yfirráð eða sameiginleg yfirráð yfir slíkum ákvörðunum. Veruleg áhrif eru yfirleitt fyrir hendi þegar samstæðan ræður yfir 20% eða meiru af atkvæðamagni, þar á meðal mögulegum atkvæðisrétti, nema hægt sé að sýna fram á það með óyggjandi hætti að það sé ekki raunin. Fjárfestingar í hlutdeildarfélögum eru upphaflega færðar á kostnaðarverði. Bókfært verð fjárfestinga í hlutdeildarfélögum felur í sér óefnislegar eignir og uppsafnaða virðisrýrnun.

Þeir þættir sem tekið er tillit til við ákvörðun á verulegum áhrifum eru sambærilegir þeim sem nauðsynlegir eru við mat á yfirráðum yfir dótturfélagi.

Fjárfestingar í hlutdeildarfélögum eru færðar samkvæmt hlutdeildaraðferð.

Samstæðureikningsskilin taka tillit til hluta samstæðunnar í afkomu hlutdeildarfélaga frá þeim degi sem veruleg áhrif hefjast og til þess dags sem verulegum áhrifum lýkur. Þegar hlutdeild samstæðunnar í tapi er umfram eignarhlut þess í hlutdeildarfélagi er bókfært verð samstæðunnar fært niður í núll og færslu frekara taps er hætt nema að því marki sem samstæðan hefur stofnað til lagalegra eða ætlaðra skuldbindinga eða innt af hendi greiðslur fyrir hönd hlutdeildarfélagsins. Ef hlutdeildarfélagið skilar hagnaði síðar byrjar samstæðan aftur að færa hlutdeild sína í þeim hagnaði en þó aðeins eftir að hlutdeild þess í hagnaðinum jafngildir hlutdeildinni í tapi sem ekki var færð.

Þegar veruleg áhrif yfir hlutdeildarfélagi eru ekki lengur til staðar metur og bókfærir samstæðan eftirstæða fjárfestingu á gangvirði. Mögulegur mismunur á bókfærðu virði hlutdeildarfélags þegar veruleg áhrif eru ekki lengur til staðar og gangvirði í eftirstæðum eignarhlut og rekstraráhrif af sölu eru færð í gegnum rekstur.

Virðisrýrnun fjárfestinga í hlutdeildarfélögum

Eftir að hlutdeildaraðferð hefur verið beitt við eignfærslu fjárfestinga í hlutdeildarfélögum, metur samstæðan hvort nauðsynlegt sé að færa virðisrýrnun á fjárfestingunum. Samstæðan byrjar á að skoða hvort fyrirliggjandi séu upplýsingar um að fjárfesting í hlutdeildarfélagi hafi rýrnað að virði. Ef slíkar upplýsingar eru fyrirliggjandi, gerir samstæðan virðisrýrnunarpróf á fjárfestingunni með því að bera saman bókfært virði hennar og endurheimtanlegt virði, sem er það sem hærra reynist af notkunarvirði eða gangvirði að frádregnum kostnaði við viðskiptin.. Endurheimtanlegt virði fjárfestingar í hlutdeildarfélögum er metið fyrir hvert hlutdeildarfélag fyrir sig, nema í þeim tilvikum að hlutdeildarfélag skapar ekki sjóðstreymi frá rekstri sem er að mestu óháð öðrum fjárfestingum samstæðunnar. Bókfært virði umfram endurheimtanlegt virði er gjaldfært í rekstri sem virðisrýrnun. Virðisrýrnun er bakfærð í gegnum rekstur ef ástæður virðisrýrnunarinnar eiga ekki lengur við.

Skýringar við samstæðureikninginn

53. Erlendir gjaldmiðlar

Reikningsskil dótturfélaga innan samstæðunnar eru færð í starfrækslugjaldmiðli viðkomandi félags.

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknuð í starfrækslugjaldmiðil viðkomandi félags í samstæðunni á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum á reikningsskiladegi eru umreiknaðar yfir í starfrækslugjaldmiðil á gengi þess dags. Gengismunur sem verður til vegna uppgjörs eða umreiknings á peningalegum liðum er færður í rekstrarreikning. Eignir aðrar en peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar á kostnaðarverði.

54. Vextir

Vaxtatekjur og vaxtagjöld eru færð í rekstrarreikning með aðferð virkra vaxta. Virkir vextir eru hlutfallið sem núvirðir áætlað framtíðarsjóðstreymi á væntanlegum gildistíma fjármálagerningsins (eða á styttra tímabili ef við á) að hreinu bókfærðu virði fjáreignarinnar eða fjárskuldarinnar. Virkir vextir eru ákvarðaðir við upphaflega skráningu fjáreignarinnar og fjárskuldarinnar og eru ekki endurskoðaðir síðar.

Við útreikning á virkum vöxtum er tekið tillit til allra greiddra eða innheimtra þóknana og viðskiptakostnaðar, undir- og yfirverðs sem er óaðskiljanlegur hluti virkra vaxta. Viðskiptakostnaður er kostnaður sem rekja má beint til kaupa, útgáfu eða ráðstöfunar fjáreignar eða fjárskuldar.

Vaxtatekjur og vaxtagjöld sem færð eru í rekstrarreikning eru m.a.

- vextir af fjáreignum og fjárskuldum á afskrifuðu kostnaðarverði með aðferð virkra vaxta,
- vextir af fjáreignum og fjárskuldum á gangvirði í gegnum rekstrarreikning og
- vextir af fjáreignum og fjárskuldum sem eru færðar á gangvirði í gegnum aðra heildarafkomu.

55. Þóknanatekjur og þóknanagjöld

Samstæðan veitir ýmsa þjónustu til viðskiptavina sinna og fær af henni tekjur, svo sem tekjur af fyrirtækjasviði, viðskiptabankastarfsemi, markaðsviðskiptum, fyrirtækjaráðgjöf, eignastýringu og einkabankaþjónustu. Þóknanir sem fengnar eru fyrir þjónustu sem er veitt yfir tiltekinn tíma eru færðar eftir því sem þjónustan er veitt. Þóknanir vegna viðskiptafærslna eru færðar þegar þjónustunni er lokið. Þóknanir sem eru árangurstengdar eru færðar þegar tilsettum árangri hefur verið náð.

Þóknanatekjur og þóknanagjöld sem eru hluti virkra vaxta fjáreigna og fjárskulda eru tekin með í útreikningi á virkum vöxtum.

56. Hreinar fjármunatekjur

Hreinar fjármunatekjur eru arðstekjur, hreinn hagnaður af fjáreignum og fjárskuldum á gangvirði og hreinn gengishagnaður.

i) Arðstekjur eru færðar þegar réttur til greiðslu þeirra hefur stofnast. Venjulega er þetta dagurinn sem er tilgreindur sem 1. viðskiptadagur án arðsréttinda.

ii) Hreinn hagnaður af fjáreignum og fjárskuldum á gangvirði samanstendur af hreinum innleystum og óinnleystum gangvirðisbreytingum að frátöldum vöxtum (sem færast undir vaxtatekjur og vaxtagjöld) og myntgengishagnaði og -tapi (sem færist undir hreinan gengishagnað eins og lýst er hér að neðan).

iii) Hreinn gengishagnaður felur í sér allan gengismun vegna uppgjörs á peningalegum eignum og skuldum í erlendum gjaldmiðlum og gengismun peningalegra eigna og skulda í erlendum gjaldmiðlum sem myndast vegna breytinga frá upphaflega skráðu gengi á tímabilinu eða í fyrri reikningsskilum.

Hreinn gengishagnaður felur einnig í sér gengismun vegna umreiknings eigna og skulda sem ekki eru fjáreignir og fjárskuldir og færðar eru á gangvirði í erlendum gjaldmiðlum, en hagnaður og tap af þeim færist einnig í rekstrarreikning.

57. Afkoma af vátryggingasamningum

Tekjur af vátryggingasamningum í rekstrarreikningi eru þau iðgjöld og aðrar tekjur vegna vátryggingasamninga sem falla til á rekstrarárinu.

Gjaldfærður kostnaður af vátryggingasamningum í rekstrarreikningi eru tjón ársins ásamt hækkun eða lækkun vegna tjóna fyrri ára, kostnaður við öflun trygginga og annar kostnaður sem hlýst af starfseminni, s.s. markaðskostnaður, launakostnaður og skrifstofu- og stjórnunarkostnaður.

Skýringar við samstæðureikninginn

58. Tekjuskattur

Tekjuskattur samanstendur af tekjuskatti til greiðslu og frestuðum tekjuskatti. Tekjuskattur vegna rekstrarársins hefur verið reiknaður og færður í samstæðureikninginn.

Tekjuskattur til greiðslu er áætlaður tekjuskattur vegna afkomu ársins, reiknaður með skatthlutfalli gildandi laga um tekjuskatt á reikningsskiladegi og leiðréttingar á skatti fyrri tímabila, ef um þær er að ræða. Skattalegur hagnaður getur verið annar en afkoma fyrir skatta í rekstrarreikningi þar sem undanskilin geta verið tekjur eða gjöld sem eru frádráttarbær á öðrum tímabilum og tekjur og gjöld geta verið undanskilin þar sem tekjurnar eru ekki skattskyldar eða gjöldin eru ekki frádráttarbær.

Tekjuskatt til greiðslu og frestuðan skatt skal færa yfir eigið fé ef viðkomandi liður sem myndar skattstofninn er færður yfir eigið fé en ekki yfir rekstur.

Frestaður skattur er færður vegna tímabundins mismunar á bókfærðu virði efnahagsliða og færðum gengismuni samkvæmt skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar.

Frestaður skattur er reiknaður með þeim skatthlutföllum sem reiknað er með að gildi þegar tímabundnir mismunir snúast við, og er stuðst við gildandi skatthlutfall á reikningsskiladegi.

Frestaðri tekjuskattseign er jafnað á móti tekjuskattsskuldbindingu í þeim tilvikum þegar lagalega er heimilt að jafna saman skatteign og skattskuld sem hafa myndast vegna álagningar skatta á tiltekinn skattaðila hjá sömu skattyfirvöldum, eða fleiri en einn skattaðila sem eru samskattaðir.

Reiknuð skatteign er aðeins færð ef líklegt er talið að framtíðarhagnaður verði sem nýta megi á móti eigninni. Reiknuð skatteign er lækkuð að því marki sem ekki er talið líklegt að hún nýtist. Frestuð tekjuskattseign er yfirfarin á reikningsskiladegi og er hún lækkuð að því marki sem talið er ólíklegt að muni nýtast á móti afkomu. Slíkar frestaðar skatteignir og skattskuldir eru ekki færðar ef tímabundinn munur er tilkominn vegna upphaflegrar skráningar (að samruna undanskildum) eignarinnar og skuldarinnar í hreyfingum sem hvorki hafa áhrif á skattalega afkomu né reikningshaldslega afkomu. Þar að auki er skattskuld ekki færð ef tímabundinn mismunur er tilkominn vegna upphaflegrar skráningar viðskiptavildar.

59. Fjáreignir og fjárskuldir

Skráning og upphaflegt mat

Samstæðan metur fjáreignir og fjárskuldir við upphaflega skráningu á því gangvirði sem greitt er. Kaup og sala fjáreigna eru skráð á viðskiptadeginum sem samstæðan skuldbindur sig til að kaupa eða selja eignirnar. Allar aðrar fjáreignir og fjárskuldir eru skráðar á viðskiptadeginum sem samstæðan verður hluti af samningsbundnum greiðslum fjáreignarinnar eða skuldarinnar.

Fjáreignir og fjárskuldir eru færðar á gangvirði við upphaflega skráningu. Fyrir fjáreignir og fjárskuldir sem eru ekki færðar á gangvirði í gegnum rekstrareikning bætist við viðskiptakostnaður sem tengjast kaupum eða sölu með beinum hætti.

Afskráning

Fjáreignir eru afskráðar þegar réttur til sjóðstreymis af fjáreigninni er ekki lengur fyrir hendi, eða þegar samstæðan hefur framselt nánast alla áhættu og ávinning af eignarhaldinu.

Fjárskuldir eru afskráðar þegar samningsbundnar skuldbindingar samstæðunnar eru uppfylltar, þær felldar niður eða þeim lýkur.

Skuldagerningur

Skuldagerningar, þar með talin lán og markaðsskuldabréf, eru flokkaðir í einn af eftirfarandi matsflokkum:

- eignir færðar á afskrifuðu kostnaðarverði
- eignir færðar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning (GGR) eða
- eignir færðar á gangvirði í gegnum aðra heildarafkomu (GGAHA)

Skuldagerningur er eingöngu færður á kostnaðarverði uppfylli hann bæði efirfarandi skilyrði og er ekki tilgreindur á gangvirði í gegnum rekstrarreikning:

- skuldagerning er haldið innan viðskiptamódels sem hefur það að markmiði að safna endurgreiðslum samningsbundins sjóðsflæðis; og
- endurgreiðslur samningsbundins sjóðsflæðis eru eingöngu endurgreiðsla höfuðstóls og vaxta (e. Solely payments of principal and intereset; hér eftir SPPI).

Skuldagerningur er eingöngu færður á gangvirði í gegnum aðra heildarafkomu ef hann uppfyllir bæði eftirfarandi skilyrði og er ekki tilgreindur á gangvirði í gegnum rekstrarreikning:

- skuldagerning er haldið innan viðskiptamódels sem hefur það að markmiði að safna bæði endurgreiðslum samningsbundins sjóðsflæðis og selja fjáreignir og
- endurgreiðslur samningsbundins sjóðsflæðis eru SPPI.

Allir aðrir skuldagerningar eru færðir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning.

59. Fjáreignir og fjárskuldir, frh.

Mat á viðskiptalíkani

Við mat á viðskiptalíkani þarf að ákvarða hvort fjáreignir eru keyptar til að safna endurgreiðslu höfuðstóls og vaxta, selja eignir eða hvoru tveggja. Samstæðan metur viðskiptalíkan út frá flokkum eigna og þeirra viðskiptamarkmiða sem þeirra er aflað í. Við mat á viðskiptalíkani horfir samstæðan til eftirfarandi þátta:

- hvernig árangur eigna í safni er metinn og hvernig upplýsingagjöfin er til yfirmanna og annarra lykilmanna innan starfssviða
- þær áhættur sem hafa áhrif á arðsemi eignanna sem flokkaðar eru innan viðskiptalíkans og hvernig þeim áhættum er stýrt,
- hvort eignir eru veltufjáreignir, t.d. eignir sem samstæðan eignast nær eingöngu til að selja eða kaupa á ný innan skamms tíma, eða er haldið sem hluta af safni sem er stýrt til að innleysa skammtímahagnað eða vegna skammtíma stöðutöku,
- hvernig þóknun til stjórnenda samstæðunnar er metin og
- tíðni og umfang viðskipta með eignir á fyrri tímabilum og framtíðarvæntinga um sölu.

Mat á samningsbundnu sjóðsflæði

Mat á eigindum samningsbundins sjóðsflæðis felur í sér yfirferð á greiðsluháttum fjáreignar og ákvörðunar um hvort það sé í samræmi við hefðbundið lánasamband. Samningsbundið sjóðsflæði sem er í samræmi við hefðbundið lánasamband er metið sem SPPI.

Vextir eru skilgreindir sem andlag til tryggingar fyrir tímagildi fjármuna, fjármögnunarkostnaðar bankans og þeirrar útlánaáhættu sem tengist útistandandi höfuðstól, auk annars kostnaðar (svo sem lausafjáráhættu og rekstrarkostnaðar), auk hagnaðarhlutfalls. Verðtrygging lána í samræmi við vísitölu neysluverðs (VN) er átalin falla undir skilgreiningu vaxta þar sem vertryggingin tryggir endurgreiðslu tímagildis fjármuna af upphaflegri lánveitingu. Höfuðstóll getur tekið breytingum á líftíma eignar vegna endurgreiðslna. Verðtrygging á höfuðstól safnast upp yfir líftíma eignar.

Við framkvæmd þessa mats, tekur samstæðan til skoðunar samningsbundna skilmála sem gætu breytt fjárhæð eða tímasetningu samningsbundins sjóðsflæðis, þannig að samningsbundið sjóðsflæði uppfyllir ekki lengur kröfur til hefðbundins lánasambands. Ef samstæðan greinir samningsbundna skilmála sem geta breytt samningsbundnu sjóðsflæði eignar með þeim hætti að það uppfylli ekki lengur hefðbundið lánasamband, er viðkomandi eign færð á gangvirði í gegnum rekstrareikning.

Skuldagerningar færðir á afskrifuðu kostnaðarverði

Skuldagerningar eru færðir á afskrifuðu kostnaðarverði ef þeirra er aflað innan viðskiptamódels með það að markmiði að halda á eignum til gjalddag og safna samningsbundnu sjóðsflæði samninganna, og samningsbundna sjóðsflæðið uppfyllir kröfur um að vera eingöngu endurgreiðslur höfuðstóls og vaxta (SPPI). Eftir upphaflega skráningu eru skuldagerningar færðir með aðferð virkra vaxta. Virkir vextir eru vextir sem notaðir eru til að núvirða samningsbundið sjóðsflæði á samningstíma til útreiknings á bókfærðu heildarvirði fjáreigna. Afskrifað kostnaðarverð er reiknað að teknu tilliti til affalla, færslukostnaðar og gjalda sem eru lykilþáttur virkra vaxta. Innlausn vaxta með aðferð virkra vaxta er færð meðal vaxtatekna í rekstrarreikningi samstæðunnar.

Virðisrýrnun skuldagerninga, sem færðir eru á afskrifuðu kostnaðarverði, er reiknuð með aðferð um væntа virðisrýrnun. Lán og skuldagerningar færðir á afskrifuðu kostnaðarverði eru settir fram í efnahagsreikningi samstæðunnar að teknu tilliti til væntrar virðisrýrnunar.

Skuldagerningar færðir á gangvirði í gegnum aðra heildarafkomu

Skuldagerningar eru færðir á gagnvirði í gegnum aðra heildarafkomu ef þeir eru keyptir inn í viðskiptalíkan með það að markmiði að halda á eignum til gjalddaga og safna af þeim samningsbundnu sjóðsflæði, og/eða að selja hluta þeirra fyrir loka gjalddaga og samningsbundið sjóðsflæði uppfyllir kröfur um að vera eingöngu endurgreiðsla höfuðstóls og vaxta (SPPI). Eftir upphaflega skráningu er óinnleystur hagnaður eða tap skuldagerninga, sem færðar eru á gangvirði í gegnum aðra heildarafkomu færður í yfirliti um aðra heildarafkomu. Við innlausn er uppsafnaður hagnaður eða tap sem fært hefur verið yfir aðra heildarafkomu endurflokkaður yfir í rekstrarreikning samstæðunnar. Myntgengismunur er færður í rekstrarreikning samstæðunnar. Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikning samkvæmt aðferð virkra vaxta.

Virðisrýrnun skuldagerninga færðum á gangvirði í gegnum aðra heildarafkomu er reiknuð með aðferð um væntа virðisrýrnun. Reiknuð virðisrýrnun skuldagerninga færðum á gagnvirði í gegnum aðra heildarafkomu hefur ekki áhrif á bókfært virði skuldagerninga í efnahagsreikningi samstæðunnar, sem eru á gangvirði. Þess í stað er fjárhæð, sem samsvarar útreikningi væntrar virðisrýrnunar skuldagernings væri hann færður á afskrifuðu kostnaðarverði, færð í aðra heildarafkomu með mótfærslu í hreina virðisbreytingu í rekstrarreikningi samstæðunnar. Uppsöfnuð áhrif væntrar virðisrýrnunar sem færð er í aðra heildarafkomu er endurflokkuð á móti rekstrarreikningi samstæðunnar við afskráningu skuldagernings.

59. Fjáreignir og fjárskuldir, frh.

Skuldagerningar færðir á gagnvirði í gegnum rekstrarreikning

Skuldagerningar eru færðir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning ef þeirra er aflað til að ná fram skammtímahagnaði, ef þeim er haldið sem hluta af safni sem er stýrt á gangvirðisgrunni eða að sjóðstreymi þeirra uppfyllir ekki sjóðsstreymisspróf (SPPI). Slíkir samningar eru metnir á gangvirði í efnahagsreikningi samstæðunnar. Innleystur og óinnleystur hagnaður eða tap er fært meðal hreinna fjármunatekna í rekstrarreikningi samstæðunnar.

Keypt lán

Öll keypt lán eru færð í upphafi á gangvirði kaupdags. Þannig er ekki færð vænt virðisrýrnun í efnahagsreikning á kaupdegi. Keypt lán flokkast í annan hvorn eftirfarandi flokk: lán í skilum eða virðisrýrð lán við kaup eða skráningu (e. Purchased or Originated Credit Impaired, POCI).

Keypt lán í skilum eru sjálfkrafa skráð í þrep 1 og fylgja sömu reikningshaldslegri meðhöndlun og önnur lán í skilum. Þau fá í upphafi 12 mánaða væntа virðisrýrnun sem er færð í niðurfærslusjóð í efnahagsreikningi samstæðunnar. Afföll eignanna eru innleyst í gegnum vaxtatekjur á líftíma eignanna.

Virðisrýrð lán við kaup eða skráningu eru ekki færð með niðurfærslu í niðurfærslusjóð í upphafi. Eftir upphaflega skráningu er færð niðurfærsla til jafns við væntingar um niðurfærslur út líftíma eignanna. Við upphaflega skráningu er afföllum hvers POCI láns skipt upp í tvo þætti, virðisrýrnunarafföll og vaxtaafföll. Vextir eru reiknaðir með virðisrýrðum virkum vöxtum og eru færðir á meðal vaxtatekna. Ársfjórðungslega endurreiknar samstæðan bókfært virði eignanna með því að endurreika núvirði af væntu framtíðar sjóðsflæði með upphaflegu virðisrýrðu virku vöxtunum, allar breytingar á núvirtu væntu sjóðsflæði frá upphaflegri skráningu eru færðar til hækkunar eða lækkunar á hreinni virðisbreytingu í rekstrarreikningi samstæðunnar þar til samningar hafa verið gerðir upp.

Hlutabréfaeign

Hlutabréfaeign er færð á gangvirði í gegnum rekstrarreikning.

Fyrir hlutabréfeign sem færð er færðar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning er breyting á gangvirði færð sem hluti af hreinum fjármunatekjum í rekstrarreikningi samstæðunnar.

Samstæðan getur valið að tilgreina hlutabréfaeign sem er ekki í virkum viðskiptum á gangvirði í gegnum aðra heildarafkomu. Slík tilgreining er gerð fyrir sérstakar eignir keyptar með tilteknu markmiði eða langtímaeignir. Ákvörðunin um að tilgreina eignir á gangvirði í gegnum aðra heildarafkomu er tekin við upphaflega skráningu fyrir hver kaup, því þegar hún hefur verið tekin er ekki hægt að breyta reikningshaldslegri meðhöndlun. Hagnaður og tap af slíkum fjáreignum við sölu eða afskráningu er færður í aðra heildarafkomu og er ekki endurflokkaður úr annarri heildarafkomu yfir í rekstrarreikning samstæðunnar. Fenginn arður er færður í hreinar fjármunatekjur í rekstrarreikningi samstæðunnar. Öllum kostnaði sem hlýst af kaupum á hlutabréfum er bætt við kostnaðargrunn eignanna og er ekki endurflokkaður yfir í rekstrarreikning samstæðunnar.

Jöfnun

Fjáreignum og fjárskuldum er eingöngu jafnað saman og hrein fjárhæð sýnd í efnahagsreikningi þegar fyrir hendi er lagalegur réttur til jöfnunar fjárhæða og ætlunin er að gera upp með jöfnun eða innleysa eignina og gera skuldina upp samhliða.

Tekjum og gjöldum er eingöngu jafnað saman þegar reikningsskilastaðlar heimila, eða vegna hagnaðar eða taps sem myndast hefur vegna safns sambærilegra viðskipta, t.d. í veltuviðskiptum samstæðunnar.

Vænt útlánatap

Samstæðan metur vænt útlánatap fyrir allar áhættuskuldbindingar, fyrir utan fjáreignir færðar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning og hlutafjáreignir tilgreindar á gangvirði í gegnum aðra heildarafkomu, en fyrir þær eignir er ekki krafa um mat á virðisrýrnun. Mikilvægasti flokkurinn þar sem vænt útlánatap er metið eru skuldagerningar (þ.m.t. lán til viðskiptavina) sem eru færðir á afskrifuðu kostnaðarvirði eða gangvirði í gegnum aðra heildarafkomu. Vænt útlánatap fyrir fjáreignir er fært sem hrein virðisbreyting. Tekið er tillit til vænts útlánataps í bókfærðu virði annarra eigna sem færðar eru á kostnaðarvirði í efnahagsreikningi samstæðunnar. Vænt tap er einnig metið fyrir liði utan efnahags, t.d. ábyrgðir og ónýtt lánsloforð, þar sem líkur eru á að þeir verði áhættuskuldbinding gagnvart bankanum. Vænt útlánatap fyrir liði utan efnahags er reiknað sérstaklega og tilgreint sem hluti annarra skulda.

59. Fjáreignir og fjárskuldir, frh.

Samstæðan mælir vænt útlánatap á hverjum reikningsskiladegi og byggir á virðisrýrnunarlíkani með þremur mismunandi þrepum eftir stöðu útlánaáhættu:

Þrep	Viðmið	Mat á væntu útlánatapi og virkum vöxtum
1	Óvirðisrýrðar áhættuskuldbindingar þar sem markverð aukning á útlánaáhættu hefur ekki átt sér stað	Vænt útlánatap er metið m.v. næstu 12 mánuði og byggir á líkum á alvarlegum vanskilum innan árs. Fyrir fjármálagerninga með væntan gildistíma sem er styttri en ár eru metnar líkur á alvarlegum vanskilum á því tímabili. Útreikningar á virkum vöxtum miða við bókfært heildarvirði.
2	Óvirðisrýrðar áhættuskuldbindingar þar sem markverð aukning á útlánaáhættu hefur átt sér stað m.v. metna útlánaáhættu við lánveitingu	Vænt útlánatap er metið yfir líftíma fyrirgreiðslunnar og byggir á líkum á alvarlegum vanskilum yfir væntan líftíma fjármálagerninganna. Útreikningar á virkum vöxtum miða við bókfært heildarvirði.
3	Áhættuskuldbindingar í alvarlegum vanskilum	Vænt útlánatap er metið yfir væntan líftíma fyrirgreiðslunnar. Virkir vextir eru reiknaðir m.v. bókfært virði.

Mat samstæðunnar á væntu útlánatapi byggir á hlutlausu núvirtu og líkindavegnu mati á tapi bankans vegna greiðslufalla vegna alvarlegra vanskila sem eiga sér stað á næstu 12 mánuðum eða, í þeim tilvikum þar sem markverð aukning á útlánaáhættu hefur átt sér stað, yfir væntan líftíma fyrirgreiðslu. Fyrir ábyrgðir og lánsloforð byggir mat á útlánatapi á þeim hluta ónýttrar fyrirgreiðslu sem samstæðan væntir þess að verði nýtt eða verði að áhættuskuldbindingu yfir gildistíma fjármálagerningsins, skilyrt við að alvarleg vanskil eigi sér stað.

Hækkun eða lækkun væntrar virðisrýrnunar vegna kaupa og nýskráningar, afskráningar og uppgjöra, og endurmats vegna breyttra væntinga um tapsatburði eða færslu milli þrepa er færð í hreinni virðisbreytingu. Afskriftir og endurheimtur áður afskrifaða fjárhæða eru færðar á móti væntri virðisrýrnun.

Í útreikningum er leitast við að framkvæma hlutlaust mat á væntu útlánatapi vegna fjáreigna á efnahagsreikningi samstæðunnar. Matið byggir að hluta á væntingum samstæðunnar á efnahagsþróun og styðst við gefnar forsendur sem byggja á sérfræðiáliti, sem m.a. hefur áhrif á efnahagssviðsmyndir framtíðar og færslu áhættuskuldbindinga milli þrepa. Undirliggjandi forsendur og sérfræðimat hafa þannig áhrif á breytingar á niðurfærslum milli tímabila og geta haft markverð áhrif á afkomu samstæðunnar.

Skilgreining á alvarlegum vanskilum

Samstæðan skilgreinir alvarleg vanskil í samræmi við grein 178 í reglugerð (ESB) 575/2013 (CRR). Hjá samstæðunni er litið svo á að fyrirgreiðsla sé í alvarlegum vanskilum þegar annað af tveimur eftirfarandi skilyrðum er uppfyllt:

- fyrirgreiðslan er komin í meira en 90 daga vanskil, eða
- lántaki er metinn ólíklegur til að geta staðið í skilum á greiðslu.

Fyrir fyrirtæki þýðir það að vera kominn í meira en 90 daga vanskil að lántakinn hefur verið í vanskilum sérhvern dag síðustu 90 daga. Fyrir einstaklinga þýðir það að vera kominn í meira en 90 daga vanskil að lántakinn hefur verið í vanskilum sérhvern dag síðustu 90 daga á fyrirgreiðslu sem tilheyrir sama flokki af fyrirgreiðslum.

Við mat á því hvort lántaki sé ólíklegur til að geta staðið í skilum er horft til mælanlegra og huglægra vísbendinga svo sem hvort lántaki er með lán í vanskilum, eigna- og skuldahlutföll viðkomandi, markaðsaðstæður, auk innri og ytri þátta.

Fyrirgreiðsla fer ekki úr alvarlegum vanskilum fyrir eftir skilorðstímabili er lokið. Það er að lágmarki þrír mánuðir ef fyrirgreiðslan hefur ekki fengið ívilnun en að lágmarki eitt ár ef fyrirgreiðslan hefur fengið ívilnun.

Fyrir fyrirtæki er nóg að ein skuldbinding lántaka sé í alvarlegum vanskilum til að gengið sé út frá því að lántakinn sé í alvarlegum vanskilum og þar með allar skuldbindingar hans. Í tilviki einstaklinga hefur samstæðan hins vegar skilgreint sex mismunandi flokka eftir tegund fyrirgreiðslu og smíðað tölfræðileg lánshæfismatslíkön fyrir hvern flokk - lán með veði í íbúðarhúsnæði, neytendalán, bílalán, ábyrgðir, lán til einstaklinga í atvinnuskyni og önnur lán. Vanskil eru metin í hverjum flokki fyrir sig. Það þýðir að viðskiptavinur getur verið í alvarlegum vanskilum á lánum sem tilheyra einum flokki án þess að aðrar fyrirgreiðslur viðskiptavinarins séu í alvarlegum vanskilum og öfugt. Alvarleg vanskil í öðrum flokkum hjá lántaka eru hins vegar skoðuð og allar fyrirgreiðslur aðila eru flokkaðar í alvarleg vanskil þegar vanskilin eru umtalsverð.

Líkur á alvarlegum vanskilum og lánshæfismat

Samstæðan úthlutar hverri fyrirgreiðslu lánshæfiseinkunn (dæmi: A+, A, A-, BBB+, o.s.frv.) sem byggir á líkum á alvarlegum vanskilum á næstu 12 mánuðum (hér eftir PD). Lánshæfiseinkunin er reiknuð með líkönum þróuðum af samstæðunni, eða byggt á utanaðkomandi lánshæfismati, sé það aðgengilegt. PD líkön samstæðunnar eru tölfræðileg líkön sem byggja á ýmsum upplýsingum sem sýnt hefur verið fram á að hafa forspárgildi varðandi alvarleg vanskil. Á meðal upplýsinga sem notaðar eru við þróun líkananna eru lýðfræðilegar stærðir, efnahagsstærðir, fjárhagslegar upplýsingar, upplýsingar um hegðun auk mats sérfræðinga á stöðu stórra fyrirtækja. Þær breytur sem notaðar eru í hvert líkan fara eftir lántaka og tegund fyrirgreiðslna. PD líkönin sem notuð eru í IFRS 9 útreikningum eru tímaháð, þ.e. útkoma þeirra er háð því hvar við erum stödd í efnahagssveiflunni á hverjum tíma. PD líkön samstæðunnar eru gæðaprófuð árlega og endurkvörðuð eða uppfærð reglulega ef þörf er á.

59. Fjáreignir og fjárskuldir, frh.

Lánshæfisskala samstæðunnar er að finna i neðangreindri töflu, neðri mörk tilheyra tilgreindum flokki :

Áhættu-flokkur	Lánshæfis einkunn	Neðri PD mörk	Efri PD mörk	S&P/ Fitch	Moody's	Lýsing
0	AAA	0,000%	0,006%	AAA	Aaa	Fjárfestingarflokkur
	AA+	0,006%	0,018%	AA+	Aa1	
	AA	0,018%	0,029%	AA	Aa2	
	AA-	0,029%	0,045%	AA-	Aa3	
	A+	0,045%	0,070%	A+	A1	
	A	0,070%	0,110%	A	A2	
	A-	0,110%	0,170%	A-	A3	
1	BBB+	0,170%	0,260%	BBB+	Baa1	Fjárfestingarflokkur
	BBB	0,260%	0,410%	BBB	Baa2	
	BBB-	0,410%	0,640%	BBB-	Baa3	
2	BB+	0,640%	0,990%	BB+	Ba1	Ekki
	BB	0,990%	1,540%	BB	Ba2	fjárfestingarflokkur
	BB-	1,540%	2,400%	BB-	Ba3	
3	B+	2,400%	3,730%	B+	B1	Ekki
	B	3,730%	5,800%	B	B2	fjárfestingarflokkur
	B-	5,800%	9,010%	B-	B3	
4	CCC+	9,010%	14,000%			Ekki
	CCC	14,000%	31,000%			fjárfestingarflokkur
	CCC-	31,000%	99,990%			
5	DD	99,99%	100,00%	D	C	Alvarleg vanskil

Samstæðan notar ytri lánshæfismatseinkunnir fyrir mótaðila sem eru með slíkar einkunnir gildar frá viðurkenndum lánshæfismatsstofnunum líkt og Moody's, Standard & Poor's og Fitch. Kvarði bankans fyrir innri einkunnir var upphaflega stilltur af með hliðsjón af sögulegum vanskilagögnum sem þessar stofnanir gefa út. Ytri lánshæfismatseinkunnir eru að aðallega notaðar þegar um er að ræða markaðsverðbréf og stöður bankans hjá erlendum fjármálastofnunum í formi innlána og peningamarkaðssjóða, sem falla undir niðurfærslukröfur IFRS 9. Vænt útlánatap samstæðunnar fyrir áðurnefndar stöður er greint niður m.v. hvort einkunn tilheyrir fjárfestingarflokki eða ekki, samkvæmt skilgreiningum lánshæfismatsstofnana.

Við upphaflega skráningu fá allar fyrirgreiðslur úthlutað lánshæfiseinkunn. Útreikningur á upphaflegri lánshæfiseinkunn er háður aðgengilegum gögnum á þeim tíma sem fyrirgreiðsla er skráð. Fyrirgreiðslur eru stöðugt endurmetnar með þeim líkönum sem greint er frá að ofan. Þetta endurmat getur haft í för með sér færslu á milli lánshæfiseinkunna.

Líkur á vanskilum

Eins og áður hefur komið fram byggja líkön um líkur á alvarlegum vanskilum bæði á mælanlegum og huglægum þáttum og í sumum tilvikum er notast við lánshæfiseinkunnir ytri aðila. Líkur á alvarlegum vanskilum mótaðila eru uppfærðar reglulegu en tíðni uppfærslna fer eftir tegund mótaðila og fyrirgreiðslu.

Til viðbótar við að meta líkur á alvarlegum vanskilum og úthluta hverri fyrirgreiðslu lánshæfiseinkunn, þá metur samstæðan einnig líkurnar á því að fyrirgreiðsla lántaka fari í alvarleg vanskil á einhverjum tímapunkti á líftíma sínum (hér eftir LPD). LPD fyrirgreiðslna tekur tillit til væntinga stjórnenda um þróun í efnahagsmálum og líknanna á að lánshæfiseinkunn muni breytast á líftíma fyrirgreiðslunnar. Til að ákvarða LPD eru reiknaðir PD ferlar, sem gefa líkur á alvarlegum vanskilum fyrir hvaða tímabil sem er, einn ferill fyrir hverja lánshæfismatseinkunn, PD líkan og efnahagsviðsmynd. Líftímalíkur á alvarlegum vanskilum á ársgrundvelli (hér eftir ALPD) eru þær 12 mánaða vanskilalíkur sem svara til líkinda á vanskilum út líftímann. Sú lánshæfiseinkunn sem samsvarar ALPD er skilgreind sem líftímalánshæfiseinkunn fyrirgreiðslunnar.

PD líkön samstæðunnar eru grunnurinn til að áætla PD feril fyrirgreiðslna. Samstæðan styðst við færslulíkön, þróuð á sögulegum gögnum, til að spá fyrir um þróun á lánshæfiseinkunn á tímabilum umfram eitt ár. Samstæðan hefur skipt upp færsluhegðun í sértæka áhættu og almenna áhættu og beitir spá sinni á þróun í efnahagsmálum á þá síðarnefndu. Greiningin á þróun lánshæfiseinkunnar vegna almennrar áhættu felur í sér skoðun á sambandi á milli vanskilaatburða og þróunar á lykilefnahagsstærðum. Atvinnuleysi er ráðandi spágildi. Á meðal annarra efnahagsstærða sem eru skoðaðar eru verg landsframleiðsla, einkaneysla, verðbólga, þróun húsnæðisverðs og stýrivextir.

Samstæðan metur reglulega helstu efnahagsstærðir og tekur tillit til innri og ytri greininga við mat á framtíðarþróun þeirra. Tekin er saman grunnsviðsmynd sem endurspeglar væntingar stjórnenda og sérfræðinga samstæðunnar en auk þess aðrar mögulegar sviðsmyndir sem saman spanna heildarmengið af mögulegri þróun efnahagsástands. Þessar efnahagsspár eru settar inn í ofangreind líkön og hafa þannig áhrif á mat samstæðunnar á LPD og aðra þá þætti sem hafa áhrif á vænt tap yfir líftíma fyrir fyrirgreiðslur samstæðunnar.

59. Fjáreignir og fjárskuldir, frh.

Fyrir einstaklinga er samstæðan með sex mismunandi líkön eftir tegund fyrirgreiðslu: lán með veði í íbúðarhúsnæði, neytendalán, bílalán, ábyrgðir, lán til einstaklinga í atvinnuskyni og önnur lán. Í tilviki fyrirtækja eru líkön fyrir eftirfarandi tegundir; stór fyrirtæki, lítil og meðalstór fyrirtæki, eignarhaldsfélög með takmarkað sjóðsstreymi, byggingaframkvæmdir, fjármálastofnanir (ytra lánshæfismat), ríki og sveitafélög, félagasamtök og húsfélög.

Tap að gefnum alvarlegum vanskilum

Hverri eign er úthlutað LGD-gildi en gildið lýsir mati á tapi að gefnum alvarlegum vanskilum. Samstæðan skiptir LGD upp í þrjá meginþætti; líkur á að eign fari úr alvarlegum vanskilum án taps, væntum endurheimtum af sölu tryggинga og endurheimtum fyrir ótryggðan hluta fyrirgreiðslunnar. Líkur á að eign fari úr alvarlegum vanskilum án taps eru metnar út frá sögulegum gögnum samstæðunnar um eignir sem komast í skil eftir alvarleg vanskil án taps. Væntar endurheimtur af sölu tryggинga byggja á reikniverki um tryggingadreifingu en það tekur tillit til forgangsröðunar tryggинga og tegundar. Mismunandi frádragi er beitt á markaðsvirði tryggинga eftir tryggingategundum og er það byggt á mati sérfræðinga bankans en stutt af sögulegum gögnum. Frádragið tekur tillit til kostnaðar og tímavirðis peninga. Eins er frádrag mismunandi eftir efnahagssviðsmyndum sem notaðar eru við útreikninga á væntu tapi. Í sumum tilfellum eru eignir taldar að fullu tryggðar eftir að frádragi er beitt og bera því ekkert vænt tap. Endurheimtur fyrir ótryggðan hluta fyrirgreiðslunnar byggir á mati sérfræðinga bankans og tekur það mat tillit til reynslu bankans af endurheimtum slíkra fyrirgreiðslna.

Eign í vanskilum telst vera komin úr alvarlegum vanskilum hafi hún komist í full skil, innan átján mánaða frá því að hún fór fyrst í alvarleg vanskil. Horft er á hverja tegund fyrirgreiðslu fyrir sig, eins og fyrir PD líkönin, en ekki á hvert lán fyrir sig. Tölfræðileg líkön eru til staðar fyrir lán með veði í íbúðarhúsnæði, neytendalán til einstaklinga, stór fyrirtæki og lítil og meðalstór fyrirtæki. Þar sem sumar af stýribreytum líkananna eru skyldar breytum í PD líkönunum þarf að huga að fylgni er milli þess að komast úr alvarlegum vanskilum án taps og PD og er tekið tillit til þess í útreikningum á væntu tapi. Til viðbótar hefur samstæðan búið til líkan sem metur meðallíkur á að eign komist úr vanefndum á hverjum tíma, byggt á efnahagsstærðum, og er þetta líkan notað við útreikninga á væntu tapi fyrir mismunandi sviðsmyndir.

Fyrirgreiðsla við alvarleg vanskil

Við útreikning á fyrirgreiðslu við alvarleg vanskil byggir samstæðan á samningsbundu greiðsluflæði hverrar fyrirgreiðslu fyrir sig en það er aðlagað út frá líkum á því að greitt verði inn á skuldina í heild eða hluta fyrir gjalddaga, dregið verði frekar á skuldina, skuldinni verði velt áfram, skuldin verði framlengd og því að staða ónýttrar heimildar geti breyst í aðdraganda alvarlegra vanskila. Beiting þessara hegðunarlíkana, sem byggja á sögulegri þróun og spá um framtíðina, er mismunandi eftir tegund fyrirgreiðslu.

Veruleg aukning í útlánaáhættu

Það er verulega matskennt hvort orðið hafi veruleg aukning í útlánaáhættu eða ekki. Við mat byggir samstæðan á viðeigandi stuðningsgögnum og framkvæmir matið með reglulegu millibili. Matið byggir á sögulegri reynslu, sérfræðiþekkingu og væntingum um framtíðarþróun. Fyrir útreikning á virðisrýrnun metur samstæðan markaðsskuldabréf sem bera litla áhættu á uppgjörsdegi sem áhættulitlar eignir og metur þar því ekki hvort orðið hafi veruleg aukning í áhættu frá upphaflegri skráningu.

Samstæðan álítur að veruleg aukning hafi orðið á útlánáhættu fyrirgreiðslu ef eitthvað af eftirfarandi hefur átt sér stað:

- lánshæfiseinkunn á uppgjörsdegi er ekki í áhættuflokki 0 eða 1 og hefur versnað sem nemur meira en einni lánshæfiseinkunn, borið saman við fyrstu lánshæfiseinkunn fyrirgreiðslunnar,
- líftíma-lánshæfiseinkunn á uppgjörsdegi er ekki í áhættuflokki 0 eða 1 og hefur versnað sem nemur meira en einni lánshæfiseinkunn borið saman við fyrstu líftíma-lánshæfiseinkunn fyrirgreiðslunnar. Þar sem ekki er hægt að ákvarða þessa stærð afturvirkt gildir þessi samanburður aðeins um fyrirgreiðslu sem veitt er eftir 1. janúar 2018.
- fyrirgreiðsla hefur notið ívilnandi aðgerða á síðustu sex mánuðum,
- fyrirgreiðsla er í meira en 30 daga vanskilum eða
- lántakinn/fyrirgreiðslan er á athugunarlista.

Samstæðan fylgist með árangri þeirra viðmiða sem eru notuð til þess að bera kennsl á verulega aukningu í útlánaáhættu og staðfestir reglulega að þessi viðmið nái bæði að grípa verulega aukningu í útlánaáhættu áður en fyrirgreiðsla fer í alvarleg vanskil og einnig að fyrirgreiðsla sé ekki að færast á milli þrepa 1 og 2 að ástæðulausu með tilheyrandi flökti á væntu tapi.

59. Fjáreignir og fjárskuldir, frh.

Áhættuskuldbindingar á þrepi 3

Áhættuskuldbindingar í alvarlegum vanskilum skv. skilgreiningu samstæðunnar á uppgjörsdegi eru í þrepi 3.

Virðisrýrnun fjáreignar er munurinn á bókfærðu heildarvirði hennar og áætluðu núvirtu framtíðarsjóðstreymi. Í sumum tilfellum er niðurfærsla eignar engin vegna góðrar tryggingarþekju.

Virðisrýrnun er færð sem hluti af hreinni virðisbreytingu og er sundurliðuð í skýringu 43. Ef niðurfærsla lækkar er áður færð niðurfærsla bakfærð í gegnum hreina virðisbreytingu.

Útreikningar á væntu tapi

Útreikningar á væntu tapi byggja á þremur grunnþáttum;

- líkum á alvarlegum vanskilum,
- tapi að gefnum alvarlegum vanskilum og
- fyrirgreiðslu við alvarleg vanskil (EAD).

Fyrir hvern ofangreindan þátt hefur samstæðan þróað eigin líkön, nema þegar stuðst er við lánshæfiseinkunum ytri aðila. Líkönin byggja á tölfræðilegum aðferðum og/eða reynslu og þekkingu sérfræðinga sem er studd sögulegum gögnum og líkönin eru aðlöguð að væntingum um þróun efnahagsstærða.

Við útreikning á væntu tapi eru metnar líkur á alvarlegum vanskilum yfir allan samningstímann (að teknu tilliti til framlenginga) á meðan útlánaáhætta er til staðar. Samningstíminn nær til þess dags sem samstæðan á samningsbundinn rétt á að fara fram á endurgreiðslu eða segja upp lánsloforði eða ábyrgð. Hinsvegar fela yfirdráttar- og kreditkortalán í sér bæði útborguð lán og óádregin lánsloforð. Samstæðan reiknar vænt tap vegna þessara tegunda fyrirgreiðslna fyrir lengra tímabil en hámarkssamningstímabilið ef verkferlar samstæðunnar takmarka ekki útsetningu samstæðunnar vegna útlánatapa við samningstímann. Þessar tegundir fyrirgreiðslna hafa ekki afmarkað endurgreiðslutímabil eða endurgreiðsluform. Að ákveðnum skilyrðum uppfylltum getur samstæðan afturkallað þessar tegundir fyrirgreiðslu samstundis en þeim samningsbundnum réttindum er ekki beitt frá degi til dags heldur aðeins þegar samstæðan verður vör við verulega aukningu í útlánaáhættu. Við mat á lengd tímabilsins sem notað er fyrir þessar skuldbindingar er horft til þeirra útlánaeftirlitsaðgerða sem samstæðan gerir ráð fyrir að beita og draga úr væntu tapi. Meðal aðgerða má nefna lækkun heimilda, afturköllun fyrirgreiðslu og breytingu á áðregnum hluta skuldarinnar yfir í lán með föstu endurgreiðsluformi. Við útreikning á væntu tapi eru væntar greiðslur núvirtar með virkum vöxtum fyrirgreiðslunnar.

Efnahagssviðsmyndir

Vænt tap fyrirgreiðslu er vegið meðaltal af væntu tapi fyrir þær mismunandi efnahagssviðsmyndir sem stjórnendur samstæðunnar hafa samþykkt að nota. Í dag notast samstæðan við þrjár sviðsmyndir; grunnsviðsmynd, bjartsýna sviðsmynd og svartsýna sviðsmynd. Vigt hverrar sviðsmyndar gefur til kynna mat á því hversu líklegt er að efnahagsbreytur sem notaðar eru til grundvallar sviðsmyndinni þróist líkt og sviðsmyndin segir til um. Spá um þróun efnahagsstærða og tilheyrandi vigtir byggja á spá sérfræðinga bankans sem styðjast m.a. við söguleg gögn. Spá samstæðunnar um þróun efnahagsstærða hefur bæði áhrif á mat hennar á því hvort útlánaáhætta fyrirgreiðslu hafi aukist verulega frá því að hún var upphaflega veitt (í gegnum samanburð á líftíma lánshæfiseinkunnum) og áhrif á mat á væntu tapi þar sem allir grunnþættir vænts taps (PD, LGD og EAD) eru háðir efnahagsstærðum.

Sú efnahagsstærð sem hefur mest vægi í útreikningum samstæðunnar á væntu tapi er atvinnuleysi, eins og það er mælt hjá Vinnumálastofnun. Á meðal annarra stærða sem skoðaðar eru má nefna verga landsframleiðslu, einkaneyslu, verðbólgu, þróun húsnæðisverðs og stýrivexti. Mikil fylgni er á milli tíðni alvarlegra vanskila hjá samstæðunni og atvinnuleysis. Þá er einnig fylgni milli hlutfalls þeirra sem komast í full skil eftir að hafa verið í alvarlegum vanskilum og atvinnuleysis. Frádrög tryggina eru einnig mismunandi eftir sviðsmyndum. Uppgreiðslutíðni, sem hefur áhrif á EAD, er háð vaxtamun við endurfjármögnun og þar sem fylgni er á milli vaxtastigs og atvinnuleysis er vænt uppgreiðslutíðni mismunandi fyrir hverja sviðsmynd.

Afskriftir lána

Lán eru afskrifuð, annaðhvort að hluta eða öllu leyti, þegar það eru engar raunhæfar væntingar á endurgreiðslum þ.e. vegna árangurslauss fjárnáms eða gjaldþrots lántaka. Tryggð lán eru almennt afskrifuð þegar tryggingar hafa verið innleystar. Eftir afskrift er lánum haldið í kröfuvakt í samræmi við heimildir íslenskra laga.

Skýringar við samstæðureikninginn

59. Fjáreignir og fjárskuldir, frh.

Skilmálabreytingar

Í sumum tilfellum er skilmálum fjáreigna breytt og um þá endursamið. Nýir skilmálar geta haft áhrif á samningsbundið sjóðsflæði. Meðhöndlun skilmálabreytinga fer eftir þeim ferlum sem farið er í vegna samningagerðar og umfangs og eðli þeirra breytinga sem farið er í. Skilmálabreytingar sem farið er í vegna aukinnar útlánaáhættu, einkum vegna endurskipulagningar vandræðalána, eru almennt meðhöndlaðar sem skilmálabreyting á upphaflegu fjáreigninni nema ef skilmálabreytingar eru álitnar verulegar. Verulegar skilmálabreytingar eru almennt álitnar vera uppgjör samningsbundins sjóðsflæðis, þannig geta slíkar skilmálabreytingar valdið því að upphafleg fjáreign verður afskráð og ný fjáreign skráð þess í stað.

Ef skilmálabreyting hefur ekki í för með sér afskráningu fjáreignar, er bókfært virði fjáreignarinnar endurreiknað sem núvirði af skilmálabreyttu samningsbundnu sjóðsflæði, núvirtu með upphaflegu virku vöxtunum. Þetta getur leitt til innlausnar á hagnaði eða tapi. Fjáreignin heldur áfram að falla undir sama mat á verulegri aukningu á útlánaáhættu í samanburði við upphaflega skráningu og virðisrýrnun eins og lýst er að ofan. Skilmálabreytt fjáreign mun færast úr þrepi 3 ef þeir þættir sem urðu til flokkunar í þrep 3 eru ekki lengur til staðar. Skilmálabreytt fjáreign mun færast úr þrepi 2 ef fjáreign uppfyllir ekki lengur flokkunarreglur sem notaðar eru til að meta verulega aukningu á útlánaáhættu, sem eru breytingar á PD, LPD, fjölda daga í vanskilum auk annarra þátta.

Ef skilmálabreyting hefur í för með sér afskráningu fjáreignar og skráningar nýrrar fjáreignar, er nýja fjáreignin almennt flokkuð í þrep 1, nema ef eign er metin vera virðisrýrð við upphaflega skráningu. Til að meta verulega aukningu á útlánaáhættu lána sem eru nýskráð í kjölfar skilmálabreytinga er stuðst við dagsetningu skilmálabreytingar við nýtt mat.

60. Áhættuvarnarreikningsskil

Samstæðan hefur valið að beita reglum IAS 39 um áhættuvarnarreikningsskil, skv. undanþágu í IFRS 9.

Samstæðan beitir áhættuvarnarreikningsskilum vegna tiltekinna skuldabréfa sem bankinn gefur út í erlendri mynt og bera fasta vexti og ákveðinna vaxtaskiptasamninga í erlendri mynt. Samstæðan færir gangvirðisbreytingar vaxtaskiptasamningsins ásamt breytingum á gangvirði skuldabréfsins, sem tilheyra vaxtaáhættunni, yfir hreinan hagnað af gangvirðisvörn vegna vaxtaskiptasamninga, sjá skýringu 10. Reiknaðir áfallnir vextir vaxtaskiptasamningsins og skuldabréfsins eru færðir yfir hreinar vaxtatekjur, sjá skýringu 7.

Við upphaflega skráningu áhættuvarnar skráir samstæðan með formlegum hætti sambandið milli þess sem áhættuvörnin nær til og áhættuvarnarsamningsins, þar með talið markmið með áhættustýringunni og stefnuna sem ákvörðuð var þegar farið var í áhættuvörnina, ásamt aðferðafræðinni sem beitt verður við mat á árangri áhættuvarnarinnar. Samstæðan metur, bæði við upphaf, lok og á meðan að áhættuvarnarsamningurinn er í gildi, hvort áhættuvarnarsamningurinn muni verða árangursríkur í að verja þær breytingar á gangvirði þess sem áhættuvarið er, á því tímabili sem áhættuvörnin nær til og jafnframt hvort niðurstaðan af hverjum áhættusamningi sé í raun innan 80-125% marka.

Í þeim tilvikum þegar áhættuvarnarsamningur er seldur, felldur niður eða lokið eða þegar áhættuvörnin uppfyllir ekki lengur skilyrði fyrir áhættuvarnarreikningsskilum á gangvirði þá er áhættuvarnarreikningsskilum hætt samstundis. Færslur sem upp koma fram að lokum áhættuvarnarreikningsskilanna vegna þess sem áhættuvarið er með vaxtaskiptasamningi, er fært yfir rekstur sem hluti af endurreiknuðum virkum vöxtum yfir eftirstæðan líftíma.

Aðrir afleiðusamningar, sem ekki er beitt í fullgildri áhættuvörn, eru notaðir til að stýra ójöfnuði í erlendri mynt, vöxtum, verðbréfum og útlánaáhættu. Fjármálagerningarnir fela í sér, en eru ekki einskorðaðir við, vaxtaskiptasamninga, gjaldeyrisskiptasamninga, framvirka samninga, valréttarsamninga og skiptasamninga með lán og verðbréf.

61. Handbært fé

Til handbærs fjár í yfirlitinu yfir sjóðstreymi telst sjóður, óbundnar innstæður í Seðlabanka Íslands og óbundnar innstæður hjá lánastofnunum. Handbært fé og ígildi þess samanstendur af innstæðum með gjalddaga innan þriggja mánaða frá móttöku. Handbært fé er eignfært á afskrifuðu kostnaðarverði í efnahagsreikningi.

Skýringar við samstæðureikninginn

62. Lán

Lán eru fjármálagerningar með föstum eða ákveðnum greiðslum sem ekki eru skráðir á virkum markaði og sem samstæðan hefur ekki í hyggju að selja þegar í stað eða í náinni framtíð. Lán eru m.a. lán sem samstæðan veitir lánastofnunum og viðskiptavinum sínum, þátttaka í sambankalánum og yfirtekin lán.

Lán eru upphaflega metin á gangvirði að viðbættum innbyggðum beinum viðskiptakostnaði og síðan metin á afskrifuðu kostnaðarverði með aðferð virkra vaxta.

Þegar samstæðan er leigusali samkvæmt leigusamningi sem færir alla eða mestalla áhættu og ávinning af eignarhaldi eignar til leigutaka, er samningurinn flokkaður sem kaupleiga og krafa jöfn hreinni fjárfestingu í leigusamningnum er færð meðal lána.

Þegar samstæðan kaupir eign og gerir jafnframt samning um að endurselja eignina (eða sambærilega eign) á föstu verði í framtíðinni með endurhverfum viðskiptum eða verðbréfalántökum, er samningurinn færður sem lán og undirliggjandi eign er ekki færð í reikningsskil samstæðunnar.

63. Afleiðusamningar

Afleiðusamningur er fjármálagerningur eða annar samningur þar sem verðmæti breytist til samræmis við breytingar á undirliggjandi breytum, svo sem hlutabréfum, hrávöru eða skuldabréfum, vísitölu, gengi eða vöxtum og sem annað hvort kallar á enga upphaflega fjárfestingu eða fjárfestingu sem er minni en þörf væri á við aðrar tegundir samninga, sem búast mætti við að hefðu svipaða svörun við breytingum á markaðsþáttum, og gerður er upp síðar.

Afleiðusamningar eru færðir á gangvirði. Breytingar á gangvirði eru færðar í rekstrarreikning. Breytingar á gangvirði afleiðusamninga skiptast í vaxtatekjur, gengismun og hreinar fjármunatekjur. Vaxtatekjur eru færðar eftir því sem þær falla til. Afleiðusamningar með jákvæða gangvirðisstöðu eru færðir sem fjármálagerningar og afleiðusamningar með neikvæða stöðu eru færðir sem fjárskuldir á gangvirði í efnahagsreikningi.

64. Óefnislegar eignir

Viðskiptavild og innviðir

Viðskiptavild og innviðir sem myndast við kaup á dótturfélögum er flokkuð með óefnislegum eignum. Eftir upphaflega skráningu eru viðskiptavild og innviðir bókfærð á kostnaðarverði, að frádregnum uppsöfnuðum niðurfærslum vegna virðisrýrnunar.

Viðskiptatengsl og tengdir samningar

Viðskiptatengsl og tengdir samningar eru metnir á kostnaðarverði, að frádregnum uppsöfnuðum niðurfærslum vegna virðisrýrnunar.

Hugbúnaður

Hugbúnaðar sem samstæðan hefur aflað sér er færður á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og niðurfærslum vegna virðisrýrnunar sé um þær að ræða.

Kostnaður sem fellur til síðar við hugbúnað er einungis eignfærður þegar hann eykur efnahagslegan framtíðarávinning sem falinn er í þeirri tilteknu eign sem hann tengist. Allur annar kostnaður er gjaldfærður þegar til hans er stofnað.

Niðurfærsla óefnislegra eigna

Í rekstrarreikningi er niðurfærsla óefnislegara eigna gjaldfærð línulega yfir áætlaðan nýtingartíma. Hugbúnaður er niðurfærður frá þeim degi sem hann er tiltækur til notkunar. Áætlaður nýtingartími óefnislegra eigna á núverandi tímabili og samanburðar tímabili er þrjú til tíu ár.

65. Fjárfestingareignir

Fjárfestingareign er eign sem ætluð er til öflunar leigutekna, til ávöxtunar eða hvort tveggja.

Fjárfestingareignir eru upphaflega færðar á kostnaðarverði en eftir það á gangvirði. Hagnaður eða tap sem stafar af breytingum á gangvirði fjárfestingareigna er fært í rekstrarreikning.

Skýringar við samstæðureikninginn

66. Virðisrýrnun annarra eigna en fjáreigna

Bókfært virði eigna samstæðunnar sem ekki eru fjáreignir, annarra en fastafjármuna til sölu, fjárfestingareigna og frestaðrar skatteignar, er yfirfarið á hverjum uppgjörsdegi til að meta hvort einhver merki séu um virðisrýrnun. Ef slík merki finnast þá er endurheimtanlegt virði eignarinnar áætlað. Endurheimtanlegt virði óefnislegra eigna er metið árlega.

Virðisrýrnun er færð ef bókfært virði eignar reynist hærra en endurheimtanlegt virði hennar. Virðisrýrnun er færð í rekstrarreikning.

Endurheimtanlegt virði eignar er söluverð að frádregnum kostnaði við sölu eða nýtingarvirði, hvort sem hærra reynist. Við mat á nýtingarvirði er framtíðarsjóðstreymi núvirt miðað við ávöxtunarkröfu að teknu tilliti til skatta sem endurspeglar gildandi mat markaðarins á tímavirði peninga og áhættu sem tengist viðkomandi eign.

Virðisrýrnun annarra eigna, þar sem virðisrýrnun hefur verið skráð á fyrri tímabilum, er metin á hverjum uppgjörsdegi í leit að vísbendingum um að rýrnun hafi minnkað eða sé ekki lengur fyrir hendi. Virðisrýrnun er bakfærð ef breyting hefur átt sér stað á því mati sem notað var við útreikning á endurheimtanlegu virði. Virðisrýrnun er einungis bakfærð að því marki að bókfært virði eignarinnar sé ekki hærra en bókfært virði sem hefði verið ákvarðað, að frádregnum afskriftum eða niðurfærslu ef engin virðisrýrnun hefði verið færð.

67. Innlán

Innlán eru upphaflega metin á gangvirði að viðbættum viðskiptakostnaði og síðan mæld á afskrifuðu kostnaðarverði með aðferð virkra vaxta.

68. Lántaka

Lántökur metnar á afskrifuðu kostnaðarverði og á lántökutímabilinu er mismunurinn milli kostnaðar og innlausnarvirðis færður í rekstrarreikning á grundvelli virkra vaxta. Áfallnir ógreiddir vextir eru meðtaldir í bókfærðu virði lántöku.

69. Víkjandi lántaka

Víkjandi lántaka eru fjárskuldbindingar í formi víkjandi fjármagns sem, ef til slita samstæðunnar kæmi, hvort heldur er að eigin frumkvæði eða ekki, verða ekki endurgreiddar fyrr en eftir að kröfur almennra kröfuhafa hafa verið greiddar. Við útreikning á eiginfjárhlutfalli eru víkjandi skuldir færðar undir eiginfjárþætti 1 og 2, byggt á skilmálum útgáfunnar. Samstæðan getur aðeins greitt upp víkjandi skuldir með leyfi Fjármálaeftirlitsins.

Víkjandi lántaka er upphaflega skráð á gangvirði að frádregnum viðskiptakostnaði. Eftir upphaflega skráningu eru víkjandi skuldbindingar færðar á nafnvirði höfuðstólsfjárhæðar auk áfallinna vaxta, sem færðir eru í rekstrarreikning samkvæmt samningsbundnum lánaskilmálum.

70. Eignir og aflögð starfsemi til sölu

Samstæðan flokkar eignir sem eignir til sölu ef bókfært virði þeirra verður endurheimt aðallega með sölu fremur en með áframhaldandi nýtingu. Til að þetta eigi við þarf eignin eða aflagða starfsemin að vera tiltæk til sölu þegar í stað í núverandi ástandi, einungis með skilyrði um hefðbundin viðskiptakjör sem gilda um slíkar eignir eða eignasamstæður og salan þarf að vera talin mjög líkleg.

Áður en eign er flokkuð til sölu þá er mat á viðkomandi eign, svo og öllum eignum og skuldum í aflagðri starfsemi, uppfært í samræmi við viðeigandi alþjóðlegan reikningsskilastaðal. Því næst eru fastafjármunir til sölu og aflögð starfsemi færð á kostnaðarverði eða gangvirði að frádregnum sölukostnaði, hvort sem lægra reynist. Virðisrýrnun sem er til staðar við upphaflega flokkun sem eignir eða aflögð starfsemi til sölu er færð í rekstrarreikning, jafnvel þó um virðishækkun sé að ræða. Sama á við um hagnað eða tap við síðari virðisbreytingu. Virðishækkun með bakfærslu virðisrýrnunar á síðari tímabilum er takmörkuð þannig að bókfært verð eignar eða aflagðrar starfsemi fari ekki yfir það bókfærða virði sem hefði verið ákvarðað ef engin virðisrýrnun hefði verið færð á fyrri árum.

Skýringar við samstæðureikninginn

71. Aðrar eignir og aðrar skuldir

Varanlegir rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir eru metnir á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun. Þegar hlutar rekstrarfjármuna hafa mismunandi nýtingartíma eru þeir færðir hver í sínu lagi eins og um aðgreinda rekstrarfjármuni væri að ræða.

Kostnaður sem fellur til síðar er einungis eignfærður ef líklegt þykir að efnahagslegur ávinningur af eigninni muni renna til samstæðunnar. Viðgerða- og viðhaldskostnaður er gjaldfærður eftir því sem til hans stofnast.

Fyrningargrunnur varanlegra rekstrarfjármuna er ákveðinn eftir að niðurlagsverð þeirra er dregið frá. Afskriftir eru gjaldfærðar í rekstrarreikning línulega miðað við áætlaðan nýtingartíma hvers einstaks rekstrarfjármunar. Áætlaður nýtingartími er sem hér segir:

Fasteignir	33 ár
Tæki og búnaður	3-15 ár

Fyrningaraðferðir, nýtingartími og niðurlagsverð eru endurmetin árlega.

Nýtingarréttur og leiguskuld

Samstæðan metur hvort samningur feli í sér leigu við upphaf samningsins. Samstæðan færir nýtingarrétt og sambærilega skuld vegna allra leigusamninga þar sem samstæðan er leigutaki. Tvær undantekningar eru heimilar skv. staðlinum en annars vegar er um að ræða leigusamninga til skamms tíma og hins vegar samninga vegna eigna sem eru óverulegar hvað fjárhæðir varðar. Fyrir slíka leigusamninga eru leigugreiðslurnar færðar línulega til gjalda á leigutímanum. Við skráningu leiguskuldar er virði hennar fundið sem samtala allra leigugreiðslna sem ógreiddar eru á samningsdegi, núvirtar með þeim vöxtum sem bankanum býðst á markaði. Nýtingarrétturinn endurspeglar upphaflegt mat á leiguskuldinni. Eftir upphaflega skráningu er eignin færð á afskrifuðu kostnaðarverði.

Aðrar eignir og aðrar skuldir

Aðrar eignir og aðrar skuldir eru færðar á kostnaðarverði að frádreginni virðisrýrnun.

Vátryggingaskuld

Skuld vegna vátryggingaskuldbindinga er samsett úr skuld vegna eftirstæðrar tryggingarverndar og skuld vegna orðinna tjóna. Skuld vegna eftirstæðrar tryggingarverndar er metin með einfaldaðri aðferð sem byggir á greiddum iðgjöldum að frádregnum tekjufærðum iðgjöldum af vátryggingaþjónustu. Bætt er við tapsþætti ef um íþyngjandi samninga er að ræða. Skuldbinding vegna orðinna tjóna er metin sem besta mat afvaxtaðs vænts greiðsluflæðis auk áhættuálags vegna ófjárhagslegrar áhættu og annars vænts kostnaðar við tjón. Mat á skuld vegna eftirstæðrar tryggingaverndar er metið á sama hátt og besta mat á tjónaskuld samkvæmt lögum nr 100/2016 um vátryggingastarfsemi. Þessar matsaðferðir eru í samræmi við matsreglur um vátryggingaskuld IFRS 17.

72. Eigið fé

Hlutafé og yfirverðsreikningur

Hver hlutur úgefins hlutafjár nemur 1 krónu. Handhafar almennra hlutabréfa eiga rétt á arði samkvæmt ákvörðun aðalfundar hverju sinni og fylgir eitt atkvæði hverjum hlut á hluthafafundum. Hlutafé er að fullu greitt.

Eigin bréf

Hlutafé bankans er lækkað sem nemur endurgjaldi vegna kaupa á eigin bréfum. Kaup og sala eigin bréfa hafa engin áhrif á

Arðgreiðslur

Arðgreiðslur eru færðar á eigið fé á því tímabili sem þær eru samþykktar af hluthöfum Arion banka hf.

Kaupréttir

Bundinn reikningur vegna kauprétta endurspegla uppsafnaðar gjaldfærslur í rekstrarreikningi vegna kaupréttar starfsmanna samstæðunnar á hlutum í Arion banka. Kaupréttaráætlunin byggir á lögum um tekjuskatt.

Áskriftaréttindi

Bundinn reikningur vegna áskriftaréttinda endurspeglar endurgjald vegna útistandandi áskriftaréttinda.

Bundinn reikningur vegna dóttur- og hlutdeildarfélaga

Í lögum um ársreikninga nr. 3/2006 kemur fram að nemi hlutdeild í rekstrarárangri dóttur- eða hlutdeildarfélags hærri fjárhæð en sem nemur mótteknum arði eða þeim arði sem ákveðið hefur verið að úthluta skal mismunurinn færður á bundinn hlutdeildarreikning á meðal eigin fjár, að teknu tilliti til skattaáhrifa, sem óheimilt er að úthluta arði af. Sé hlutdeild í dóttur- eða hlutdeildarfélagi seld eða afskrifuð skal leysa hlutdeildarreikninginn upp og færa breytinguna á óráðstafað eigið fé.

Bundinn reikningur vegna verðbréfaeignar

Samkvæmt lögum um ársreikninga nr. 3/2006 skal færa matsbreytingar á fjáreignum, tilgreindum á gangvirði við upphaflega skráningu, af óráðstöfuðu eigin fé á gangvirðisreikning meðal eigin fjár, að teknu tilliti til skattaáhrifa eftir því sem við á, sem óheimilt er að úthluta arði af. Leysa skal gangvirðisreikning upp til jafns við framkomnar breytingar á viðkomandi eign eða skuldbindingu þegar hún er seld eða innleyst eða forsendur fyrir matsbreytingu eru ekki fyrir hendi.

Skýringar við samstæðureikninginn

72. Eigið fé, frh.

Bundinn reikningur vegna eignfærðs þróunarkostnaðar

Samkvæmt lögum um ársreikninga nr. 3/2006 skulu félög sem eignfæra þróunarkostnað færa sömu fjárhæð af óráðstöfuðu eigin fé á bundinn reikning meðal eigin fjár. Ekki er heimilt að að úthluta arði af bundna reikningnum. Fjárhæðir sem færðar eru á bundinn reikning eru bakfærðar í samræmi við afskriftir eignfærðs þróunarkostnaðar. Sé eign seld eða afskrifuð að fullu skal leysa bundna reikninginn upp.

Óinnleyst vegna gangvirðisbreytinga

Bundinn reikningur fyrir uppsafnaðar óinnleystar gangvirðisbreytingar, að teknu tilliti til skattaáhrifa, vegna fjáreigna sem færðar eru á gangvirði í gegnum aðra heildarafkomu. Bundni reikningurinn er uppleystur í takt við innlausn á hagnaði eða tapi fjáreignanna við afskráningu.

Lögbundinn varasjóður

Samkvæmt lögum um hlutafélög nr. 2/1995 skal leggja að minnsta kosti 10% af hagnaði samstæðunnar, sem er ekki varið til að mæta tapi frá fyrri árum og fer ekki í aðra lögbundna sjóði, í lögbundinn varasjóð uns hann nemur 10% af hlutafé. Þegar því marki hefur verið náð skal framlag í sjóðinn nema að lágmarki 5% af hagnaði þar til lögbundinn varasjóður nemur 25% af hlutafé bankans.

Þýðingarmunur

Undir þýðingarmun er færður allur gengismunur sem verður til við umreikning reikningsskila dótturfélaga sem eru með reikningsskil sín í erlendum gjaldmiðlum.

73. Hagnaður á hlut

Samstæðan setur fram hagnað á hlut og þynntan hagnað á hlut. Hagnaður á hlut er reiknaður með því að deila hreinum hagnaði sem tilheyrir hluthöfum Arion banka hf. með vegnu meðaltali almennra útistandandi hluta á árinu. Þynntur hagnaður á hlut er reiknaður með því að taka tillit til allra hluta, hvort sem þeir hafi verið gefnir út eða skuldbindingar sem eru útistandandi á reikningsskiladegi, svo sem útgefinna kauprétta til starfsmanna og útgefinna áskriftaréttinda.

74. Ábyrgðir

Í venjubundnum viðskiptum sínum veitir samstæðan fjárhagslegar ábyrgðir sem samanstanda af veittum ábyrgðum og greiðslutryggingum. Fjárhagslegar ábyrgðir eru upphaflega færðar í reikningsskilin á gangvirði, sem er sú þóknun sem rennur til samstæðunnar. Eftir upphaflega færslu er skuldbinding samstæðunnar fyrir sérhverja ábyrgð metin á hvoru sem hærra reynist, fjárhæðinni sem upphaflega var færð að frádreginni innlausn þóknunar ef við á, eða bestu áætlun á þeim útgjöldum sem falla á samstæðuna við að gera upp skuldbindingu vegna ábyrgðarinnar. Hækkun skuldbindingar vegna ábyrgða er færð í rekstrarreikning. Ábyrgðarþóknunin er færð línulega yfir líftíma ábyrgðarinnar í rekstrarreikning sem hreinar þóknanatekjur.

75. Fjárvarsla

Samstæðan veitir viðskiptavinum sínum þjónustu á sviði fjárvörslu, eignastýringar, fjárfestingarráðgjafar og almenna ráðgjafaþjónustu. Til að veita slíka þjónustu þarf samstæðan að taka ákvarðanir um meðferð, kaup eða ráðstöfun fjármálagerninga. Eignir í fjárvörslu eru ekki færðar í efnahagsreikning samstæðunnar.

76. Starfskjör

Öll fyrirtæki samstæðunnar eru með skilgreinda starfskjarastefnu. Félögin greiða skyldu- og samningsbundin iðgjöld með framlagi í séreigna- eða almenna lífeyrissjóði. Samstæðan hefur engar frekari greiðsluskyldur umfram þessi framlög. Iðgjöldin eru færð til gjalda í rekstrarreikning þegar þau falla til. Samstæðan rekur engan réttindatengdan lífeyrissjóð.

Kostnaður vegna kaupréttarsamninga

Kaupréttarsamningar sem gera á upp með afhendingu hlutabréfa eru metnir á gangvirði eiginfjárgerninganna á samningsdegi. Gangvirði kaupréttarsamninganna á samningsdegi er fært sem launakostnaður með samsvarandi hreyfingu á eigin fé og er kostnaðinum dreift yfir samningstíma kaupréttarins. Fjárhæðin sem færð er til gjalda tekur tillit til fjölda kauprétta sem talið er að verði nýttir á innlausnardegi.

5 ára yfirlit

Rekstrarreikningur

	2023	2022*	2021	2020	2019
Hreinar vaxtatekjur	44.685	40.284	32.063	31.158	30.317
Hreinar þóknanatekjur	16.389	16.268	14.673	11.642	9.950
Afkoma af vátryggingasamningum	152	743	3.442	3.071	2.886
Hreinar fjármunatekjur	1.366	(3.292)	6.220	2.745	3.212
Aðrar rekstrartekjur	1.589	1.323	1.827	2.148	1.633
Rekstrartekjur	64.181	55.326	58.225	50.764	47.998
Rekstrarkostnaður	(25.701)	(24.329)	(25.875)	(24.441)	(26.863)
Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki	(1.796)	(1.749)	(1.516)	(1.301)	(2.984)
Hrein virðisbreyting	(1.348)	144	3.169	(5.044)	(382)
Hagnaður fyrir tekjuskatt	35.336	29.392	34.003	19.978	17.769
Tekjuskattur	(9.595)	(9.977)	(6.782)	(3.231)	(3.714)
Hagnaður af áframhaldandi rekstri	25.741	19.415	27.221	16.747	14.055
Afkoma af aflagðri starfsemi, eftir skatta	(4)	6.543	1.394	(4.278)	(12.955)
Hagnaður	25.737	25.958	28.615	12.469	1.100

Efnahagsreikningur

Eignir

Handbært fé og innstæður hjá Seðlabanka Íslands	102.095	114.118	69.057	42.136	95.717
Lán til lánastofnana	28.835	45.501	30.272	28.235	17.947
Lán til viðskiptavina	1.152.789	1.084.757	936.237	822.941	773.955
Fjármálagerningar	205.706	193.329	225.657	227.251	117.406
Fjárfestingareignir	9.493	7.862	6.560	6.132	7.119
Fjárfestingar í hlutdeildarfélögum	789	787	668	891	852
Óefnislegar eignir	8.051	8.783	9.463	9.689	8.367
Skatteignir	39	135	2	2	2
Eignir og aflögð starfsemi til sölu	62	61	16.047	16.811	43.626
Aðrar eignir	17.813	10.276	19.901	18.618	16.864
Eignir samtals	1.525.672	1.465.609	1.313.864	1.172.706	1.081.855

Skuldir og eigið fé

Skuldir við lánastofnanir og Seðlabanka Íslands	2.771	11.697	5.000	13.031	5.984
Innlán frá viðskiptavinum	792.710	755.361	655.476	568.424	492.916
Fjárskuldir á gangvirði	11.646	20.997	5.877	5.240	2.570
Skattskuldir	11.169	10.303	7.102	4.262	4.404
Skuldir vegna aflagðrar starfsemi til sölu	-		16.935	16.183	28.631
Aðrar skuldir	46.336	39.401	37.151	32.714	32.697
Lántaka	420.460	392.563	356.637	298.947	304.745
Víkjandi lántaka	41.279	47.331	35.088	36.060	20.083
Skuldir samtals	1.326.371	1.277.653	1.119.266	974.861	892.030
Eigið fé hluthafa Arion banka	198.798	187.307	193.925	197.672	189.644
Hlutdeild minnihluta	503	649	673	173	181
Eigið fé samtals	199.301	187.956	194.598	197.845	189.825
Skuldir og eigið fé samtals	1.525.672	1.465.609	1.313.864	1.172.706	1.081.855

* Samanburðarfjárhæðir hafa verið aðlagaðar í samræmi við IFRS 17, sjá skýringu 1 og 2 fyrir frekari upplýsingar.

Viðaukar

Óendurskoðaðir

Stjórnarháttayfirlýsing Arion banka hf. fyrir árið 2023

Arion banki (Arion banki eða Bankinn) er íslenskt hlutafélag, sem skráð er á hlutabréfamarkað Nasdaq Íslandi og Nasdaq Stokkhólmi. Stjórn bankans birtir hér árlega yfirlýsingu um stjórnarhætti fyrir árið 2023. Stjórnarhættir vísa til ábyrgða mismunandi stjórnareininga bankans og hvernig ákvarðanataka fer fram, í samræmi við gildandi lög og reglur. Hluthafafundur Arion banka kýs stjórn bankans, sem ræður bankastjóra og hefur eftirlit með að skipulag og starfsemi bankans sé í réttu og góðu horfi. Bankastjóri annast daglegan rekstur bankans og kemur fram fyrir hönd bankans að því marki. Bankastjóra ber að fylgja viðeigandi löggjöf, samþykktum bankans og þeirri stefnu og fyrirmælum sem stjórn hefur gefið. Þá ber bankastjóri ábyrgð á að innleiða stefnur sem stjórn bankans samþykkir.

Grundvöllur að stjórnarháttum Arion banka eru annars vegar samþykktir bankans, sem hluthafafundur samþykkir, og hins vegar stefnur og fyrirmæli sem stjórn bankans samþykkir. Hér má tiltaka starfsreglur stjórnar, starfsreglur undirnefnda stjórnar, og stefnur er lúta að skilvirku skipulagi og stýringu á áhættu í starfsemi bankans. Stefnur um áhættustýringu eru endurskoðaðar árlega og þegar þurfa þykir. Fyrirtækjamenning, viðskiptastefna bankans og innri verkferlar eru sömuleiðis veigamikill þáttur stjórnarhátta.

Með því að iðka góða stjórnarhætti og stuðla að jákvæðri fyrirtækjamenningu er hlúð að traustum og heiðarlegum samskiptum stjórnar bankans, hluthafa, viðskiptavina, og annarra haghafa, svo sem starfsmanna bankans og almennings. Góðir stjórnarhættir leggja grunninn að ábyrgri stjórnun og ákvarðanatöku, og sjálfbærri langtímaarðsemi í rekstri bankans. Stjórn bankans leggur ríka áherslu á góða stjórnarhætti og endurskoðar stjórnarhætti sína reglulega á grundvelli viðurkenndra viðmiða um stjórnarhætti.

Meginþáttur í stjórnarháttum fjármálafyrirtækja felst í árangursríkri stýringu á áhættum sem óhjákvæmilega koma upp í starfsemi þeirra. Um áhættustýringu bankans er nánar fjallað í þessari yfirlýsingu, árs- og sjálfbærniskýrslu bankans, og Pillar 3 áhættuskýrslu. Að koma á og viðhalda tryggu eftirlitskerfi með áhættu er lykil áskorun þegar kemur að traustum rekstri fjármálafyrirtækja.

Stjórnarháttayfirlýsing þessi er byggð á löggjöf, reglugerðum og viðurkenndum viðmiðunarreglum og leiðbeiningum sem eru í gildi þegar stjórn samþykkir ársreikning bankans.

Fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum

Arion banki hefur hlotið viðurkenningu sem fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum að undangengnu formlegu mati sem byggir á leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja, sem Viðskiptaráð Íslands, Samtök atvinnulífsins og Nasdaq Iceland gefa út, fyrst í desember 2015, aftur í apríl 2019, ágúst 2022 og loks í ágúst 2023. Viðurkenningin er veitt í kjölfar ítarlegrar úttektar óháðs aðila á stjórnarháttum bankans, s.s. starfsháttum stjórnar, undirnefnda og stjórnenda.

Fylgni við leiðbeiningar um góða stjórnarhætti

Þegar kemur að stjórnarháttum tekur Arion banki einna helst mið af viðmiðunarreglum Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar (EBA) um innri stjórnarhætti fjármálafyrirtækja (EBA/GL/ 2017/11), en sú skylda leiðir af reglugerð ESB nr. 1093/2010 og lögum nr. 24/2017 um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði. EBA hefur birt endurskoðaðar viðmiðunarreglur um innri stjórnarhætti (EBA/GL/2021/05) sem gilda um starfsemi bankans frá og með 31. desember 2021. Reglurnar eru aðgengilegar á vefsíðu Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands.

Arion banka ber einnig samkvæmt lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki að fylgja viðurkenndum leiðbeiningum um góða stjórnarhætti. Bankinn fylgir leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja, 6. útgáfu, sem Viðskiptaráð Íslands, Nasdaq Iceland og Samtök atvinnulífsins gáfu út í febrúar 2021 og tóku í gildi í júlí 2021. Samkvæmt leiðbeiningunum skal greint frá því hvort vikið sé frá hluta þeirra og þá hvaða, auk þess sem greina skal frá ástæðum frávika.

Bankinn fylgir leiðbeiningunum með tveimur frávikum:
Grein 5.1.2 gerir ráð fyrir því að starfsreglur undirnefnda stjórnar séu birtar á vefsíðu bankans. Starfsreglur lánanefndar stjórnar eru ekki birtar á vefsíðu bankans með tilliti til eðlis þeirra.

Seinasti undirliður greinar 5.4.5 gerir ráð fyrir að starfskjaranefnd, í samráði við endurskoðunarnefnd félagsins, taki sjálfstæða afstöðu til áhrifa launa á áhættutöku og áhættustjórnun félagsins. Í samræmi við m.a. viðmiðunarreglur EBA um innri stjórnarhætti og 3. mgr. 78. gr. laga um fjármálafyrirtæki leggur Arion banki þetta í hendur starfskjaranefndar í samráði við áhættunefnd stjórnar.

Til að styðja við góða stjórnarhætti Arion banka hefur tilnefningarnefnd bankans ráðgefandi hlutverki að gegna við að auðvelda upplýsta ákvarðanatöku hluthafa við val á stjórnarmönnum, með það að markmiði að stjórnarmenn hafi víðtæka og fjölhæfa þekkingu og reynslu. Tilnefningarnefnd styðst við hæfisstefnu bankans (e. Suitability Policy) við tilnefningar. Tilnefningarnefnd leggur auk þess fram tillögu um þóknun stjórnar. Á aðalfundi bankans þann 15. mars 2023 voru tveir nefndarmenn í tilnefningarnefnd kjörnir, þau Júlíus Þorfinnsson og Auður Bjarnadóttir. Í samræmi við starfsreglur tilnefningarnefndar er stjórnarformaður, eða sá sem stjórn tilnefnir, þriðji nefndarmaður.

Lagarammi um starfsemina

Arion banki er fjármálafyrirtæki og hefur starfsleyfi sem viðskiptabanki samkvæmt lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Þau lög sem gilda að auki um starfsemi bankans eru m.a. lög um markaði fyrir fjármálagerninga nr. 115/2021, lög um verðbréfa-sjóði nr. 116/2021, lög um rekstraraðila sérhæfðra sjóða nr. 45/2020, lög um greiðsluþjónustu nr. 114/2021, lög um greiðslureikninga nr. 5/2023, lög um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka nr. 140/2018, lög um fasteignalán til neytenda nr. 118/2016, lög um neytendalán nr. 33/2013, samkeppnislög nr. 44/2005 og lög um hlutafélög nr. 2/1995.

Arion banki er fjárhagslega sterkur banki sem stefnir að því að vera bestur í að mæta þörfum markhópa okkar, vera leiðandi fyrirtæki sem er drifkraftur árangurs viðskiptavina og samfélagsins alls auk þess að liðsinna þeim sem vilja ná árangri á Íslandi og víðar á norðurslóðum með snjöllum og traustum fjármálalausnum sem efla fjárhagslegt heilbrigði og stuðla að sjálfbærri verðmætasköpun. Eins og áður segir er bankinn skráður á markað á Nasdaq Íslandi og Nasdaq Stokkhólmi. Þá hefur bankinn gefið út skuldabréf sem hafa verið tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði á Íslandi og í Lúxemborg. Bankinn fellur því undir upplýsingaskyldu útgefanda skv. lögum um markaði fyrir fjármálagerninga og reglum viðkomandi kauphalla.

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands (FME) hefur eftirlit með starfsemi Arion banka á grundvelli laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Nánari upplýsingar um FME og yfirlit yfir helstu lög og reglur sem gilda um bankann á hverjum tíma, auk leiðbeinandi tilmæla eftirlitsins og viðmiðunarreglna evrópskra eftirlitsstofnana, má finna á heimasíðu þess www.sedlabanki.is/fjarmalaeftirlit/. Í starfsemi bankans reynir jafnframt á ýmsa aðra löggjöf sem tengist rekstri fjármálafyrirtækja og fyrirtækja almennt.

Innra eftirlit, endurskoðun og reikningsskil

Innra eftirlit
Bankinn leggur áherslu á að stjórnarhættir séu í samræmi við það sem best verður á kosið og lítur á innra eftirlit sem lykilþátt í stýringum á áhættu. Árangursríkt skipulag innra eftirlits stuðlar að áhættumildun og greiðir fyrir upplýstri ákvarðanatöku, sem styður við markmið bankans og stuðlar að og varðveitir trygga verðmætasköpun.

Markmið innra eftirlitskerfa bankans er að tryggja:

- Að stefnur bankans, markmið og viðskiptaáætlun sé innan þess áhættuvilja sem hefur verið markaður.
- Að ákvarðanir stjórnar, stjórnenda og starfsmanna séu í samræmi við stefnur bankans, viðmið, innri ferla og viðeigandi lagafyrirmæli.
- Að staðið sé vörð um eignir og aðra kosti bankans, á borð við mannauð, kerfisumhverfi og gögn.
- Að gögn í fórum bankans og bæði innri og ytri upplýsingagjöf sé nákvæm, áreiðanleg og tímanleg.
- Að eðlislægum áhættum í starfsemi bankans sé stýrt.
- Að komið sé á tryggum og skjalfestum innri ferlum sem stuðla að og krefjast þess að stjórn bankans, stjórnendur og starfsfólk sinni starfsskyldum sínum með árangursríkum og skilvirkum hætti.

Lykilþættir í innra eftirlitskerfi eru umhverfi stýringa, mat á áhættum, framkvæmd eftirlits, upplýsingagjöf og samskipti, og starfsemi eftirlitseininga. Innra eftirlitsumhverfi snýr að góðum stjórnarháttum og viðhorfi framkvæmdastjórnar gagnvart innra eftirliti og mikilvægi þess.
Meginatriði innra eftirlits eru:

- Heilindi og siðferðisleg viðmið.
- Viðhorf æðstu stjórnenda og gott fordæmi þeirra.
- Stjórnskipulag.
- Veiting valdheimilda og ábyrgð.
- Hæfni starfsfólks, mannauðs- og fræðslustefna og innleiðing hennar.

Mat á áhættum felst í því að bera kennsl á innri og ytri þætti sem geta haft áhrif á það hvort bankinn nái markmiðum sínum og meta áhrif og mikilvægi þeirra. Með þessu er lagður grunnur að skilvirkri áhættustýringu og að áhættutaka sé í samræmi við áhættuvilja. Innra eftirlit fer fram á öllum sviðum bankans og er ætlað að milda áhættur og tryggja ásættanlega áhættutöku með hliðsjón af markmiðum sem að er stefnt.

Örugg upplýsingagjöf er nauðsynlegur þáttur þess að bankinn standi undir ábyrgð sem fylgir innri eftirlitskröfum. Bæði innri og ytri upplýsingaöflun miðar að því að tryggja bankanum nauðsynleg gögn til að framfylgja skilvirku eftirliti. Framkvæmd eftirlitsins felst síðan í viðvarandi mati aðskildra eininga á því hvort lykilþættir innra eftirlitskerfisins eru til staðar og séu virkir.

Við skipulag innra eftirlits horfir Arion banki til þriggja línu kerfisins (e. Three Lines Model). Allar þrjár línur vinna saman að verðmætasköpun og varðveislu verðmæta og skilvirkt eftirlit felst í samskiptum, samráði og samvinnu þeirra.

Með þessu er áreiðanleiki, samræmi og gagnsæi í upplýsingamiðlun betur tryggð, sem er grundvöllur áhættumiðaðrar ákvarðanatöku.



Í fyrstu línu er starfsfólk sem hefur umsjón með rekstri og skipulagi bankans. Þau eru ábyrg fyrir því að koma á og viðhalda skilvirku innra eftirliti og stýra áhættu í daglegum rekstri. Í þessu felst m.a. að greina og meta áhættu og koma á viðeigandi mótvægisaðgerðum til að draga úr henni. Fyrsta lína hefur umsjón með innleiðingu innri reglna og ferla í samræmi við lög, reglur og stefnu bankans og ber að tryggja að framkvæmd sé í samræmi við sett verklag og að gripið sé til viðeigandi úrbóta ef veikleikar koma í ljós.

Annarri línu er falið að tryggja að fyrsta lína komi á fullnægjandi innra eftirliti sem virkar sem skyldi.
Áhættustýring og regluvarsla eru helstu einingar í annarri línu en öðrum einingum kann einnig að vera falið tiltekið eftirlitshlutverk.

Í þriðju línu er innri endurskoðun sem veitir með kerfisbundnum hætti óháða og hlutlæga ráðgjöf um stöðu og árangur innri stjórnarhátta, skilvirkni áhættustýringar

og innra eftirlits, byggt á sérþekkingu og innsæi þeirra sem þar starfa. Innri endurskoðun greinir stjórn bankans frá niðurstöðum sínum til þess að stuðla að stöðugum umbótum.

Regluvarsla
Regluvarsla er sjálfstæð eining sem heyrir undir bankastjóra og starfar samkvæmt erindisbréfi frá stjórn.

Meginhlutverk regluvörslu er að draga úr hættu á því að reglur séu brotnar í rekstri bankans með fyrirbyggjandi aðgerðum. Þá sér regluvarsla um að samhæfa aðgerðir bankans gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka til að draga úr hættu á því að þjónusta bankans sé notuð í ólögmætum tilgangi. Þá sinnir regluvörður einnig hlutverki persónuverndarfulltrúa.
Bankinn hefur gefið út persónuverndaryfirlýsingu sem er að finna á vefsíðu bankans.

Regluvarsla starfar samkvæmt áhættumiðaðri starfsáætlun samþykktri af stjórn þar sem meðal annars er kveðið á um reglulegt eftirlit og reglulega fræðslu fyrir starfsfólk um þau lög og reglur sem bankinn starfar eftir. Regluvarsla veitir stjórn skýrslu um verksvið sitt ársfjórðungslega.

Nánari upplýsingar má finna á vefsíðu bankans.

Áhættustýring
Mikilvægur þáttur í starfsemi allra fjármálafyrirtækja er að taka áhættu að vel yfirveguðu máli og samkvæmt fyrirfram skilgreindri stefnu. Þannig tekur Arion banki áhættu sem rúmast innan skjalfests áhættuvilja (e. risk appetite), sem er reglulega endurskoðaður og samþykktur af stjórn bankans. Áhættuvilji sem stjórn setur bankanum speglast í útlána- og áhættuheimildum, sem áhættustýringarsvið bankans hefur eftirlit með. Stjórn ber ábyrgð á innra matsferli bankans fyrir eiginfjárþörf en meginmarkmið ferlisins er að tryggja skilning á heildaráhættum bankans og tryggja að til staðar séu viðeigandi kerfi til að greina, mæla og hafa eftirlit með heildaráhættu bankans.

Bankinn hefur skilgreint sjö megináhættuþætti sem hann stendur frammi fyrir í starfsemi sinni og hefur skilgreint áhættustefnur fyrir hvern þátt. Þeir eru útlánaáhætta, markaðsáhætta, lausafjáráhætta, rekstraráhætta, hlítingar- og háttsemisáhætta, sjálfbærniáhætta og viðskiptaáhætta.

Áhættustýringarsvið bankans starfar undir stjórn framkvæmdastjóra áhættustýringar. Sviðið er sjálfstæð stjórnunareining og ber beina ábyrgð gagnvart bankastjóra og starfar samkvæmt erindisbréfi frá stjórn. Innan áhættustýringarsviðs starfa fjórar einingar sem gegna því hlutverki að greina, fylgjast með og gefa reglulega upplýsingar um áhættur bankans til stjórnenda og stjórnar.

Nánari upplýsingar um áhættustýringu er að finna í árs- og sjálfbærniskýrslu og í áhættuskýrslu bankans.

Innri endurskoðun
Innri endurskoðandi er skipaður af stjórn og heyrir beint undir hana. Stjórn setur innri endurskoðanda erindisbréf sem skilgreinir ábyrgð og umfang vinnu hans. Innri endurskoðun veitir óháða og hlutlæga staðfestingu og ráðgjöf sem ætlað er að vera virðisaukandi og bæta rekstur bankans. Endurskoðunin nær yfir bankann sjálfan, dótturfélög og þrjá lífeyrissjóði í rekstri hans.

Innri endurskoðun er sjálfstæð eining sem, með kerfisbundnum og öguðum vinnubrögðum, staðfestir virkni bæði fyrstu og annarrar línu, veitir ráðgjöf um það sem betur má fara og þannig leggur mat á og bætir virkni áhættustjórnunar, eftirlitsaðgerða og stjórnarhátta. Þetta er meðal annars gert með sjálfstæðum könnunum og skýrslugjöfum til stjórnar, endurskoðunarnefnda og stjórnenda.

Reikningsskil og endurskoðun
Fjármálasvið Arion banka sér um gerð reikningsskila og eru þau gerð samkvæmt alþjóðlegum reikningsskila stöðlum, IFRS. Bankinn birtir uppgjör sín ársfjórðungslega. Endurskoðunarnefnd stjórnar tekur árs- og árshlutareikninga bankans til skoðunar auk þess sem ytri endurskoðendur kanna og endurskoða reikningsskilin tvisvar á ári. Endurskoðunarnefnd stjórnar gefur álit sitt á reikningsskilunum til stjórnar sem samþykkir og undirritar birt reikningsskil.

Gildi bankans og siðareglur
Gildi bankans eiga að vera leiðbeinandi við ákvarðanatöku og í öllu sem starfsfólk bankans gerir og segir. Þau koma inn á hlutverk, hugarfar og hegðun. Gildi Arion banka eru finnum lausnir, vinnum saman og komum hreint fram.

Stjórnendur og starfsfólk Arion banka er meðvitað um þá staðreynd að starfsemi bankans snertir mismunandi hagsmunaaðila og samfélagið í heild. Siðareglur bankans eru hugsaðar sem viðmið fyrir starfsfólk til að stuðla að ábyrgri ákvarðanatöku innan bankans. Siðareglurnar eru samþykktar af stjórn bankans

Sjálfbærni
Í Arion banka er starfandi sjálfbærninefnd og er stýring á áhættum í tengslum við umhverfis- og félagsþætti og stjórnarhætti skilgreind sem hluti af áhættustýringarkerfi bankans. Bankastjóri er formaður nefndarinnar sem hefur það meginhlutverk að fylgjast með frammistöðu bankans í tengslum við stefnu og skuldbindingar á sviði sjálfbærni og tryggja að tillit sé tekið til UFS þátta í ákvarðanatöku

og ætlunum. Græn fjármögnunar-nefnd og jafnréttisnefnd bankans heyra undir nefndina.

Bankinn hefur sett sér áhættustefnu um sjálfbærni sem er samþykkt af stjórn og er endurskoðuð árlega.
Í þeirri stefnu kemur meðal annars fram að bankinn leitist við að tryggja að starfsemi hans og þjónusta hafi ekki í för með sér neikvæð áhrif á fólk eða umhverfi. Einnig kemur þar fram að bankinn styðji aðgerðaáætlun Íslands í loftslagsmálum sem sett hefur verið fram með það að markmiði að standast skuldbindingar Parísarsamkomulagsins og að metnaðarfull áform um kolefnishlutleysi Íslands árið 2040 náist. Lykilmælikvarðar í tengslum við umhverfis- og félagsþætti og stjórnarhætti eru hluti af mánaðarlegri áhættuskýrslu til stjórnar og áhættuvilji bankans í tengslum við þá skilgreindur.

Frekari upplýsingar um sjálfbærni hjá Arion banka má finna í árs- og sjálfbærniskýrslu bankans og Pillar 3 áhættuskýrslu fyrir árið 2023 og á heimasíðu bankans.

Stjórn og undirnefndir

Stjórn Arion banka fer með æðsta vald í málefnum bankans á milli hluthafafunda samkvæmt lögum, reglum og samþykktum bankans. Stjórn annast þann þátt rekstrar bankans sem ekki telst til daglegs rekstrar, þ.e. tekur ákvarðanir um mál sem eru óvenjuleg eða meiriháttar. Þá er ein af meginskyldum stjórnar að sinna eftirlitshlutverki með starfsemi bankans. Helstu verkefni, skyldur og hlutverk stjórnar eru skilgreind ítarlega í starfsreglum stjórnar sem settar eru m.a. með vísan til viðmiðunarreglna EBA um innri stjórnarhætti, 54. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, 70. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög, leiðbeinandi tilmæla Fjármálaeftirlitsins nr. 1/2010 og samþykkta bankans. Starfsreglur stjórnar má finna á vefsíðu bankans.

Stjórn Arion banka ræður bankastjóra sem fer með daglegan rekstur í samræmi við þá stefnu sem hún setur. Stjórn bankans og bankastjóri leggja sig fram um að sinna störfum sínum af heilindum og tryggja að bankinn sé rekinn á heilbrigðan og traustan hátt með hagsmuni viðskiptavina, samfélagsins, hluthafa og bankans sjálfs að leiðarljósi, sbr. 1. mgr. 1. gr. laga um fjármálafyrirtæki. Þá sér bankastjóri til þess að stjórn fái fullnægjandi stuðning til að sinna skyldum sínum.

Stjórn Arion banka er að jafnaði kjörin á aðalfundi til eins árs í senn. Á aðalfundi bankans, þann 15. mars 2023 voru kjörnir sex stjórnarmenn auk tveggja varamanna.

Stjórnarmenn Arion banka eru með fjölbreyttan bakgrunn og mikil breidd er í hæfni þeirra, reynslu og þekkingu. Við stjórnarkjör skal þess gætt að hlutfall hvors kyns í aðal- og varastjórn félagsins sé ekki lægra en 40%. Núverandi stjórn er skipuð þremur konum og þremur körlum.

Upplýsingar um óhæði stjórnarmanna eru birtar á vefsíðu bankans fyrir aðalfund eða hluthafafund þar sem kjör stjórnarmanna er á dagskrá. Fundargerðir aðalfunda og hluthafafunda eru jafnframt birtar á heimasíðu bankans.

Stjórn hittist að lágmarki tíu sinnum á ári. Árið 2023 fundaði stjórn Arion banka 13 sinnum. Stjórnarformaður ber ábyrgð á því að stjórnin gegni hlutverki sínu með skilvirkum og skipulögðum hætti. Stjórnarformaður stýrir fundum stjórnar og sér til þess að nægur tími fari í umræðu mikilvægra mála og að mál sem snúa að stefnumótun séu rædd ítarlega. Stjórnarformanni er ekki heimilt að taka að sér önnur störf fyrir bankann nema þau séu eðlilegur hluti af skyldum hans.

Samkvæmt starfsreglum Arion banka er stjórn bankans heimilt að setja á fót undirnefndir til að fjalla um tiltekna þætti í rekstri bankans. Eigi síðar en mánuði eftir aðalfund skipar stjórn nefndarmenn í undirnefndir úr sínum röðum ásamt því að meta hvort ráða beri utanaðkomandi nefndarmenn í einstakar undirnefndir með það að markmiði að styrkja starf þeirra með aukinni sérfræðiþekkingu. Einn nefndarmaður endurskoðunarnefndar stjórnar, Heimir Þorsteinsson, er ekki stjórnarmaður en hann er óháður bæði bankanum og hluthöfum hans.

Eftirfarandi nefndir eru undirnefndir stjórnar:

- Endurskoðunarnefnd: Meginhlutverk endurskoðunarnefndar stjórnar er að stuðla að gæðum þegar kemur að lögskipaðri endurskoðun árs- og árshlutauppgjöra bankans og hafa eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits félagsins, innri endurskoðun og áhættustjórnun, að því er varðar reikningsskil. Nefndin fundaði fimm sinnum árið 2023.

- Áhættunefnd: Meginhlutverk hennar snýr að áhættustjórnun, m.a. að meta áhættustefnu og áhættuvilja bankans ásamt því að hafa eftirlit með öllum skilgreindum áhættum bankans. Nefndin skal jafnframt þekkja áhættumöt og aðferðir til að stjórna áhættu bankans. Haldnir voru níu fundir árið 2023.

- Lánanefnd: Meginhlutverk lánanefndar er að fjalla um lánamál sem eru umfram þær heimildir sem undirnefndir hennar hafa. Lánanefnd fundaði sjö sinnum árið 2023.

- Starfskjaranefnd: Eitt meginhlutverk starfskjaranefndar stjórnar er að útbúa árlega starfskjarastefnu fyrir bankann. Nefndin er jafnframt ráðgefandi fyrir stjórn varðandi starfskjör bankastjóra, framkvæmdastjóra, regluvarðar og innri endurskoðanda, og fyrirkomulag á kaupaukakerfi bankans og öðrum starfstengdum greiðslum. Hluthafafundur yfirfer og samþykkir starfskjarastefnu bankans árlega. Nefndin fundaði fimm sinnum árið 2023.
- Tækninefnd: Meginhlutverk nefndarinnar er að vera stjórn og framkvæmdastjórn bankans til ráðgjafar um tækniþróun bankans. Tækninefnd skal einnig hafa eftirlitshlutverk sem lýtur að því að bankinn fylgi lögum og reglugerðum sem gilda um upplýsingatækni. Nefndin fundaði fjórum sinnum 2023.

Undirnefndir upplýsa stjórn reglulega um helstu störf sín og verkefni, m.a. munnlega á stjórnarfundum en auk þess hefur stjórn aðgang að öllum gögnum og fundargerðum undirnefnda.

Hér að neðan má sjá yfirlit yfir mætingu einstakra stjórnar- og nefndarmanna.

Stjórnarmaður	**Tímabil**	**Stjórn**	**Endur-skoðunarnefnd**	**Áhættu-nefnd**	**Lána-nefnd**	**Starfs-kjaranefnd**	**Tækni-nefnd**
		(13)	**(5)**	**(9)**	**(7)**	**(5)**	**(4)**
Brynjólfur Bjarnason	1. jan. - 31. des.	13	5	-	7	5	4
Paul Horner	1. jan. - 31. des.	13	5	9	7	-	4
Gunnar Sturluson	1. jan. - 31. des.	13	5	9	7	-	-
Kristín Pétursdóttir[1]	1. jan. - 31. des.	10		6		3	3
Liv Fiksdahl	1. jan. - 31. des.	13	5	-	-	5	4
Steinunn Kr. Þórðardóttir	1. jan. - 31. des.	12	-	9	-	5	4
Sigurbjörg Á. Jónsdóttir	1. jan. - 31. des.	-	-	-	-	-	-
Þröstur Ríkharðsson	1. jan. - 31. des.	-	-	-	-	-	-
Heimir Þorsteinsson[2]	1. jan. - 31. des.	-	5	-	-	-	-

1 Kristín Pétursdóttir var kjörin í stjórn Arion banka á aðalfundi bankans 15. mars 2023.
2 Heimir Þorsteinsson er löggildur endurskoðandi og er skipaður sem utanaðkomandi sérfræðingur í endurskoðunarnefnd stjórnar.

Stjórn Arion banka framkvæmir árlega árangursmat þar sem hún metur m.a. störf sín, samsetningu stjórnar m.t.t. reynslu og hæfni, verklag og starfshætti, frammistöðu bankastjóra, árangur sinn sem og störf undirnefnda m.t.t. framangreindra þátta. Þetta mat var síðast framkvæmt á tímabilinu október 2023 til desember 2023.

Stjórn Arion banka

- Brynjólfur Bjarnason
- Paul Horner
- Gunnar Sturluson
- Kristín Pétursdóttir
- Liv Fiksdahl
- Steinunn Kristín Þórðardóttir



Brynjólfur Bjarnason, formaður
Brynjólfur er fæddur árið 1946. Hann var fyrst kjörinn í stjórn Arion banka á hluthafafundi 20. nóvember 2014. Hann er ekki hluthafi í bankanum og er óháður stjórnarmaður. Brynjólfur er formaður stjórnar og á sæti í starfskjaranefnd, lánanefnd, endurskoðunarnefnd og tækninefnd stjórnar.

Brynjólfur útskrifaðist með MBA-gráðu frá University of Minnesota árið 1973. Hann útskrifaðist með cand.oecon.-gráðu í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands árið 1971.

Brynjólfur var framkvæmdastjóri Framtakssjóðs Íslands frá árinu 2012 til 2014. Á árunum 2002 til 2010 starfaði hann sem forstjóri fjarskiptafélagsins Símans/ Skipta. Hann starfaði sem forstjóri sjávarútvegsfélagsins Granda hf. frá 1984 til 2002. Frá 1976 til 1983 starfaði Brynjólfur sem framkvæmdastjóri AB bókaútgáfu. Brynjólfur var auk þess forstöðumaður hagdeildar Vinnuveitendasamband Íslands (í dag SA) á árunum 1973 til 1976. Brynjólfur hefur mikla reynslu af stjórnarsetu og hefur setið í fjölmörgum stjórnum sjávarútvegs-, fjarskipta-, fjármála- og iðnaðarfyrirtækja, sem og menningarstofnana og félagasamtaka og gegnt stjórnarformennsku í nokkrum þeirra.

Í dag situr Brynjólfur í stjórn fjárfestingafélagsins Marinvest ehf. og álframleiðslufélagsins ISAL hf. – Rio Tinto.

Paul Horner
Paul er fæddur árið 1962. Hann var fyrst kjörinn í stjórn Arion banka á hluthafafundi þann 8. ágúst 2019. Paul er ekki hluthafi í bankanum og er óháður stjórnarmaður. Paul er varaformaður stjórnar, formaður lánanefndar stjórnar og situr í áhættunefnd, endurskoðunarnefnd og tækninefnd stjórnar.

Paul útskrifaðist með meistaragráðu í tónlist frá University of Oxford árið 1983 og er útskrifaður frá UK Chartered Institute of Bankers. Paul býr að víðtækri alþjóðlegri reynslu af áhættustýringu og stjórnun á sviði viðskiptabanka-, fyrirtækjabanka-, einkabanka- og fjárfestingabankastarfsemi. Paul gegndi margvíslegum stjórnunar- og áhættustýringarstöðum hjá Barclays PLC á árunum 1988 til 2003. Árið 2003 hóf Paul störf hjá The Royal Bank of Scotland Group (RBS) þar sem hann sinnti störfum framkvæmdastjóra og öðrum yfirmannsstöðum hjá Royal Bank of Scotland PLC. Paul var jafnframt skipaður í ýmsar stjórnunarstöður m.a. á sviði áhættustýringar, allt til ársins 2019. Árin 2012 til 2017 var Paul framkvæmdastjóri áhættustýringar hjá Coutts & Co Ltd. og forstjóri Coutts & Co Ltd., í Zurich, frá 2016 til 2017. Árið 2018 var Paul framkvæmdastjóri áhættustýringar hjá Ulster Bank DAC, Dublin, og stjórnarmaður Coutts & Co Ltd., í Zurich, frá 2018 til 2021.

Í dag situr Paul í stjórn AIB Group P.L.C. og á sæti í endurskoðunarnefnd stjórnar AIB, rekstrarnefnd stjórnar og sinnir formennsku í áhættunefnd stjórnar. Einnig situr hann í stjórn LHV (UK) Ltd. og á sæti í endurskoðunar-, tilnefningarnefnd og starfskjaranefnd stjórnar, auk þess að sinna formennsku í áhættunefnd stjórnar LHV. Enn fremur situr Paul í stjórn breska dótturfélags The National Bank of Kuwait og er formaður áhættunefndar stjórnar og situr einnig í endurskoðunarnefnd stjórnar.

Gunnar Sturluson

Gunnar er fæddur árið 1967. Hann var fyrst kjörinn í stjórn Arion banka á hluthafafundi þann 8. ágúst 2019. Hann er ekki hluthafi í bankanum og er óháður stjórnarmaður. Gunnar situr í lánanefnd stjórnar, áhættunefnd stjórnar og er formaður endurskoðunarnefndar stjórnar.

Gunnar útskrifaðist með Cand.Jur gráðu frá lagadeild Háskóla Íslands árið 1992, útskrifaðist með LL.M gráðu frá Háskólanum í Amsterdam árið 1995 og hlaut málflutningsréttindi fyrir héraðsdómi árið 1993 og fyrir Hæstarétti Íslands árið 1999.

Gunnar hefur starfað hjá LOGOS lögmannsþjónustu síðan 1992 og starfar þar í dag sem meðeigandi, áður starfaði hann sem faglegur framkvæmdastjóri frá árunum 2001-2013. Gunnar er einnig forseti FEIF, alþjóðasamtaka Íslands-hestafélaga og hefur sinnt þeirri stöðu frá 2014 og situr í stjórn Sviðslistamiðstöðvar Íslands. Einnig situr hann í stjórn Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss. Gunnar hefur sinnt ýmsum stjórnarstörfum og var meðal annars stjórnarmaður í GAMMA hf. 2017-2019, stjórnarformaður Ríkisútvarpsins ohf. 2016-2017, var stjórnarmaður í gerðardómi Viðskiptaráðs Íslands, stjórnarformaður Íslenska dansflokksins 2013- 2016 og kjörinn í landskjörstjórn af Alþingi 2013- 2017. Þá sinnti Gunnar stundakennslu í samkeppnisrétti við lagadeild Háskóla Íslands 1995-2007.

Kristín Pétursdóttir

Kristín er fædd árið 1965. Hún var fyrst kjörin í stjórn Arion banka á aðalfundi 15. mars 2023. Hún er ekki hluthafi í bankanum og er óháður stjórnarmaður. Kristín situr í áhættunefnd stjórnar, starfskjaranefnd stjórnar og tækninefnd stjórnar.

Kristín útskrifaðist sem hagfræðingur frá Háskóla Íslands árið 1991 og MBA frá Norges Handelshöyskole árið 1993.

Kristín var annar stofnenda Auðar Capital og starfaði sem forstjóri þess fyrirtækis frá 2007 til 2013 og sem stjórnarformaður frá 2013-2017 (síðar Virðing hf.). Kristín var einnig stjórnarformaður Kviku banka á árunum 2018-2020, forstjóri Mentor hf. 2015-2017, framkvæmdarstjóri fjárstýringar Kaupþings banka 1997-2005 og aðstoðarforstjóri Singer & Friedlander 2005-2007. Kristín hefur setið í stjórnum Ölgerðarinnar, Tals, Yggdrasils, Singer & Friedlander, Viðskiptaráðs, Eyris Invest, Samtaka atvinnulífsins og Samtaka fjármálafyrirtækja. Kristín hefur einnig setið í fjárfestingaráðum framtakssjóðanna Eddu, Freyju og Auðar I.

Í dag er Kristín sjálfstætt starfandi stjórnenda ráðgjafi og situr í stjórnum Grid ehf. og Miðeindar ehf.

Liv Fiksdahl

Liv er fædd árið 1965. Hún var fyrst kjörin í stjórn Arion banka á aðalfundi 20. mars 2019. Hún er ekki hluthafi í bankanum og er óháður stjórnarmaður. Liv sinnir formennsku í starfskjaranefnd stjórnar og tækninefnd stjórnar. Hún situr einnig í endurskoðunarnefnd stjórnar.

Liv útskrifaðist með gráðu í fjármálum og stjórnun frá Trondheim Business School (í dag NTNU) árið 1986. Árið 2018 kláraði Liv Programs in Big Data-Strategic Decisions and Analysis, The Innovative Technology Leader and Design Thinking frá Stanford University og Advanced Management Program for Executives in Management, Innovation and Technology frá Massachusetts Institute of Technology (MIT).

Liv gegndi áður ýmsum stjórnarstöðum hjá DNB og var hluti af framkvæmdastjórn bankans í 10 ár, m.a. sem aðstoðarframkvæmdastjóri upplýsingatæknisviðs/ rekstrarsviðs (e. Group EVP, CIO/COO) og aðstoðarframkvæmdastjóri rekstarsviðs (Group EVP, COO and Operations). Liv hefur einnig víðtæka reynslu frá DNB og hefur gegnt ýmsum öðrum störfum innan bankans. Áður starfaði Liv m.a. sem viðskiptastjóri fyrirtækja hjá Danske Bank/Fokus Bank og Svenska Handelsbanken. Liv hefur setið í fjölmörgum stjórnum, m.a. hjá Scandinavian Airlines SAS AB, Intrum AB, BankAxept, Sparebankforeningen, Doorstep, FinAns Norge og í bæjarstjórn sveitarfélagsins Þrándheims.

Í dag er Liv aðstoðarframkvæmdastjóri innan fjármálaþjónustu hjá Capgemini Invent í Noregi og situr í stjórn hjá Posten Norge AS og Hexagon Purus ASA.

Steinunn Kristín Thórdardóttir

Steinunn er fædd árið 1972. Hún var fyrst kjörin í stjórn Arion banka á hluthafafundi 30. nóvember 2017. Steinunn er hluthafi í bankanum (hlutafjáreign hennar eru 12.000 hlutir) og er óháður stjórnarmaður. Steinunn sinnir formennsku í áhættunefnd stjórnar og situr í starfskjaranefnd stjórnar og tækninefnd stjórnar.

Steinunn er með meistaragráðu í alþjóðlegri stjórnun (MIM) frá Thunderbird, Arizona og BA gráðu í alþjóðaviðskiptum og stjórnmálafræði frá University of South Carolina.

Steinunn sat áður í ýmsum stjórnum í Evrópu og var í stjórn Bankasýslu ríkisins árið 2011. Steinunn starfaði áður sem framkvæmdastjóri hjá Beringer Finance í Noregi frá 2015 til 2017 og sem tímabundinn framkvæmdastjóri hjá Beringer Finance á Íslandi auk þess að gegna stöðu forstöðumanns alþjóðadeildar fyrirtækisins á sviði matvæla og sjávarfangs árið 2017. Þá stofnaði Steinunn ráðgjafafyrirtækið Akton AS og Acton Capital AS í Noregi og hefur unnið þar við fjárfestingar og ráðgjöf. Hún starfaði áður hjá Íslandsbanka (síðar Glitni), sem framkvæmdastjóri starfsemi bankans á Bretlandi og fyrir það leiddi hún alþjóðalánveitingar sem forstöðumaður bankans.

Í dag vinnur Steinunn með tæknifyrirtækjum í Noregi bæði sem fjárfestir og ráðgjafi hvað varðar stefnumótun. Hugbúnaðarfyrirtækin sem hún vinnur með eru alþjóðleg uppskölunar fyrirtæki, og þá er Steinunn stjórnarformaður Acton Capital AS. Hún er jafnframt stjórnarformaður Norsk-íslenska viðskiptaráðsins. Þá situr Steinunn í tilnefningarnefnd Símans og einnig í stjórn YES-EU AS og Alda hf. Enn fremur er hún leiðbeinandi ungra hæfileikaríkra kvenna og stofnandi Women Empower Women og er stjórnarformaður góðgerðarsamtaka í Noregi.

Varamenn í stjórn:
Sigurbjörg Ásta Jónsdóttir, lögfræðingur, og Þröstur Ríkharðsson, hæstaréttarlögmaður.[3]

Nánari upplýsingar um stjórnarmenn má finna á vefsíðu bankans.

Samskipti stjórnar og hluthafa

Meginvettvangur upplýsingagjafar og tillagna sem stjórn Arion banka leggur fyrir hluthafa er á löglega boðuðum hluthafafundi en samskipti milli stjórnar og hluthafa á milli funda fara að öðru leyti eftir skilvirku og aðgengilegu fyrirkomulagi. Allar upplýsingar sem skilgreinast sem viðkvæmar markaðsupplýsingar eru birtar í kauphallar-tilkynningum sem MAR tilkynningar. Bankinn skipuleggur jafnframt ársfjórðungslega fundi fyrir markaðsaðila þar sem bankastjóri, fjármálastjóri, aðalhagfræðingur og fulltrúar fjárfestatengsla kynna árshlutauppgjör bankans.

Benedikt Gíslason, bankastjóri
Benedikt er fæddur árið 1974. Hann tók við starfi bankastjóra Arion banka 1. júlí 2019.

Benedikt hóf störf hjá FBA (síðar Íslandsbanka) árið 1998, sinnti margvíslegum stjórnunarstörfum hjá Straumi-Burðarás, var framkvæmdastjóri markaðsviðskipta hjá FL Group og framkvæmdastjóri fjárfestingarbankasviðs MP banka. Benedikt starfaði um tíma sem ráðgjafi hjá Fjármála- og efnahagsráðuneytinu og var varaformaður starfshóps stjórnvalda um afnám fjármagnshafta á árunum 2013-2016. Hann sat í stjórn Kaupþings á árunum 2016-2018 og var ráðgjafi Kaupþings í málefnum Arion banka. Hann tók sæti í stjórn Arion banka í september 2018 og var í stjórn bankans þar til hann tók við starfi bankastjóra þann 1. júlí 2019.

Benedikt útskrifaðist með C.Sc. gráðu í vélaverkfræði frá Háskóla Íslands árið 1998.

[3] Þröstur Ríkharðsson sagði sig úr varastjórn bankans þegar hann hóf störf hjá Arion banka í júlí 2023.

Framkvæmdastjórn

Auk bankastjóra sitja eftirfarandi einstaklingar í framkvæmdastjórn Arion banka:

- Iða Brá Benediktsdóttir,
  aðstoðarbankastjóri og framkvæmdastjóri viðskiptabankasviðs
- Birna Hlín Káradóttir,
  framkvæmdastjóri reksturs og menningar
- Hákon Hrafn Gröndal, framkvæmdastjóri fyrirtækja- og fjárfestingarbankasviðs
- Jóhann Möller,
  framkvæmdastjóri markaða
- Ólafur Hrafn Höskuldsson,
  framkvæmdastjóri fjármálasviðs
- Steinunn Hlíf Sigurðardóttir,
  framkvæmdastjóri upplifunar viðskiptavina
- Björn Björnsson,
  framkvæmdastjóri upplýsingatæknisviðs
- Úlfar Freyr Stefánsson,
  framkvæmdastjóri áhættustýringar

Nánari upplýsingar um framkvæmdastjórn má finna á vefsíðu Arion banka.

Upplýsingar um brot á lögum og reglum og dómsmál

Arion banka hefur ekki verið synjað um skráningu, heimild, aðild eða leyfi til þess að stunda tiltekin viðskipti eða starfsemi. Bankinn hefur ekki sætt afturköllun, ógildingu eða uppsögn skráningar, heimildar, aðildar eða leyfis. Upplýsingar um helstu dómsmál tengd Arion banka er að finna í skýringum með ársreikningi samstæðu bankans.

Stjórn Arion banka uppfærir stjórnarháttayfirlýsingu bankans árlega.

Stjórnarháttaryfirlýsing Arion banka var yfirfarin og samþykkt af stjórn bankans á fundi hennar 7. febrúar 2024.

Flokkunarreglugerð Evrópusambandsins (EU Taxonomy)

Á árinu 2023 tók gildi sjálfbærnilöggjöf hér á landi sem gerir Arion banka og dótturfélögunum Stefni og Verði, skylt að birta upplýsingar í tengslum við flokkunarkerfi Evrópusambandsins (EU Taxonomy). Upplýsingar í samræmi við flokkunarreglugerðina eru birtar í fyrsta sinn í viðauka við ársreikning samstæðunnar 2023.

Þann 1. júní 2023 tóku gildi lög nr. 25/2023 um upplýsingagjöf um sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu og flokkunarkerfi fyrir sjálfbærar fjárfestingar. Lögin innleiddu í íslenskan rétt tvær reglugerðir Evrópusambandsins (ESB). Þar er um að ræða annars vegar reglugerð (ESB) 2019/2088 um upplýsingagjöf tengda sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu (SFDR) og hins vegar reglugerð (ESB) 2020/852 um að koma á ramma til að greiða fyrri sjálfbærri fjárfestingu og um breytingu á reglugerð (ESB) 2019/2088 (flokkunarreglugerð ESB eða flokkunarreglugerðin).

Með flokkunarreglugerð ESB, sem tók fyrst að hluta gildi í ríkjum ESB þann 12. júlí 2020 en tók gildi að öllu leyti þann 1. janúar 2023, er í einföldu máli komið á fót samræmdu evrópsku flokkunarkerfi með skilgreiningum á því hvað teljist umhverfislega sjálfbær atvinnustarfsemi.

Flokkunarreglugerðin hefur meðal annars það að markmiði að endurskipuleggja fjármagnsstreymi í átt að sjálfbærri fjárfestingu, að auka gagnsæi og samræmi í upplýsingagjöf fyrirtækja í tengslum við hvaða atvinnustarfsemi getur talist umhverfislega sjálfbær og að sporna við svokölluðum grænþvotti sem felst í því að fyrirtæki skilgreini og markaðssetji starfsemi sem sjálfbæra án þess að fullnægjandi forsendur liggi því til grundvallar.

Hæf starfsemi og umhverfislega sjálfbær

Atvinnustarfsemi er sögð vera hæf (e. eligible) ef hún er skilgreind í framseldum reglugerðum ESB, settum á grundvelli flokkunarreglugerðarinnar, um þau tæknilegu matsviðmið sem atvinnustarfsemi þarf að uppfylla til að teljast umhverfislega sjálfbær samkvæmt flokkunarkerfinu. Ef flokkunarkerfið nær yfir atvinnustarfsemi telst hún vera hæf. Hæfni gefur þó ekki til kynna hvort tiltekin starfsemi sé sjálfbær heldur einungis að til eru tæknileg matsviðmið fyrir starfsemina til að hægt sé að greina hana í samræmi við flokkunarkerfið.

Flokkunarreglugerðin setur fram sex umhverfis-markmið:

- Mildun loftslagsbreytinga
- Aðlögun að loftslagsbreytingum
- Sjálfbær notkun og verndun vatns og auðlinda sjávar
- Umskipti yfir í hringrásarhagkerfi
- Mengunarvarnir- og eftirlit
- Vernd og endurheimt líffræðilegrar fjölbreytni og vistkerfa

Fyrsta framselda reglugerð ESB, nr. 2021/2139 (framselda loftslagsreglugerðin) beinist að umhverfismarkmiðunum mildun loftslagsbreytinga og aðlögum að loftslagsbreytingum. Sú atvinnustarfsemi sem flokkunarkerfið nær nú yfir er starfsemi sem er mikilvæg til að draga úr útblæstri gróðurhúsa-lofttegunda og bæta viðnámsþol vegna þeirra. Þannig er t.d. framleiðsla, byggingar, orka og flutningar hæf starfsemi samkvæmt reglugerðinni. Með tímanum mun flokkunarkerfið ná yfir fleiri atvinnustarfsemi og hin fjögur umhverfismarkmiðin. Framseld reglugerð (ESB) 2023/2486 um þessi hin fjögur umhverfismarkmið tók gildi innan ESB í desember og bíður innleiðingar hér á landi.

Til þess að atvinnustarfsemi geti talist vera umhverfislega sjálfbær (e. aligned) verður hún að falla undir eitt af sex umhverfismarkmiðum reglu-gerðarinnar, en má á sama tíma ekki skaða önnur markmið hennar. Þetta er til þess að komast hjá því að atvinnustarfsemi geti talist umhverfislega sjálfbær ef hún veldur síðan umhverfinu svo miklum skaða að það vegur þyngra en framlag starfseminnar til umhverfismarkmiðs. Að auki þarf starfsemin að vera stunduð í samræmi við lágmarksverndarráðstafanir (e. minimum safeguards) sem snúa m.a. að mannréttindum og uppfylla tæknilegu matsviðmiðin (e. technical screening criteria).

Skýrslugjöf 2023 í tengslum við flokkunarkerfið

Frá og með janúar 2022 hefur fyrirtækjum á markaði innan ESB verið skylt að birta í ársreikningum sínum upplýsingar um hæfar eignir. Ári síðar var upplýsingaskyldan útvíkkuð þannig að fyrirtækjum, öðrum en fjármálafyrirtækjum, varð skylt að birta lykilárangursmælikvarða í samræmi við reglugerðina í heild sinni. Frá og með janúar 2024 hefur fjármálafyrirtækjum, bæði á Íslandi og innan ESB, verið skylt að birta upplýsingar um umhverfislega sjálfbærar eignir. Fjármálafyrirtæki þurfa gögn mótaðila sinna til að birta sína eigin lykilárangurs-mælikvarða um bæði hæfa og umhverfislega sjálfbæra starfsemi, sem skýrir þessa eins árs seinkunn á birtingu lykilárangursmælikvarða fyrir fjármálafyrirtæki. Á Íslandi tók reglugerðin gildi fyrst á árinu 2023 sem þýðir að íslensk fyrirtæki birta upplýsingar í samræmi við flokkunarkerfið í fyrsta sinn á árinu 2024, ólíkt öðrum fyrirtækjum innan ESB sem hafa gert það síðan í ársreikningi fyrir reikningsárið 2021.

Flokkunarkerfið er enn í mikilli þróun og með tímanum mun bæði umfang upplýsingagjafar aukast og fyrirtæki munu ná betri tökum á upplýsingagjöf í samræmi við flokkunarreglugerðina. Horft var að einhverju leyti til flokkunarkerfisins þegar græn fjármálaumgjörð bankans var mótuð árið 2021. Smá saman verður það tekið meira inn í reikninginn, meðal annars í sjálfbærri fjármálaumgjörð sem áætlað er að birta á árinu 2024 og í vöruframboði bankans. Um langhlaup er að ræða og innleiðingu á regluverkinu hvergi nærri lokið.

Eignir innan umfangs lykilárangursmælikvarða

Hlutfall grænna eigna (e. green asset ratio, GAR) er lykilárangursmælikvarði fjármálafyrirtækja. Mælikvarðinn sýnir hlutfall af eignum fjármálafyrirtækis sem fjármagna atvinnustarfsemi sem fellur að flokkunarkerfinu, þ.e. eignir sem teljast umhverfislega sjálfbærar, sem hlutfall af heildarumfangi eigna í samræmi við framselda reglugerð (ESB) 2021/2178.

Áhættuskuldbindingar vegna ríkisstjórna, seðlabanka og yfirþjóðlegra útgefenda eru undanskildar úr teljara og nefnara hlutfalls grænna eigna.

Upplýsingar samstæðunnar í tengslum við flokkunarkerfið eru birtar á grundvelli varfærniskrafna vegna samstæðu sem ákvarðað er í samræmi við 2. þátt í 2. kafla II. bálks reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.

Ársreikningaskrá tilkynnti þann 18. janúar 2024 á vefsíðu sinni takmarkaða undanþágu frá birtingu upplýsinga í viðeigandi sniðmátum fjármálafyrirtækja að því marki að ekki eru til staðar viðeigandi og/eða áreiðanlegar upplýsingar. Þar sem lítil sem engin reynsla er komin á Íslandi í upplýsingagjöf í tengslum við flokkunarkerfið og gögn sem þarf til útreikninga á lykilárangursmælikvörðum aðeins tiltæk að litlum hluta, þá birtir bankinn samþjappaða útgáfu af sniðmátum 1 og 2 úr Viðauka VI. við framselda reglugerð (ESB) 2021/2178 (e. Disclosure Delegated Act) og er öðrum töflum úr þeim viðauka sleppt vegna skorts á gögnum. Í Áhættuskýrslu bankans (Pillar 3) má finna frekara niðurbrot á eignum samstæðunnar í samræmi við flokkunarreglugerðina.

	2023				
Eignir	**Heildarvirði**	**Hlutfall af heildar- umfangi eigna, %**	**Hæfar eignir (sem flokkunar-kerfið nær yfir)**	**Hlutfall hæfra eigna af hei-ldarumfangi eigna, %**	**Umhverfissjálf-bærar eignir (falla að flokkunarker-finu)***
Umfang eigna í bæði nefnara og teljara					
Lán og fyrirgreiðslur, skuldagerningar og hlutabréfagerningar sem ekki eru ætluð til veltuviðskipta, en eru hæf fyrir útreikning á hlutfalli grænna eigna	**768.919**	**57,5**	**557.344**	**42**	
Fjármálafyrirtæki	**57.379**	**4,3**			
þar af lánastofnanir	1.387				
þar af önnur fjármálafyrirtæki	55.992				
Fyrirtæki önnur en fjármálafyrirtæki sem falla undir birtingarskyldur sam-kvæmt tilskipuninni um birtingu ófjárhagslegra upplýsinga	**91.704**	**6,9**			
Heimili	**609.144**	**45,6**	**557.344**	**41,7**	
þar af lán tryggð með veði í íbúðarhúsnæði	552.587		552.587	41,3	
þar af lán til endurnýjunar bygginga	0		0	0,0	
þar af lán vegna kaupa á vélknúnu ökutæki**	4.757		4.757	0,4	
Fjármögnun sveitarfélaga	**10.692**	**0,8**			
Fjármögnun húsnæðis	0				
Önnur fjármögnun sveitarfélaga	10.692				
Trygging sem fengin er með yfirtöku á: íbúðarhúsnæði og atvinnuhúsnæði	25	0,0	25	0,0	
Heildar GAR eignir	**768.944**	**57,5**	**557.369**	**41,7**	
Aðrar eignir sem undanskildar eru úr teljara fyrir útreikning á hlutfalli grænna eigna (sem falla undir nefnarann)					
Lítil og meðalstór fyrirtæki og fyrirtæki, önnur en fjármálafyrirtæki (önnur en lítil og meðalstór fyrirtæki) sem falla ekki undir birtingarskyldur samkvæmt tilskipuninni um birtingu ófjárhagslegra upplýsinga	364.088				
Mótaðilar utan Sambandsins sem falla ekki undir birtingarskyldur samkvæmt tilskipuninni um birtingu ófjárhagslegra upplýsinga	38.088				
Afleiður	2.063				
Millibankalán, til greiðslu þegar krafist er	28.623				
Reiðufé og reiðufjártengdar eignir	102.095				
Aðrar eignir (þ.e. viðskiptavild, hrávörur o.s.frv.)	33.125				
Heildarumfang eigna (e. total covered assets)	**1.337.025**				
Aðrar eignir sem ekki falla undir útreikning á hlutfalli grænna eigna					
Ríki	128.178				
Áhættuskuldbinding seðlabanka	0				
Veltubók	40.179				
Heildareignir	**1.505.383**				
Áhættuskuldbindingar utan efnahagsreiknings - Fyrirtæki sem falla undir birtingarskyldur samkvæmt tilskipuninni um birtingu ófjárhagslegra upplýsinga					
Fjárhagslegar tryggingar	**8.692**				
Eignir í stýringu	**453.655**		**2.994**		**140**
þar af skuldagerningar	251.436		0		0
þar af hlutabréfagerningar	202.219		2.994		140

* á grundvelli lykilárangursmælikvarða veltu fyrir mótaðila

** bílalán veitt eftir 1. júní 2023

Fyrirtæki innan gildissviðs

Á Íslandi eru um 300 fyrirtæki sem falla innan gildissviðs flokkunarreglugerðarinnar og er þeim gert að innleiða flokkunarkerfi ESB og veita upplýsingar um flokkunarkerfið í ársreikningi ársins 2023. Þetta eru félög sem er skylt að birta ófjárhagslegar upplýsingar, sbr. 66. gr. d laga nr. 3/2006, um ársreikninga, þ.e. stór félög, móðurfélög stórra samstæðna og einingar tengdar almannahagsmunum, oft kölluð NFRD[1] -félög.

Listi yfir íslensk fyrirtæki sem falla undir þessar skyldur um skýrslugjöf var fenginn frá greiningaraðila sem heldur utan um upplýsingar sem þessar. Í lok árs 2023 var fyrirgreiðsla bankans til NFRD-félaga um 11% af heildarumfangi eigna innan flokkunarkerfisins. Á Íslandi eru langflest fyrirtæki skilgreind lítil eða meðalstór og enn sem komið er ber slíkum fyrirtækjum ekki skylda til að birta upplýsingar í tengslum við flokkunarkerfið.

[1] NFRD stendur fyrir Non-Financial Reporting Directive

Fyrirgreiðsla bankans til lítilla eða meðalstórra fyrirtækja var í lok árs 2023 um 27% af heildarumfangi eigna innan flokkunarkerfisins.

Innleiðing á Íslandi og skortur á nauðsynlegum gögnum
Ákvæði 8. gr. flokkunarreglugerðarinnar varðar upplýsingar sem fyrirtæki skulu birta í tengslum við flokkunarkerfið og eru þau ákvæði nánar útfærð í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2178. Þar er ítarlega greint frá aðferðafræði, efni og uppsetningu á upplýsingagjöfinni ásamt tímalínu gildistöku og framkvæmdar á reglugerðinni fyrir fjármálafyrirtæki og önnur fyrirtæki.

Framkvæmd reglugerðarinnar er sett fram á þann hátt að innleiðing fyrirtækja á upplýsingagjöf í tengslum við flokkunarkerfið gerist í skrefum yfir nokkurra ára tímabil. Flokkunarreglugerðin tók gildi innan ESB 12. júlí 2020 og miðar framkvæmd reglugerðarinnar við þá gildistöku. Á Íslandi tók reglugerðin aftur á móti gildi 1. júní 2023 og þeim fyrirtækjum sem er skylt að birta upplýsingar í tengslum við flokkunarkerfi ESB birta þær í fyrsta sinn árið 2024, þ.e. fyrir ársreikning ársins 2023. Fyrirtæki sem starfa innan ESB hafa því birt upplýsingar í ársreikningi síðan 2021 og er fyrirkomulag innleiðingarinnar þar af leiðandi ólíkt því sem gerist hér á landi.

Reglugerðin kveður á um að fjármálafyrirtæki eigi að nota gögn og lykilárangursmælikvarða mótaðila sinna til að reikna eigin árangursmælikvarða. Mótaðilar bankans, sem falla undir gildissvið laganna, eru líkt og bankinn að veita upplýsingar um flokkunarkerfið í fyrsta sinn árið 2024 í reikningsskilum sínum fyrir árið 2023. Þetta þýðir að þau gögn sem þarf til að greina hlutfall eigna sem flokkunarkerfið nær yfir, og að hve miklu leyti þær teljast umhverfislega sjálfbærar, liggja ekki enn fyrir .

Lán til heimila

Í flokkunarreglugerðinni er lánum til heimila skipt upp í lán með veði í íbúðarhúsnæði, lán vegna endurnýjunar á húsnæði og bílalán. Þessir lánaflokkar ná yfir 41,7% af heildarumfangi eigna samkvæmt skilgreiningum reglugerðarinnar. Útlán til einstaklinga eru því meginþorri eigna sem teljast vera hæfar samkvæmt flokkunarreglugerðinni í dag.

Lánin þurfa að standast ströng tæknileg matsviðmið til að teljast umhverfislega sjálfbær. Til að meta hvort skilyrðin séu uppfyllt þarf að hafa ákveðin gögn til hliðsjónar en raunin er sú að skortur á gögnum sbr. umfjöllun hér fyrir ofan kemur í veg fyrir að það sé hægt hér á landi.

Íbúðalán einstaklinga
Lán vegna íbúðarhúsnæðis og endurnýjunar á húsnæði eru skilgreind í framseldu loftslagsreglugerðinni og teljast því þeir lánaflokkar að öllu leyti hæfir.

Til að standast þær kröfur sem gerðar eru til þess að íbúðarlán teljist umhverfislega sjálfbær þurfa upplýsingar um orkunýtingu húsnæðisins sem lánað er fyrir, að vera til staðar. Á Íslandi er ekki krafa í byggingarreglugerð um að gögn um orkunýtni bygginga séu aðgengileg eins og er víðs vegar annars staðar í Evrópu.

Verið er að vinna að gerð samræmdrar aðferðafræði við útreikninga á orkunýtni húsnæðis og útgáfu viðmiða fyrir orkuflokka bygginga fyrir íslenskar aðstæður. Í aðgerðaráætlun verkefnisins Byggjum grænni framtíð, sem er samstarfsverkefni stjórnvalda og hagaðila byggingariðnaðarins um vistvænni mannvirkjagerð er miðað við að niðurstöður fáist fyrir lok árs 2024. Samkvæmt aðgerðaráætluninni ætti krafa um orkunýtni nýbygginga að vera komin í íslenska byggingar-reglugerð árið 2028.

Þar sem gögn um orkunýtni húsnæðis á Íslandi eru ekki aðgengileg er ekki hægt að ákvarða hvort lán til heimila veðtryggð með íbúðarhúsnæði teljist umhverfislega sjálfbær samkvæmt skilgreiningum flokkunarkerfis ESB.

Neyslulán vegna bifreiðakaupa
Lán veðtryggð með bifreið geta talist stuðla verulega að aðlögun að loftslagsbreytingum ef skilyrðin sem sett eru fram í framseldu loftslagsreglugerðinni eru uppfyllt.

Aðeins þau bílalán sem veitt voru eftir 1. júní 2023, þ.e. eftir innleiðingardag reglugerðarinnar, teljast hæf.

Til að bílalán geti talist umhverfislega sjálfbær má það ekki hafa verulega neikvæð áhrif á önnur umhverfismarkmið. Svo hægt sé að meta það fyrir ökutæki þarf m.a. upplýsingar um CO_2 losun ökutækis, endurnotkunar-, endurvinnslu- og endurheimtarhlutföll ökutækis, ytri snúningshávaða og veltiviðnámsstuðul dekkja.

Bankinn hefur ekki gögn um dekk á ökutækjum lántakenda sinna, sem kemur í veg fyrir að hægt sé að ákvarða hvort bílalán teljist vera umhverfislega sjálfbært .

Áhættuskuldbindingar utan efnahagsreiknings

Eignir í stýringu

Íslensk félög sem falla undir gildissvið flokkunarreglugerðarinnar munu birta fyrstu tölur um hlutfall umhverfislega sjálfbærrar veltu og fjárfestingargjalda þeirra á árinu 2024 í ársreikningum sínum fyrir árið 2023. Því reynist ómögulegt fyrir eignastýringu Arion banka og Stefnis að reikna hlutfall umhverfislega sjálfbærar veltu og fjárfestingargjalda fyrir eignir þeirra í innlendum hluta- og skuldabréfum ásamt innlendum sérhæfðum fjárfestingum.

Einnig hefur enginn erlendur hlutabréfasjóður, eða erlendur sérhæfður fjárfestingarsjóður í eignasöfnum viðskiptavina Arion banka eða sjóðum Stefnis birt hæfi eða hlutfall umhverfislega sjálfbærra eigna þeirra. Skýrslugjöf í samræmi við flokkunarreglugerðina frá fjárfestingarsjóðunum er væntanleg í ársreikningum þeirra fyrir árið 2023.

Þar sem innleiðing flokkunarreglugerðarinnar hófst fyrr hjá fyrirtækjum innan ESB, þá hafa fyrirtæki þar sem falla undir reglugerðina, þegar greint frá mótvægi við og aðlögun að loftslagsbreytingum. Því er hægt meta hæfi og hlutfall umhverfislega sjálfbærrar veltu og fjárfestingagjalda fyrir ákveðnar fjárfestingar í stökum erlendum eignum. Þetta er aftur á móti smávægilegur hluti heildareigna í stýringu hjá Arion og Stefni en aðeins um 4% eigna í stýringu eru í stökum erlendum hlutabréfum. Gögn um hæfar og umhverfissjálfbærar eignir voru sótt í gagnaveitu Bloomberg.

Ríkisskuldabréf falla ekki undir reglugerðina og því er ekki gerð krafa um birtingu í tengslum við þau.

Af ofangreindum ástæðum er birting lykiláranguramælikvarða fyrir eignir í stýringu hjá Arion banka og Stefni takmörkuð fyrir árið 2023.

Lykiláranguramælikvarðar fyrir eignir í stýringu

	Heildarvirði	Heildarvirði*	Hæfar eignir (sem flokkunarkerfið nær yfir)	Umhverfissjálfbærar eignir (falla að flokkunarkerfinu)**	Umhverfissjálfbærar eignir (falla að flokkunarkerfinu)***
Eignir í stýringu	**1.173.103**	**453.655**	**2.994**	**191**	**140**
þar af skuldagerningar	667.711	251.436	0	0	0
þar af hlutabréfagerningar	505.392	202.219	2.994	191	140

* Fyrirtæki sem falla undir birtingarskyldur samkvæmt tilskipuninni um birtingu ófjárhagslegra upplýsinga
** á grundvelli lykiláranguramælikvarða fjárfestingargjalda fyrir mótaðila
*** á grundvelli lykiláranguramælikvarða veltu fyrir mótaðila

Arion banki
Borgartún 19
105 Reykjavík
Ísland
kt.: 581008-0150